

**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um kvótalög og þjóðareign. 19



**MENNING** Listahátíðin leitast við að vera fjölbreytt og spennandi fyrir alla. 28



**LÍFIÐ** Fjöldi listamanna hefur flust búferlum til Hveragerðis að undanförnu. 34



**SPORT** Patrekur Jóhannesson náði loks að landa Íslandsmeistaratitlinum. 56







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
14. maí 2015
112. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**FRÉTTIR**



### Ræða sameiningu

Fimm framhaldsskólar á Norðurlandi ræddu mögulegar sameiningar við fulltrúa menntamálaráðuneytisins í gær. Fyrrverandi menntamálaráðherra segir samráð skorta og að umræða um sameiningu skóla sé stefnubreyting í menntamálum. 2

**Vilja aðgát** Norræna ráðherranefndin gaf út sameiginlega yfirlýsingu um ólögleg viðskipti með menningarminjar frá Írak og Sýrlandi. 6



**Vilja breyta reglunni** Evrópusambandið hyggst láta endurskoða Dyflinnarákvæðið, deila hælisleitendum niður á aðildarlöndin með kvótakerfi og beita hervaldi á smyglara í Líbíu og víðar sem senda fólk ólöglega yfir Miðjarðarhafið. 10

**Minnið batnar við æfingar** Regluleg líkamsrækt eykur líkamlega vellíðan og andlega færni sjúklinga með Alzheimer á byrjunarstigi samkvæmt niðurstöðum nýrrar danskrar rannsóknar. 12




18

**3 SÉRBLÖÐ**

Skólar & námskeið | Fólk






**ALLIR BJÖRGUÐUST** Mannbjörg varð þegar bátur strandaði við Hópsnes skammt frá innsiglingu við höfnina í Grindavík. Fjórir menn voru um borð en náðu að ganga frá borði upp í fjöru. Erfiðar aðstæður voru á strandstað og skipið þegar byrjað að brotna niður. Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út sem og björgunarsveitir á Suðurnesjum og björgunarskip Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Sjá síðu 2

MYND/HARALDUR BJÖRN BJÖRNSSON

# Segir presta ekki hafa frelsi til fordóma

Nokkrir þjóðkirkjuprestar og kirkjuþing unga fólksins vilja að biskup beiti sér fyrir afnámi umdeildrar reglu sem heimilar prestum að neita samkynhneigðum pörum um giftingu. Biskup neitar að tjá sig.

**KIRKJAN** „Þetta er dónaskapur við fólk og mannréttindi þess. Þetta er í raun eins og ef prestar hefðu frelsi til að neita því að gifta hörundsdökka eða fólk sem er af erlendu bergi brotið,“ segir Hildur Eir Bolladóttir, prestur í Akureyrarkirkju.

Hildur Eir skorar á Agnesi M. Sigurðardóttur, biskup Íslands, og yfirstjórn Þjóðkirkjunnar að samþykkja ályktun Kirkjuþings unga fólksins frá því á laugardag um afnám reglu um samviskufrelsi presta sem heimilar prestum Þjóðkirkjunnar að neita samkynja pörum um hjónavígslu á grundvelli eigin samvisku.

Hildur Eir segir regluna ekki ganga upp og að hana skuli afnema.

„Mér hefur aldrei fundist þetta ganga upp […] Þjónusta okkar prestanna við náungann getur ekki verið háð fordómum okkar. Þetta er í raun fordómafrelsi frekar en samviskufrelsi. Það er ekki hægt að gefa prestum rými til að þjóna út frá fordómum sínum,“ bætir Hildur Eir við.

Kristín Þórunn Tómasdóttir, prestur í Laugarneskirkju, er á sama máli. Hún segir slíka reglu vera úr takti við tímann og úr takti við hlutverk presta sem þjóna fólksins.

„Ég held að það eigi að vera á hreinu að prestur í þjónustu Þjóðkirkjunnar eigi ekki undir neinum kringumstæðum að neita fólki um þjónustu, hvort sem það er hjónavígsla, skírn, ferming eða jarðarför,“ segir Kristín.

Kristín bætir því við að hún vilji að biskup gefi tillögu Kirkjuþings unga fólksins gaum. Hún segir það vera besta mál að fá aftur umræðu um regluna.

Agnes M. Sigurðardóttir biskup hefur ekki viljað tjá sig um málið að svo stöddu. Árið 2012 sagði Agnes að hún teldi málið ekki lengur vandamál en þeir örfáu prestar sem ekki vildu gefa saman samkynhneigða hefðu fullt leyfi til þess. Ályktunin um afnám reglunnar verður lögð fyrir kirkjuráð þjóðkirkjunnar og verður líklega tekin fyrir í júní. Í kirkjuráði situr biskup auk fjögurra annarra. **- þea / sjá síðu 6**



**Þjónusta okkar prestanna við náungann getur ekki verið háð fordómum okkar. Þetta er í raun fordómafrelsi frekar en samviskufrelsi. Það er ekki hægt að gefa prestum rými til að þjóna út frá fordómum sínum.**

*Hildur Eir Bolladóttir, prestur í Akureyrarkirkju.*






Bændur í frumframleiðslu hafa mjög takmarkaða möguleika til að bjarga sér:

# Þolmörkum náð vegna tekjutaps

**KJARAMÁL** Svínabú eru sum hver komin að þolmörkum vegna tekjutaps sem þau verða fyrir í verkfalli dýralækna. Guðný Tómasdóttir, bóndi á Ormsstöðum í Grímsnesi þar sem hún býr með fjölskyldu sinni, segir orðið dagaspursmál hvað reksturinn þoli. Standa þurfi undir rekstrargjöldum, en tekjurnar séu engar.

Hörður Harðarson, formaður Félags svínabænda, segir ljóst að staðan sé orðin mjög slæm hjá svínabændum. „En það kann að vera eitthvað mismunandi eftir því hvernig uppbyggingin er í kringum viðkomandi bú.“ Bú með fjölþætta starfsemi hafi kannski meiri sveigjanleika í tekjuöflun og útgjaldadreifingu. „En þeir sem eru eingöngu í frumframleiðslu hafa mjög takmarkaða möguleika,“ segir hann. Hörður árétter að neyðarástand sé að skapast hjá svínabændum, þótt allir geri sitt til að þrauka. „Afleiðingarnar geta líka varað lengi og verið lengi að koma fram. Þó að menn nái að draga andann í einhvern smátíma getur verið að súrefnið verði allt búið eftir einhvern X tíma.“ **- óká / sjá síðu 4**







**VEÐUR**




Suðaustankaldi og súld eða rigning sunnan og vestan til í dag, uppstigningardag, og hiti víða 5 til 10 stig. Þurrt norðaustanlands og jafnvel sólarglennur, en hiti getur náð allt að 15 stigum.

SJÁ SÍÐU 42

Línubáturinn Gottlieb GK39 missti vélarafl um hádegisbil í gær og strandaði við Hópnes:

# Mannbjörg varð þegar línubátur strandaði

**SLYS** Mannbjörg varð þegar bátnum Gottlieb GK39 strandaði við Hópsnes skammt frá innsiglingunni í höfnina í Grindavík. Fjórir menn voru um borð í bátnum. Bátsverjar gengu frá borði og upp í fjöru þegar báturinn hafði strandað.

Erfiðar aðstæður eru á strandstað og samkvæmt upplýsingum frá útgerðarfélaginu Nesfiski, sem gerir út línubátinn, gæti orðið mjög erfitt að ná skipinu af strandstað. Skipið er nú þegar byrjað að brotna niður og göt komin á skrokk þess. Því gæti farið svo að skipið eyðilegðist í fjöruborðinu.

Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar barst neyðarkall frá vélarvana bátnum um hádegisbil í gær. Þegar í stað var þyrla Landhelgisgæslunnar kölluð út sem og björgunarsveitir á Suðurnesjum og björgunarskip Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Það tók bátinn skamma stund að reka í land en strekkingsvindur var á svæðinu og aðstæður erfiðar. Nærstaddir bátar komust ekki í tæka tíð til að ná að taka bátinn í tog. Sjómenn á bátnum Gulltoppi náðu þó að koma stuttum spotta í skipið en hann slitnaði. Ekki var nægur tími til að koma annarri taug í skipið. Það tók Gulltopp í kringum tíu mínútur að ná til mannanna.

Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti sjómennina í fjöruna og flutti þá til Grindavíkur. **- sa**



**FRÁ STRANDSTAÐ** Útgerðarmenn óttast að skipið brotni niður í fjörunni; þung alda skelli á skrokk bátsins og lemji því utan í fjöruna. MYND/HARALDUR BJÖRN BJÖRNSSON




**SORG** Margir minntust látinna ástvina í Tyrklandi í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Minntust þeirra sem létust í námuslysi í Soma fyrir ári:

## Ár liðið frá námusprengingunni

**TYRKLAND** Í gær var þess minnst í Tyrklandi að ár er liðið frá hörmulegu námuslysi í Soma-námunni en 301 lést í námusprengingunni. Meðal annars lést barnabarn þessarar áttatíu ára gömlu konu sem minntist barnabarnsins í athöfninni í gær. **- vh**

Gagnrýni atvinnurekenda:

## Segja verðkönnun ASÍ ranga

**VERSLUN** Samtök atvinnurekenda segja könnun verðlagseftirlits ASÍ gefa skakka mynd af verðlækkunum vegna niðurfellingar vörugjalda. Á fimmtudag birti ASÍ niðurstöðu könnunar á verðlækkunum heimilistækja.

Þar er því haldið fram að lækkanir á slíkum tækjum séu mun minni en gera hafi mátt ráð fyrir. SA segja raftækjaverslanir margar hafa lækkað verðið í september í samræmi við fyrirhugaða niðurfellingu vörugjalda og þar sem fyrri könnun ASÍ var gerð í október og því ljóst að hið upprunalega verð, þ.e. verð fyrir lækkun, kom ekki til skoðunar hjá ASÍ. **- kbg**

Útskrifast ekki á sama tíma:

## Svindluðu í stúdentsprófi

**MENNTUNARMÁL** Níu nemendur í útskriftarárgangi Menntaskólans við Sund voru staðnir að svindli í stúdentsprófi í þýsku á dögunum. Fallist þeir á tilboð skólastjóra mun málið ekki tefja þá í námi. Þeir munu þó ekki taka við skírteinum sínum ásamt samnemendum sínum þegar húfurnar fara á loft um mánaðamótin.

Nemendur máttu mæta með orðabók í umrætt próf en svindlið fólst í því að gögn voru falin í orðabókinni. Var nemendum vikið úr prófinu, prófgögn gerð upptæk og þau send á fund skólastjóra. Þau fá sjálfkrafa núll í prófinu. **- ktd, vh**

# Hófu umræðu um sameiningu skóla

Fimm framhaldsskólar á Norðausturlandi ræddu mögulegar sameiningar við fulltrúa menntamálaráðuneytisins í gær. Fyrrverandi menntamálaráðherra segir samráð skorta og að umræða um sameiningu skóla sé stefnubreyting í menntamálum.

**MENNTUN** „Við vorum að ræða hvernig megi efla skólastarfið á Norðausturlandi. Þetta var góður og gagnlegur fundur," sagði Þórunn Jóna Hauksdóttir, sérfræðingur á skrifstofu menntamála innan menntamálaráðuneytisins.

Fulltrúar menntamálaráðuneytisins funduðu með skólameisturum Menntaskólans á Tröllaskaga, Menntaskólans á Akureyri og Framhaldsskólans á Húsavík annars vegar og skólameisturum Verkmenntaskólans á Akureyri og Framhaldsskólans að Laugum hins vegar um aukið samstarf og hugsanlega sameiningu skólanna.

Hún segir að hugmyndir um aukið samstarf séu bara á umræðustigi. Fjárlög 2014 og 2015 gera ráð fyrir auknu samstarfi framhaldsskóla en það var upphafið að umræðunni.

„Þetta er heildarumræða með skólunum fimm um hvernig við getum eflt nám og stoðþjónustu skólanna. Við munum halda áfram samtali við þessa skóla um framhaldið," segir hún.

„Við ræddum hvernig mætti ná fram hagkvæmni í fjárhag, rekstri og námsframboði," sagði Lára Stefánsdóttir, skólameistari Menntaskólans á Tröllaskaga.

„Við förum yfir þá þætti sem ráðuneytið gæti fengið út úr auknu samstarfi eða sameiningu skólanna og það verður í kjölfarið unnin fýsileikaskýrsla líkt og í tilfelli Iðnskólans í Hafnarfirði. Síðan getum við búið við niðurstöðu í haust," sagði Lára.

Katrín Jakobsdóttir, fyrrverandi menntamálaráðherra, segir að áætlanir um sameiningu framhaldsskóla hafi ekki verið á borðinu í hennar tíð og gagnrýnir samráðsleysi ráðherra.



**GÆTI KOMIÐ TIL SAMEININGAR** Menntaskólinn á Akureyri er einn þeirra sem gætu sameinast öðrum. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN J. KRISTJÁNSSON



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**



**ÞÓRUNN JÓNA HAUKSDÓTTIR**

„Þetta er auðvitað mjög viðkvæmt mál og við á þinginu höfum ekkert fengið að vita um þetta. Ég lagði fram fyrirspurn til ráðherra um sameiningu framhaldsskóla fyrir mánuði en hef ekki fengið neinn svör. Við vitum ekki hver rökin fyrir því eru né hvaða skóla eigi að sameina," segir hún.

„Mig grunar að með þessu sé ráðherrann að draga úr sveigjanleika skólakerfisins. Hættan er sú að smærri skólar verði einhvers konar undirdeildir og það dragi úr þrótti smærri samfélaga," segir Katrín. „Ráðherra ber ekki skylda til að ræða þetta mál á þinginu en hugmyndir um slíkar sameiningar eru ekkert nema stefnubreyting í menntamálum. Mál af slíkum toga á erindi inn á þingið."

Í gær gaf menntamálaráðuneytið út yfirlýsingu þess efnis að orðrómur um að menntamálaráðherra hafi hug á að sameina Menntaskólann á Ísafirði og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra sé ekki á rökum reistur.

Ekki náðist í Illuga Gunnarsson menntamálaráðherra við vinnslu fréttarinnar.

stefanrafn@frettabladid.is




Dæmdur fyrir að brjóta kynferðislega gegn tveimur drengjum og konu:

# Staðfestu tíu ára fangelsisdóm

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest tíu ára fangelsisdóm yfir Jóhannesi Óla Ragnarssyni, 33 ára karlmanni, fyrir frelsissviptingu, sifskaparbrot og kynferðisbrot gegn tveimur drengjum og kynferðisbrot gegn þroskahamlaðri konu. Dómur var kveðinn upp í dag en Hæstiréttur staðfestir þar með dóm Héraðsdóms Norðurlands eystri frá því í desember.

Í dómnum segir að Jóhannes Óli hafi nýtt sér andlega fötlun konunnar og neytt hana til munnmaka.

Maðurinn hafði setið í gæsluvarðhaldi frá því um miðjan ágúst þegar hann var handtekinn grunaður um að hafa brotið gegn drengjunum tveimur.

Í greinargerðum lögreglu sem fylgdu endurteknum kröfum um gæsluvarðhald yfir manninum kom fram að manninum væri gefið að sök að hafa tælt tvo drengi inn í íbúð sína. Braut hann á þeim kynferðislega. **- ktd, vh**



**ALVARLEG BROT** Jóhannes Óli var dæmdur fyrir frelsissviptingu, sifskapar- og kynferðisbrot gegn tveimur ungum drengjum og kynferðisbrot gegn þroskahamlaðri konu.

HÚSASMIÐJAN blómaval



# BLÓMLEGUR SÆLUREITUR

## Opið í dag* — hjá okkur færðu allt fyrir garðinn, sólpallinn og sumarið

KJARA KLÚBBUR

**Rafmagnsklippur GT4550**
450W, 50 cm blað, klippir allt að 18 mm
**10.495 kr.**
Fullt verð 14.495kr. 5083647

**Sólboði**
**999 kr.**
Fullt verð: 1.490 kr.

**Margarita**
**999 kr.**
Fullt verð: 1.690 kr.

**Bókakynning í Skútuvogi í dag kl 13 – 15**
Horticum menntafélag kynnir handbækur Blómavals; Vinnan í garðinum og Gómsætt úr garðinum

KJARA KLÚBBUR

**Gasgrill Outback Solo**
Grillsvæði 628x406 mm, þrír ryðfríir brennarar
**29.900 kr.**
Fullt verð: 39.900 kr. 3000393

**Greinaklippur 7"**
**849 kr.**
Verð áður 1.212 kr. 5084732

**Hekkklippur**
20 cm langt blað
**2.446 kr.**
Verð áður 3.495 kr. 5084742

**Reiðhjól AUTHOR UNICA 26"**
18" álgrind, 21 gír, Tektro 837 bremsur, Spanker 26"x1,95 dekk, Shimano TX50 framskipting, Shimano TX55 afturskipting
AUTHOR
**35.900 kr.**
3899978

**Blákorn 5 kg**
**1.192 kr.**
Fullt verð: 1.490 kr.

**Kalkkorn 5 kg**
**799 kr.**
Fullt verð: 999 kr.

**Gróðurmold 10 ltr**
**599 kr.**

**Grasfræ 1 kg**
**1.890 kr.**

**Snædrífa**
**999 kr.**
Fullt verð: 1.690 kr.

3 ltr.
**Pallaolía Jotun Treolje**
Pallaolía á gagnvarið efni, sú mest selda í Húsasmiðjunni
**2.385 kr.**
Fullt verð: 3.295 kr. 7049123

***Opið í dag í Húsasmiðjunni og Blómavali**
Skútuvogi 10 – 18 | Grafarholti 10 – 18 | Hafnarfirði 12 – 17 | Akureyri 11 – 15 | Selfossi 11 – 15 | Ísafirði 11 – 15 | Vestmannaeyjum 11 – 15 | Reykjanesbæ 11 – 15 | Egilsstaðir 11 – 15 | Akranes 11 – 15

525 3000 • husa.is
Fáðu innblástur á Pinterest Húsasmiðjunnar – pinterest.com/husasmidjan

Brandenburg

**200**
**TONN AF INNFLUTTUM MATVÆLUM** fá ekki tollafgreiðslu vegna verkfalls dýralækna hjá Matvælastofnun. Kjötmeti og afurðir af ýmsum toga safnast upp á hafnarbakkanum í Sundahöfn í Reykjavík.

**930**
**TONN AF KJÖTI** hafa núna safnast upp í frysti vegna verkfallsaðgerða segir Bændablaðið.

**630**
**TONN AF SVÍNAKJÖTI**

**300**
**TONN AF KJÚKLINGAKJÖTI**

**1.200-1.400**
**TONN AF SVÍNA- OG KJÚKLINGAKJÖTI** hafa í lok vikunnar safnast upp í frystigeymslum vegna verkfalls BHM, samkvæmt mati Bændablaðsins.

19 MAÍ | 20 MAÍ

**2**
**daga vinnustöðvun Starfsgreinasambandsins** verður á þriðjudag og miðvikudag í næstu viku náist ekki samningar fyrir þann tíma. Enn er sagt bera mikið í milli.

**SEÐLABANKI ÍSLANDS**

**11%** er það svigrúm sem Seðlabanki Íslands telur til launahækkana á næstu þremur árum án þess að komi til aukins verðbólguþrýstings.

**23,5%** er nú sagt að sé boð Samtaka atvinnulífsins til verkalýðsfélaga á sama tímabili.

**30%** launahækkun, sagði aðalhagfræðingur Seðlabankans í nýlegri grein, ávísun á 15% umframhækkun verðlags og líklega til að kalla á 7% ársverðbólgu.



**BLÓÐTAKA** Vinnustöðvanir vegna verkfallsaðgerða hafa margvísleg áhrif á gang efnahagsmála. Rætt hefur verið um neikvæð áhrif á ferðaþjónustu, auk skaðlegra áhrifa í heilbrigðiskerfinu, í matvælaframleiðslu og víðar. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

## VERKFALLSAÐGERÐIR Í GANGI

**BANDALAG HÁSKÓLAMANNA (BHM)**
**Ótímabundið verkfall hjá hluta aðildarfélaga |** Stendur enn yfir
Í DAG ER 38. DAGUR Í VERKFALLI FIMM ÞEIRRA:

1 **Félag geislafræðinga** Hefur meðal annars áhrif á starfsemi Landspítalans. Ekki er hægt að framkvæma margvíslegar rannsóknir sem krefjast röntgenmyndatöku.
2 **Félag lífeindafræðinga** Áhrif á framkvæmd rannsókna á Landspítalanum. Lífeindafræðingar starfa á rannsóknastofum sjúkrahúsa og fyrirtækja í erfðagreiningu og lyfjaiðnaði, auk stofnana sem þjóna landbúnaði.
3 **Félag íslenskra náttúrufræðinga á Landspítala** Koma að frumu- og sameindalíffræði, eðlis- og efnafræði, lífeðlis- og lífefnafræði, erfðafræði og líftækni, örveru- og veirufræði, ónæmisfræði, blóðbankafræði, vefjafræði, meinafræði, faraldsfræði, tölfræði og kerfislíffræði.
4 **Ljósmæðrafélag Íslands á Landspítala |** ÞRI., MIÐ. OG FIM. Raskar starfi kvennadeildar, en undanþágur hafa verið veittar, svo sem vegna keisaraskurðaðgerða.
5 **Stéttarfélag lögfræðinga hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu** Ekki er hægt að ganga frá alls kyns opinberum skiptum, gjaldþrota- eða skiptum dánarbúa, skilnuðum, hjónavígslum og fleiri hlutum.

- **Ljósmæðrafélag Íslands á Sjúkrahúsinu á Akureyri** Ótímabundið verkfall hófst 9. apríl. Verkfall á mánudögum og fimmtudögum. Aðgerðir eru því á 36. degi.

**HAFA VERIÐ Í VERKFALLI FRÁ 20. APRÍL** - 25. DAGUR

1 **Félag íslenskra náttúrufræðinga á Matvælastofnun** Meðal annars áhrif á eftirlit með plöntuheilbrigði, matvælaöryggi og neytendavernd.
2 **Stéttarfélag háskólamanna á matvæla- og næringarsviði á Matvælastofnun** Raskar margvíslegu eftirliti og rannsóknum.
3 **Dýralæknafélag Íslands** Stórfelld áhrif á matvælaframleiðslu. Uppáskrift dýralækna og eftirlit þarf við slátrun og einnig vegna innflutnings.

**Í PÍPUNUM: SGS** Verkfall 19.-20. maí og ótímabundin vinnustöðvun frá 26. maí. **Hjúkrunarfræðingar** Ótímabundið verkfall hefst 27. maí. **VR, LÍV og Flóabandalag** 28.-29. maí er verkfall hjá hópbifreiðafyrirtækjum, 30.-31. maí er verkfall á hótelum, gisti- og baðstöðum, 31. maí-1. júní er verkfall í flugafgreiðslu, 2.-3. júní er verkfall hjá skipafélögum og í matvöruverslunum, 4.-5. júní er verkfall hjá olíufélögum, 6. júní hefst ótímabundið verkfall félagsmanna.

# Segir ekki langt eftir í líftauginni

Gjöld sem svínabú þurfa að standa undir, svo sem vegna fóðurs, hverfa ekki þótt tekjurnar hafi horfið í verkfalli dýralækna. Bú eru komin að þolmörkum. Veltutölur eru háar og reksturinn hefur víða verið í járnum. Töpuð sala verður ekki unnin upp.



**SVÍNASTÍA** Svínabú eru nú komin að þolmörkum vegna þess hve þrengir að rekstrinum þegar ekki er hægt að slátra. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

„Héðan í frá skiptir hver dagur máli upp á hvað við höldum lengi út og ekkert langt eftir í líftauginni," segir Guðný Tómasdóttir, bóndi á svínabúinu að Ormsstöðum í Grímsnesi, um stöðu svínabænda í verkfalli dýralækna.

„Í dag er erfiðast hversu langur tími er síðan þetta byrjaði. Svínabændur eru vanir að reka sinn rekstur með vikulegum greiðslum og nú er þetta komið í fjórar vikur," segir Guðný og bætir við að þótt framleiðslan komist ekki á markað sé ekkert lát á þeim gjöldum sem reksturinn þarf að greiða. „Fóður þarf að greiða tvisvar í mánuði og svo kemur allt annað sem fylgir því að reka þetta bú."

Guðný bendir á að staða svínabænda hafi ekki verið sterk áður en kom að verkfallsaðgerðum BHM og mörg bú hafi verið rekin nálægt núlli og hafi ekki mikla sjóði til að vinna úr.

„En svo horfir maður á þjóðfélagið og þykist ekki geta barmað sér þegar allt er á hliðinni á spítölunum, en maður verður náttúrlega að hugsa um rassinn á sjálfum sér."

Bú Guðnýjar er fjölskyldufyrirtæki þar sem allt snýst um reksturinn. „Þetta er landbúnaður og við búum hér á jörðinni. Bankinn gefur ekkert eftir og hér er allt undir, heimilið og allt. Þegar þetta fer þá fer allt með því, ekki bara fyrirtækið," segir Guðný sem óttast upplausnarástand hjá sér og börnum sínum fari allt á versta veg. „En svona er þetta kannski bara með verkföll að þriðji aðili komi alltaf verst út úr þeim."



Á Ormsstöðum er lítill hluti framleiðslunnar seldur beint en megnið hefur farið í vinnslu hjá Sláturfélagi Suðurlands. Á búinu eru um 200 gyltur sem Guðný segir að sé undir meðalstærð á svínabúi hér á landi. Veltutölurnar séu samt þannig að reksturinn megi illa við tímafrekri stöðvun eins og nú. Þannig sé venjuleg greiðsla sem búið hafi fengið fyrir svínakjöt í hverri viku í kring um þrjár milljónir króna.

> **Bankinn gefur ekkert eftir og hér er allt undir, heimilið og allt.**
> *Guðný Tómasdóttir bóndi á Ormsstöðum.*

„Stærstu greiðslurnar eru svo um mánaðamót og þá er maður bara kominn upp á velvild banka og aðila í kringum mann hvað maður lifir." Guðný segir sem betur fer ekki enn kominn tíma á að leita á náðir bankans hjá henni, enn sem komið er. „En ég er náttúrlega búinn að tala við minn fóðursala, en tölurnar eru bara svo háar og þetta er fljótt að vinda upp á sig."

Guðný segir líka ljóst að litlu breyti fyrir bú að framleiða í frysti, því salan sé töpuð eftir sem áður. „Þótt þig langi í kótelettu sem þú færð ekki í dag, þá borðar þú ekkert tvær á morgun," segir hún og kveðst ekki alveg viss um að sömu rólegheit væru yfir stöðunni ef verkföllin væru að trufla sláturtíð að hausti.

**olikr@frettabladid.is**




SGS segir erfitt að standa gegn því að skrifað sé undir fyrirtækjasamninga:

# Erfitt að hafna samningum

Framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins (SGS) segir erfitt fyrir stéttarfélög innan sambandsins að standa gegn því að skrifa undir kjarasamninga þegar fyrirtæki gangi að launakröfum. Stéttarfélag Vesturlands (SFV) hefur sagt sig úr samfloti sextán félaga vegna fyrirtækjasamninga.

Signý Jóhannesdóttir, formaður SFV, segir þessi verkalýðsfélög umboðslaus þar sem þau hafi framselt samningsumboðið til SGS. Því hafi verið samþykkt á samninganefndarfundi SFV að draga samningsumboð sitt til baka. „Þetta eru bara vinnubrögð sem SFV hefur ekki áhuga fyrir að stunda," segir Signý.

„Staðan hjá okkur er einfaldlega þannig að það er legið í öllum formönnum okkar aðildarfélaga að gera samninga og þeir hafa verið gerðir á mjög mörgum svæðum. Það er mjög erfitt að standa gegn því," segir Drífa Snædal, framkvæmdastjóri SGS.

Stéttarfélögin hafi gefið samningsumboð sitt til SGS en ráði sjálf sínum málum. „Þótt ég hafi ekki fullkomna yfirsýn yfir þessa samninga sem verið er að gera, þá met ég það sem svo að þeir séu ekki af þeirri stærðargráðu að það hafi áhrif," segir Drífa. **- hmp**



**SAMTAKAMÁTTUR** Framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins segir legið í formönnum aðildarfélaganna að gera samninga. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

» Fréttablaðið leitar að sögum sem tengjast verkfallsaðgerðum. Láttu okkur endilega vita af skemmtilegum, eða miður skemmtilegum, sögum með því að senda okkur póst á **ritstjorn@frettabladid.is**

SAMSUNG

# Galaxy S6 edge

# Lifðu á brúninni

**Ókeypis heimsending!**
nova.is

**Samsung Galaxy**
**S6 edge** 32GB

**149.990 kr.** stgr.

**8.990 kr.** /18 mán.




**1.000 kr.**
notkun eða
**500 MB** á mán.
í 12 mán.
fylgir.

**1.000 kr.**
notkun eða
**1 GB** á mán.
í 12 mán.
fylgir.

**Samsung Galaxy**
**S6** 32GB

**119.990 kr.** stgr.

**7.190 kr.** /18 mán.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Nánari upplýsingar á Nova.is.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

## SPURNING DAGSINS



Jón, á ekki ráðherra að ráða?

**„Skynsemin ræður.“**
Jón Gunnarsson, alþingismaður Sjálfstæðisflokks, er ósáttur við það álit umhverfisráðuneytisins að Alþingi geti ekki breytt flokkun virkjunarkosta nema verndar- og orkunýtingaráætlun hafi verið gerð.

Bæjarstjóri Hornafjarðar hitti innanríkisráðherra vegna vanda í innsiglingu:

# Skildi mikilvægi fjárveitingar

**SVEITARSTJÓRNIR** „Ekki var annað að skilja en að ráðherra skildi mikilvægi þess að tryggja fjármuni til aðgerða nú þegar og einnig í rannsóknarverkefni sem varða Grynnslin og innsiglinguna um Hornafjarðarós,“ segir í fundargerð bæjarráðs Hornafjarðar um fund bæjarstjórans með innanríkisráðherra.

Björn Ingi Jónsson bæjarstjóri fór yfir fundinn með Ólöfu Nordal innanríkisráðherra á bæjarráðsfundinum. Kvaðst Björn hafa farið „yfir alvarleika málsins og þá stöðu sem upp er komin“ varðandi innsiglinguna í Hornarfjarðarós.



BJÖRN INGI JÓNSSON



ÓLÖF NORDAL

Hafi Ólöf sagst mundu funda strax með forstjóra Vegagerðarinnar og starfsmanni siglingasviðs stofnunarinnar og fara yfir möguleikana.

Bæjarráð tók undir þungar áhyggjur hafnarstjórnar. „Nú er komin upp sú staða að takmarka þarf djúpristu skipa sem sigla inn til Hafnar í Hornafirði,“ sagði hafnarstjórnin. „Þetta ástand setur sjávarútveg og aðra flutninga til og frá Hornafirði í uppnám. Því er framtíð heils byggðarlags undir í þessu máli.“ - gar

Styrkir matarmenningu á Íslandi:

# Ríkið styrkið matvælaverkefni

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin hefur samþykkt að leggja á næstu fimm árum 80 milljónir árlega til verkefnisins Matvælalandið Ísland. Verkefninu er ætlað að treysta orðspor og móta ímynd Íslands sem upprunalands hreinna og heilnæmra matvæla og auka með því móti gjaldeyristekjur þjóðarinnar.

Í tilkynningu frá atvinnuvegaráðuneytinu kemur fram að íslensk matvæli og matarmenning Íslendinga séu ein af grunnstoðum ferðaþjónustunnar. - ngy



**HVANNEYRI** Heimamenn vilja fjölga íbúum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Íbúasamtök álykta um skóla:

# Grunnskólinn sé á Hvanneyri

**SKÓLAMÁL** Íbúasamtök Hvanneyrar og nágrennis skora á sveitarstjórn Borgarbyggðar „að halda starfsemi grunnskóla áfram á öllum stöðvum í núverandi mynd,“ eins og segir í ályktun samtakanna.

„Íbúar Hvanneyrar og nágrennis telja mikilvægt að viðhalda grunnstoðunum til þess að efla íbúaþróun á svæðinu. Svo áframhaldandi íbúafjölgun verði á svæðinu teljum við mjög mikilvægt að grunnskóli sé á Hvanneyri. Skólinn er forsenda þess að fólk komi í sveitarfélagið og velji Hvanneyri sem framtíðarheimili,“ segja íbúasamtökin. - gar

Tugir liðsmanna ISIS létust:

# Leiðtogi ISIS fórst í loftárás

**ÍRAK** Næstæðsti leiðtogi hryðjuverkasamtakanna Íslamska ríkisins (ISIS), Abdul Rahman Mustafa Mohammed, var drepinn í loftárás Bandaríkjahers í gær. Þetta staðfesti talsmaður íraskra yfirvalda.

Loftárás Bandaríkjahers var á mosku í Tal Afar vestur af Mósúl í Írak. Í moskunni var leiðtoginn á fundi, ásamt tugum liðsmanna ISIS-samtakanna sem létust einnig í loftárásinni.

Í frétt BBC segir að samkvæmt óstaðfestum heimildum hafi leiðtoginn leitt aðgerðir Íslamska ríkisins síðustu vikur. - ngy

# Samviskufrelsi presta verði afnumið hjá Þjóðkirkjunni

Kirkjuþing unga fólksins vill afnema samviskufrelsi presta. Prestar mega neita samkynja pörum um hjónavígslu á grundvelli sinnar eigin samvisku. Sigurvin Lárus Björnsson æskulýðsprestur segir stöðuna slæma.

**KIRKJAN** Kirkjuþing unga fólksins sendi frá sér ályktun á laugardaginn sem sneri að afnámi samviskufrelsis presta sem heimilar prestum þjóðkirkjunnar að neita samkynja pörum um hjónavígslu á grundvelli eigin samvisku. Ályktunin verður lögð fyrir kirkjuráð þjóðkirkjunnar og líklega tekin fyrir á fundi í júní. Í kirkjuráði situr Agnes M. Sigurðardóttir biskup auk fjögurra annarra.

Sjálf tjáði Agnes sig um málið í viðtali við DV árið 2012 þegar hún var nýkjörin biskup. Þá sagði hún niðurstöðu komna í málið. „Það eru örfáir prestar sem ekki treysta sér til að gifta fólk af sama kyni og þá hafa þeir fullt leyfi til þess að hafa þá skoðun,“ sagði Agnes og bætti því við að hún teldi þetta ekki lengur vandamál, það væri búið að afgreiða málið að hennar dómi.

Kirkjuþing unga fólksins er ekki á sama máli. „Í dag gæti samkynhneigt par farið í kirkju, í þeirri sanngjörnu von um að láta gifta sig eins og hvert annað gagnkynhneigt par. Parið er þó í þeirri hættu á að vera hafnað af prestinum því hann viðurkenni ekki ást þeirra sem tveir sjálfstæðir einstaklingar,“ segir í greinargerð sem þingið sendi frá sér um ályktunina.

Varðandi fjölda presta sem hafa nýtt sér eða gætu hugsað sér að nýta samviskufrelsið segir Árni Svanur Daníelsson, verkefnisstjóri Biskupsstofu, þær tölur ekki liggja fyrir. Samkvæmt könnun sem 24 stundir lét gera árið 2008, þegar ný lög um staðfesta samvist voru samþykkt, kemur fram að níu prestar á landinu voru á móti því að staðfesta samvist samkynja pars í kirkju.



**AFNÁM SAMVISKUFRELSIS** Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, hefur ekki viljað tjá sig um afnám reglu um samviskufrelsi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í greinargerðinni segir að kirkjan hafi tekið stór skref á síðustu árum í átt að jafnrétti en að það sé ekki tilefni til að hætta núna. „Við getum ekki farið hálfa leið og svo hrósað okkur og sagt þetta vera gott.“

Sigurvin Lárus Jónsson, æskulýðsprestur í Neskirkju og formaður Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar, sem heldur utan um Kirkjuþing unga fólksins, tekur í sama streng. Hann segir stöðuna í dag ekki góða. „Eins og staðan er núna er hinsegin fólk sett í þá stöðu að þurfa að þekkja kirkjupólitískt landslag þegar það leitar að presti til hjónavígslu,“ segir Sigurvin. „Agnes M. Sigurðardóttir biskup hefur lýst yfir því að hún vilji standa vörð um þetta samviskufrelsi en það er mjög hæpið að það standist lög að opinber starfsmaður eins og prestur hafi heimild til að mismuna á grundvelli kynhneigðar,“ bætir Sigurvin við.

Í greinargerð Kirkjuþings unga fólksins segir enn fremur: „Prestar þjóðkirkjunnar eru opinberir starfsmenn. Ekki á neinum öðrum opinberum starfsvettvangi geta opinberir starfsmenn hafnað fólki þjónustu út af kynhneigð sinni.“

thorgnyr@frettabladid.is



**„ Eins og staðan er núna er hinsegin fólk sett í þá stöðu að þurfa að þekkja kirkjupólitískt landslag þegar það leitar að presti til hjónavígslu.**

*Sigurvin Lárus Jónsson, æskulýðsprestur.*



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**NEITAR SÖK** Konan er ákærð fyrir að hafa orðið sambýlismanni sínum að bana í febrúar.

Ákærð fyrir að hafa banað sambýlismanni sínum í Hafnarfirði:

# Konan neitaði sök fyrir dómi

**DÓMSMÁL** Konan sem ákærð er fyrir að hafa banað sambýlismanni sínum á heimili þeirra við Skúlaskeið í Hafnarfirði í febrúar neitaði í gærmorgun sök við þingfestingu í Héraðsdómi Reykjaness.

Talið er að banamein mannsins hafi verið stungusár, en lögreglunni barst tilkynning um mannslát í fjölbýlishúsi í Hafnarfirði í gegnum neyðarlínuna.

Konan er á sextugsaldri og var strax úrskurðuð í gæsluvarðhald fram að dómi. Hún gæti átt yfir höfði sér allt að sextán ára fangelsi verði hún ákærð og fundin sek fyrir manndráp af ásetningi.

Konan hafnaði einnig öllum bótakröfum en móðir og faðir mannsins fara hvort um sig fram á þrjár milljónir króna í miskabætur.

Aðalmeðferð málsins hefst 18. júní. Dómari málsins ákvað, vegna afstöðu ákærðu, að hafa dóminn fjölskipaðan. - sáp

Grafalvarlegt að menningar- og sagnfræðiminjar séu teknar ófrjálsri hendi:

# Vilja aðgát á Norðurlöndum

**TÓRSHAVN** Norræna ráðherranefndin hélt fund í Tórshavn í Færeyjum í fyrradag, þar sem menningarmálaráðherra Norðurlanda gáfu út sameiginlega yfirlýsingu um ólögleg viðskipti með menningarminjar frá Írak og Sýrlandi.

Í yfirlýsingunni er fólk sem umgengst og höndlar með fornmuni beðið að sýna sérstaka aðgát. „Það er grafalvarlegt að menningar- og sagnfræðilegar minjar séu teknar ófrjálsri hendi í Írak og Sýrlandi og smyglað út úr þessum löndum. Við biðjum norræna fagaðila, listaverkasafnara, listaverkasala, fornsala og starfsfólk safna að sýna sérstaka aðgát.“

Á fundinum var rætt um sölu menningarminja á ólöglegum mörkuðum til að fjármagna starfsemi hinna ýmsu öfgahópa en þann 12. febrúar á þessu ári samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun um að skylda aðildarlönd til að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir slík viðskipti. Í framhaldinu vilja menningarmálaráðherrar Norðurlandanna að sett verði af stað átaksverkefni um málið í haust. - kbg



**MENNINGARMINJAR SELDAR** Ólögleg sala menningarminja er áhyggjuefni. Sett verður af stað átak í haust. NORDICPHOTOS/GETTY


GUERLAIN
TERRACOTTA
JOLI TEINT
Sólkysst húð með Terracotta.
Nýtt Terracotta ljómapúður sem lætur húðina geisla af heilbrigði.
Púðrið framkallar fullkomna sólkyssta áferð rétt eins og þú hafir
átt stutt stefnumót við sólina.
Guerlain kynning í Holtagörðum
dagana 14.-20. maí
20% afsláttur af öllum vörum frá Guerlain.
Guerlain sérfræðingur verður á staðnum og kynnir
nýju Terracotta ljómapúðrin og veitir faglega ráðgjöf.
Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru tvær vörur eða fleiri frá Guerlain.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Í hvaða bæjarfélagi ætla kaþólikkar að reisa nýja kirkju?
**2.** Hver er formaður BHM?
**3.** Hvar á landinu hefur þýskt fyrirtæki áhuga á að opna vindmyllugarð?

**SVÖR**

**1.** Á Selfossi. **2.** Þórunn Sveinbjarnardóttir. **3.** Í Grindavík.

Einkabréf sem Karl Bretaprins sendi til breskra stjórnvalda hafa verið gerð opinber:

# Birting bréfa Bretaprins til Blair

**BRETLAND** Einkabréf sem Karl Bretaprins sendi til breskra stjórnvalda fyrir rúmum áratug hafa verið gerð opinber eftir langvarandi deilur um birtingu bréfanna. Alls voru bréfin tuttugu og sjö og voru þau send hinum ýmsu ríkisstofnunum í Bretlandi.

Umrædd bréf vörðuðu hin ýmsu málefni, þar á meðal um yfirráð stórmarkaða og upplýsingar um markaðsfirrað matvöruverslana. Bréfin voru rituð á tímabilinu 2004 til 2005.

Héraðsdómur úrskurðaði neitun stjórnvalda á birtingu bréfanna ólögmæta á síðasta ári. Hæstiréttur Bretlands staðfesti þann úrskurð síðastliðinn mars.

Í einu bréfanna til forsætisráðherra Bretlands, Tony Blair, sagði prinsinn að herinn væri beðinn um að taka þátt í erfiðum verkefnum án þess að búa yfir nauðsynlegum búnaði. Í öðru bréfi til Blair lýsti hann áhyggjum sínum yfir getu flughersins, tækjum hans og getu flugvélanna til flugs í háum hita. - ngy



**KARL BRETAPRINS** Í einu bréfanna lýsti prinsinn yfir áhyggjum sínum yfir getu flughersins.

Vortiltekt á Blönduósi í dag:

# Taka til og slá upp grillveislu

**UMHVERFISMÁL** Íbúar Blönduóss munu í dag gera sér glaðan dag og taka til hendinni við allsherjar tiltekt í bænum. Byggðaráð Blönduóss segir markmið tiltektardagsins vera að hvetja íbúa og fyrirtæki í bæjarins til að taka til hjá sér og í næsta nágrenni.

„Sveitarstjórn mun bjóða til grillveislu klukkan 18.00 við Félagsheimilið í tilefni dagsins,“ lofar byggðaráðið. Veðurstofan gerir ráð fyrir um tíu gráðu hita þegar sem grillveislan hefst. - gar



**FÓLKSFJÖLGUN** Á höfuðborgarsvæðinu búa rúmlega 210 þúsund manns.

Um 330 þúsund á Íslandi:

# Landsmönnum fer fjölgandi

**HAGSTOFAN** Landsmönnum fjölgaði um sjö hundruð á fyrsta ársfjórðungi 2015 samkvæmt Hagstofu Íslands. Í lok fyrsta ársfjórðungs bjuggu tæplega 330 þúsund manns á Íslandi. Á höfuðborgarsvæðinu bjuggu rúmlega 210 þúsund en um 118 þúsund utan höfuðborgarsvæðis.

Á fyrsta ársfjórðungi fæddust 990, en 600 létust. Á sama tíma fluttust 290 til landsins umfram brottflutta. Brottfluttir einstaklingar með íslenskt ríkisfang voru 370 umfram aðflutta. - ngy

Keppa áfram í Helsinki:

# Bókun sigraði í sínum flokki

**VIÐSKIPTI** Hugbúnaðarfyrirtækið Bókun sigraði í flokki íslenskra fyrirtækja í frumkvöðlasamkeppni Norðurlanda, Nordic Startup Awards í fyrradag. Sigurvegarar sambærilegra verðlauna á Norðurlöndum koma til álita við val á sprotafyrirtæki ársins við lokaathöfnin sem haldin verður í Helsinki þann 26. maí. - jhh

# Starfsfólk þarf ekki norður

Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra hefur ákveðið að starfsmenn stofnunarinnar þurfi ekki að flytja með henni norður á Akureyri. Stofnunin verður flutt engu að síður og nýjar höfuðstöðvar verða nyrðra.

**STJÓRNSÝSLA** Starfsmenn Fiskistofu þurfa ekki að flytjast búferlum til Akureyrar til að halda starfi sínu hjá stofnuninni. Þetta er niðurstaða Sigurðar Inga Jóhannssonar sjávarútvegsráðherra en hann kynnti þessa niðurstöðu sína í gær. Þeir starfsmenn stofnunarinnar sem starfa hjá Fiskistofu í Hafnarfirði hafa val um starfsstöð milli Akureyrar og höfuðborgarsvæðisins en Fiskistofustjóri mun taka ákvörðun um staðsetningu nýrra starfsmanna.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra tilkynnti á ársfundi Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar þann 27. júní í fyrra að Fiskistofa yrði flutt til Akureyrar. Áform ráðherranna hafa mætt mikilli andstöðu. BHM og Hafnarfjarðarkaupstaður, auk starfsmanna Fiskistofu, hafa gagnrýnt flutninginn og talið slíka hreppaflutninga tímaskekkju. Í nýlegu áliti gerir umboðsmaður Alþingis athugasemdir við undirbúning flutnings Fiskistofu til Akureyrar. Kom umboðsmaður að því í áliti sínu að ráðherra þyrfti að gera starfsmönnum Fiskistofu formlega grein fyrir stöðu þeirra nú og hvers mætti vænta um framhaldið.

### Batnandi mönnum best að lifa

Björn Jónsson, lögfræðingur hjá Fiskistofu og fulltrúi starfsmanna, segir undanfarið ár hafa verið starfsmönnum stofnunarinnar þungbært. „Þessi hugmynd um flutning Fiskistofu og umræðan sem hefur fylgt hefur reynst starfsmönnum erfitt. Einnig hefur síðasta ár verið erfitt fyrir stofnunina sjálfa. Hins vegar er batnandi mönnum best að lifa og þetta er niðurstaðan,“ segir hann.

Björn telur málflutning sem starfsmenn Fiskistofu hafa haft uppi um flutninginn hafa að lokum haft sigur. „Starfsmenn Fiskistofu spyrntu við fótum um leið og ráðherra vildi flytja stofnunina til Akureyrar. Sá málflutningur varð ofan á og því er þetta gleðiefni fyrir okkur starfsmenn sem eftir eru að hafa hér starfsöryggi.“



**FISKISTOFA** Stofnunin verður flutt hægar en ráð var fyrir gert í fyrstu. Starfsmenn Fiskistofu mótmæltu upprunalegum áformum ráðherra harðlega. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Krefjandi verkefni fram undan

Eyþór Björnsson fiskistofustjóri mun flytja til Akureyrar sem fyrst og byggja upp höfuðstöðvar stofnunarinnar nyrðra. Markmið ríkisstjórnarinnar er að stuðla að fjölbreyttum atvinnutækifærum um allt land með dreifingu opinberra starfa.

„Það sem skiptir máli er að eftir sem áður verður ráðist í flutning Fiskistofu til Akureyrar en með breyttu sniði. Um leið og lög um staðsetningu ríkisstofnana verða samþykkt mun ég flytja til Akureyrar og byggja upp nýjar höfuðstöðvar. Nú taka við breyttir tímar og ég lít á þetta sem krefjandi tækifæri að setja á laggirnar þessu nýju höfuðstöðvar,“ segir Eyþór. Nú taki hins vegar við tími þar sem hlúa þurfi að starfsmönnum stofnunarinnar. „Það er mikilvægt að ná aftur upp þeim góða starfsanda sem stofnunin hefur verið þekkt fyrir.“

Þeim starfsmönnum sem vilja samt sem áður flytja gefst áfram kostur á að fá styrk fyrir búferlaflutningnum. sveinn@frettabladid.is

> **Þessi hugmynd um flutning Fiskistofu og umræðan sem hefur fylgt hefur reynst starfsmönnum erfitt. Einnig hefur síðasta ár verið erfitt fyrir stofnunina sjálfa.**
>
> *Björn Jónsson, fulltrúi starfsmanna Fiskistofu.*



**SIGURÐUR INGI JÓHANNSSON** sjávarútvegsráðherra



**EYÞÓR BJÖRNSSON** fiskistofustjóri


www.volkswagen.is








**Caddy með nýju sniði**

Caddy City er enn einfaldari og hagkvæmari útfærsla af Volkswagen Caddy, sniðin að þörfum þeirra sem vilja traustan vinnufélaga til að létta sér lífið við dagleg störf. City er viðbót í sendibílalínu Volkswagen Caddy.

Volkswagen Caddy hefur árum saman verið mest seldi atvinnubíllinn á Íslandi. Með tilkomu City er enn auðveldara að bætast í hóp hæstánægðra Volkswagen eigenda.

Caddy City kostar aðeins frá
**2.630.000 kr.**
(2.120.968 kr. án vsk)

Atvinnubílar

**Söluaðilar:** HEKLA Reykjavík · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði




# RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is
Tilboðin gilda frá 14.05 til 20.05

Sparið **10.000** af setti

Borð + sófi + 2 stólar + sessur

Viðhaldsfrítt

ALLT SETTIÐ FULLT VERÐ: 49.990

**39.990**

**EBELTOFT GARÐHÚSGÖGN**
Glæsileg, stílhrein garðhúsgögn úr UV vörnu plasti. Endingagóðar sessur úr polyesterefni fylgja. Borð B59 x L92 xH43 sm. Vnr. 3763442

# Úrvalið er í Rúmfatalagernum!

**OPIÐ Í DAG UPPSTIGNINGARDAG!**



Öll okkar trampólín eru seld með öryggisneti!

VERÐ FRÁ:
**24.990**

TRAMPÓLÍNFESTING
**4.995**

**TRAMPÓLÍN**
Flott og gott trampólín í garðinn eða á pallinn.
Trampólín+öryggsnet stærð: Ø244 mtr. **24.990**
Trampólín+öryggsnet stærð: Ø305 mtr. **29.990**
Trampólín+öryggsnet stærð: Ø426 mtr. **49.990**
Trampólín+öryggsnet stærð: B305 x L427 mtr. **139.990**
Stigi **3.495** Festing fyrir trampólín. **4.995**
Vnr. 4702601, 4702602, 4702603, 4701692, 4702600



38% afsláttur

FULLT VERÐ: 39.950
**24.950**

**HOLSTERBRO SVEFNSÓFI**
Fallegur svefnsófi úr FAUX leðri.
Stærð: B181 x H81 x D91 sm.
Svefnstaða: 108 x 181 sm.
Vnr. 3601201



PLUS ÞÆGINDI & GÆÐI
DUO 2-1
høie OF SCANDINAVIA

Sparið **2.000**

Sæng og koddi

FULLT VERÐ: 9.875
**7.875**

**HØIE UNIQUE SÆNG OG KODDI**
Vönduð thermosæng fyllt með 2 x 600 gr. af holtrefjum. Koddinn er fylltur með 500 gr. af holtrefjum. Sængurtaska fylgir.
Vnr. 4117000



VALITOR VISA KORTALÁN ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

Sweet Dreams

St. 120 x 200 sm.

30% afsláttur

**SWEET DREAMS DÝNA**
Vönduð og góð dýna með sterkri hliðarstyrkingu. Í efra lagi er áföst 10 sm. þykk yfirdýna úr hágæða svampi. Í neðra lagi eru u.þ.b. 364 BONELL gormar. Fætur og botn fylgja með. Stærð: 153 x 203 sm. Vnr. 801-11-1010

120 x 200 sm. **99.950** nú **69.950**
153 x 203 sm. **129.950** nú **89.950**

Yfirdýna | Stífleiki | BONELL | Svampfylling | 10 ára Ábyrgð | 2 ára Ábyrgð

120 X 200 SM. FULLT VERÐ: 99.950
**69.950**



DARK Myrkvunargardínur
Margar stærðir fáanlegar

20% afsláttur

NÚ VERÐ FRÁ:
**1.972**

FRÁBÆRT VERÐ!



3 brennarar

**CONTSENZA GASGRILL**
Hjól öðrum megin og 2 hliðarborð.
Með 3 brennurum.
Grillið er 10,5KW.
Stærð: B130 x L56 sm.
x H106 sm.
Án þrýstijafnara.
Þrýstijafnari **2.995**
Vnr. 3742000, 3742002

GASGRILL
**24.990**

VALITOR VISA KORTALÁN ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR



SELFIE STÖNG
**1.295**

Selfie stöng

**SELFIE STÖNG**
Selfie stöngin er komin í Rúmfatalagerinn, taktu mynd af þér og vinum þínum með þessari frábæru stöng sem hægt er að lengja og minnka eftir því hvað hentar.
Fáanleg í 3 flottum litum á frábæru verði!
Vnr. CY4651910

## SVONA ERUM VIÐ



**72,1** **prósent framhaldsskólanema lærði erlend tungumál skólaárið 2013-2014.**

Skólaárið 2011-2012 lærðu 74 prósent nemenda á framhaldsskólastigi erlend tungumál.

Uppsafnaðar birgðir af svínakjöti og alifuglakjöti vegna verkfalls dýralækna nema mörgum hundruðum tonna:

# Birgðasöfnun vegna verkfalls gæti leitt til gjaldþrots

**KJARAMÁL** „Slík birgðasöfnun mun leiða til fjárhagslegs tjóns fyrir bændur löngu eftir að verkfalli lýkur,“ segir Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, um uppsafnaðar birgðir af svínakjöti og alifuglakjöti sem ekki fara á markað vegna verkfalls dýralækna. Í lok þessarar viku verða uppsafnaðar birgðir um fjórtán hundruð tonn. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Bændasamtökum Íslands.

„Kjötið er geymt í frosti þar sem ekki hafa fengist undanþágur frá verkfalli til slátrunar, nema með þeim skilyrðum að setja vörur í frost,“ segir Sindri.

Frá því að verkfall dýralækna hófst þann 20. apríl síðastliðinn hafa innlendir alifuglabændur og svínabændur ekki fengið tekjur af framleiðslu sinni. „Fjárhagsstaða margra búa er því orðin verulega erfið sem hefur áhrif á möguleika þeirra til að kaupa fóður og aðföng til að sinna dýrunum, sem og að framfleyta sér og fjölskyldum sínum. Ljúki verkfalli ekki brátt mun fjöldi búa standa frammi fyrir gjaldþroti.“

Þá kom fram í tilkynningunni að magn innlends kjöts í frystigeymslum er sjöfalt meira í tonnum talið en þess erlenda kjöts sem bíður tollafgreiðslu og liggur á hafnarbakka á meðan kjaradeila dýralækna hjá Matvælastofnun eru óleyst. **- ngy**



**VERKFÖLL** Frá því verkfall dýralækna hófst hafa innlendir alifugla- og svínabændur ekki fengið tekjur af framleiðslu sinni.




**HVALFJARÐARGÖNG** Til stóð að ljúka seinni áfanga verksins í apríl en það hefur frestast vegna veðurs. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ekki hægt að fara göngin:

## Lokuð vegna malbikunar

**SAMGÖNGUR** Lokað verður í Hvalfjarðargöngunum næstu helgi vegna malbikunar. Göngin verða lokuð frá klukkan 20 að kvöldi föstudagsins 15. maí til klukkan 6 að morgni mánudagsins 18. maí.

Í tilkynningu frá Speli, sem rekur Hvalfjarðargöngin, segir að akreinin til suðurs hafi verið malbikuð í október. Til hafi staðið að taka seinni áfanga verksins í apríl en það hafi frestast vegna óhagstæðra veðurskilyrða helgi eftir helgi. Þess vegna sé ráðist í framkvæmdirnar núna um helgina **- vh**

Svíi þóttist vera elliær:

## Endurgreiði tugi milljóna

**SVÍÞJÓÐ** Sjötugum manni í Svíþjóð hefur verið gert að endurgreiða yfir 64 milljónir íslenskra króna og dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir að hafa mörg ár þóst vera elliær og fengið bætur til að greiða aðstoðarmönnum sem voru ættingjar hans.

Þeir voru einnig ákærðir. Upp komst um manninn vegna eftirlits lögreglu. Hann komst leiðarsinnar án aðstoðar þegar hann spilaði póker í ólöglegum klúbbi. **- ibs**

# Vilja breyta Dyflinnarreglu

Evrópusambandið hyggst láta endurskoða Dyflinnarákvæðið, deila hælisleitendum niður á aðildarlöndin með kvótakerfi og beita hervaldi á smyglara í Líbíu og víðar, sem senda fólk ólöglega yfir Miðjarðarhafið.

**FLÓTTAFÓLK** Evrópusambandið hyggst láta endurskoða Dyflinnarsamninginn svonefnda, sem heimilar aðildarríkjum Schengen-samstarfsins að senda hælisleitendur úr landi hafi þeir fyrst reynt fyrir sér í öðru aðildarríki.

Reiknað er með að þessari endurskoðun verði lokið um mitt næsta ár.

Þetta er liður í fjölþættum aðgerðum sem Evrópusambandið hyggst ráðast í til að höndla betur flóttamannastrauminn yfir Miðjarðarhaf. Tillögurnar voru kynntar í gær.

Aðrar hugmyndir snúast meðal annars um að þrefalda fjármagn til eftirlits- og björgunaraðgerða í Miðjarðarhafinu, beita hervaldi gegn smyglurum sem senda fólk ólöglega yfir Miðjarðarhafið, leggja meiri vinnu í að koma fólki aftur til síns heimalands og loks að deila með sanngjarnari hætti niður á ESB-ríkin þeim hælisleitendum sem ekki er hægt að senda til baka.

Stjórnvöld einstakra ríkja eru misánægð með þessi áform. Bretar vilja til dæmis ekki að ríkjum ESB verði gert skylt að taka við hælisleitendum og Ungverjar segja þessar hugmyndir fráleitar.

Hvað hernað gagnvart smyglurum varðar, þá er í tillögunum ekki útilokað að sendar verði hersveitir inn í Líbíu eða til annarra landa þar sem smyglararnir stunda iðju sína. Mesta áherslan er þó lögð á að eyðileggja báta og skip sem notuð hafa verið til að flytja fólk yfir hafið.

Þessi hernaðaráform hafa mætt töluverðri gagnrýni og óljóst hvort þau stæðust alþjóðalög.

Á síðasta ári freistuðu nærri 220 þúsund manns gæfunnar með þessum hætti, flestir frá Sýrlandi þar sem margra ára borgarastyrjöld hefur hrakið nærri helming landsmanna að heiman. Það sem af er þessu ári hafa um 80 þúsund manns reynt að komast yfir Miðjarðarhaf. Þúsundir hafa drukknað á leiðinni.

Megnið af flóttafólkinu hefur farið til Ítalíu, Grikklands og Spánar en fæstir hafa á endanum fengið hæli þar. Önnur aðildarlönd Evrópusambandsins hafa til þessa haft frjálsar hendur um það hvort þau taki við einhverjum þeirra. Þar hafa Þjóðverjar og Svíar verið duglegastir. Á síðasta ári tóku þeir við nærri helmingi þeirra flóttamanna sem leituðu hælis í aðildarlöndum ESB.

Þessu á nú að breyta, þannig að hælisleitendum verði deilt niður á öll aðildarríki Evrópusambandsins. Til að byrja með verði 20 þúsund manna hópi skipt niður, þannig að hvert ríki fái ákveðið hlutfall í samræmi við íbúafjölda viðkomandi lands og að teknu tilliti til atvinnuleysis þar.

Vísað er til þriðja liðs 78. greinar Lissabonsáttmálans, sem heimilar ráðherraráði Evrópusambandsins að grípa til aðgerða ef skyndilegur straumur fólks frá löndum utan ESB veldur neyðarástandi í einu eða fleiri aðildarríkjanna.

gudsteinn@frettabladid.is



**FLÓTTAFÓLK HANDTEKIÐ Í LÍBÍU** Hundruð manna í varðhaldi bíða flutnings annað eftir að hafa reynt að komast til Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**219** þúsund flóttamenn komu til ESB-ríkja árið 2014

**46** þúsund flóttamenn hafa komið til ESB-ríkja það sem af er þessu ári

**3.500** fórust í Miðjarðarhafinu

**1.750** fórust í Miðjarðarhafi




Félagsmálaráðherra segir mikilvægt að Íslendingar leggi sitt af mörkum:

# Tökum við fleiri flóttamönnum

**FLÓTTAFÓLK** „Í raun er ekki verið að fjölga móttöku flóttamanna í Evrópu heldur er verið að jafna áður ójafna dreifingu þeirra,“ sagði Íris Björg Kristjánsdóttir, sérfræðingur þingmannanefndar, um málefni útlendinga og fyrrverandi formaður flóttamannanefndar.

„Þýskaland og Svíþjóð hafa hingað til tekið á móti langflestum flóttamönnum, auk Grikklands og Ítalíu,“ sagði hún.

Hún sagði að mikil umræða um málefni flóttafólks og hælisleitenda væri farin af stað í stjórnkerfinu og mikil jákvæðni væri í garð þess að taka við fleirum.

„Dreifing umsókna hælisleitenda mun líklega koma til með að ná til okkar þar sem við tilheyrum slíkum verkefnum þótt við séum utan Evrópusambandsins.“

Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra hefur óskað eftir tillögum frá flóttamannanefnd um móttöku næsta hóps flóttafólks með ósk um að sérstaklega verði horft til Sýrlands í ljósi aðstæðna.

„Ég tel mikilvægt að við leggjum okkar af mörkum til að forða fólki frá þeirri hættuför sem hefur kostað svo margt flóttafólk lífið. Það gerum við best með samstarfi við alþjóðlegar stofnanir, líkt og við höfum gert hingað til og þá með því að taka á móti kvótaflóttafólki,“ sagði Eygló. **- srs**



**FLÓTTAMENN** Ísland mun hugsanlega hlaupa undir bagga með öðrum þjóðum. GIOVANNI ISOLINO/AFP


DEBENHAMS
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SUNDFÖTUM
FYRIR DÖMUR & BÖRN
GILDIR ÚT SUNNUDAG
Opið í dag frá 13:00 – 18:00
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR
Finndu okkur á facebook

## Styrktarþjálfun vinnur betur á bumbunni

Styrktarþjálfun vinnur betur á bumbunni en þolþjálfun. Þetta eru niðurstöður rannsóknar sem gerð var við Harvard-háskólann í Bandaríkjunum.

Fylgst var með æfingum 10.500 heilbrigðra karla yfir fertugu á árunum 1996 til 2008.

Þeir sem juku styrktarþjálfun sína um 20 mínútur á dag fengu minni aldurstengda búkfitu en þeir sem stunduðu þolþjálfun.

Minnsta búkfitu fengu þeir sem stunduðu bæði styrktarþjálfun og þolþjálfun. Þeir sem stunduðu eingöngu þolþjálfun þyngdust minna en þeir sem stunduðu bara styrktarþjálfun. - ibs



**LÓÐUM LYFT** Þeir sem vilja minnka búkfituna ættu að huga að réttri þjálfun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Vögguvísur ganga í erfðir

Vögguvísur eru í harðri samkeppni við sjónvarp, leiki og tækninýjungar. Þetta segir Lisa Bonnár í Noregi, sem skrifað hefur doktorsritgerð um vögguvísur. Rannsókn hennar sýnir að færri syngja vögguvísur en áður. Þeir sem gera það eru þó margir.

Bonnár segir vögguvísur ganga í erfðir frá kynslóð til kynslóðar. Nokkrar nýjar bætist þó við, einkum þær sem hafi orðið þekktar í sjónvarpi eða þær sem börnin hafi lært á leikskóla. Að sögn Bonnár eru það fyrst og fremst langskólagengnir foreldrar sem halda hefðinni við.

Hún bendir á að söngur vögguvísna veiti börnum öryggistilfinningu samtímis því sem foreldrarnir fá tækifæri til að rifja upp góðar minningar úr bernsku.

Bæði börnin og foreldrarnir fyllist góðum tilfinningum. - ibs



**ÖRYGGI** Vögguvísur veita börnum öryggistilfinningu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Minni Alzheimerssjúklinga batnar við reglulegar líkamsæfingar

**Regluleg líkamsrækt eykur líkamlega vellíðan og andlega færni sjúklinga með Alzheimer á byrjunarstigi samkvæmt niðurstöðum nýrrar danskrar rannsóknar. Samstarf er milli íþróttafélaga og Alzheimersfélaga í Finnlandi. Slíkt þyrfti að komast á hér á landi.**

**Ingibjörg Bára Sveinsdóttir**
ibs@frettabladid.is

Þegar sjúklingar sem eru með byrjunarstig Alzheimerssjúkdómsins taka reglulega á í líkamsrækt batnar minni þeirra og einbeitingin eykst. Þetta eru niðurstöður nýrrar danskrar rannsóknar sem greint er frá á vef danska ríkisútvarpsins. Haft er eftir Sten Hasselbalch, stjórnanda rannsóknarinnar sem gerð var á vegum danska ríkisspítalans, að stífar líkamsæfingar auki líkamlega vellíðan og hafi jákvæð áhrif á andlega færni. Viðmiðunarhópur sem ekki tók þátt í æfingunum sýndi ekki batamerki.

Þátttakendur í rannsókninni gerðu þol- og styrktaræfingar þrisvar í viku. Að sögn Hasselbalch var mestur árangur sjáanlegur þegar gerðar voru stífar æfingar. Hins vegar geti vel verið að teygjur og annars konar æfingar hafi áhrif. Þátttakendur gerðu æfingar saman í litlum hópum. Félagsskapurinn kann að hafa átt þátt í aukinni vellíðan Alzheimerssjúklinganna, að því er Hasselbalch greinir frá.

Rannsóknin stóð yfir í þrjú ár og er sú fyrsta sem sýnir fram á gagnsemi hreyfingar hjá sjúklingum með Alzheimer á byrjunarstigi, að því er bent er á á vef danska ríkisútvarpsins. Vísindamennirnir vita hins vegar enn ekki hvernig æfingarnar hjálpa. „Við vitum ekki hvort það er bara vegna betri líðanar almennt eða hvort eitthvað gerist í heilanum. Við ætlum að rannsaka það,“ segir Hasselbalch.



**LÍKAMSRÆKT** Minnið batnar og einbeitingin eykst þegar sjúklingar með Alzheimer gera reglulega líkamsæfingar. NORDICPHOTOS/GETTY

Svava Aradóttir, framkvæmdastjóri Félags áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga, segir fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á gagnsemi hreyfingar sem forvarnar. „Það hefur að undanförnu verið lögð mikil áhersla á hreyfingu í þessu skyni.“

Að sögn Svövu er markviss andleg og líkamleg þjálfun í dagþjálfun fyrir Alzheimerssjúklinga en slík þjálfun er á átta stöðum á höfuðborgarsvæðinu. „Þetta er hins vegar spurning um hvernig við náum til allra hinna sem ekki koma í dagþjálfun en þurfa á hreyfingu að halda. Fólk með Alzheimer getur átt í erfiðleikum með að skipuleggja sjálft líkamsæfingar með öðrum. Sjúklingarnir kunna auk þess að þurfa aðstoð til að komast á milli staða.“



**„Þetta er hins vegar spurning um hvernig við náum til allra hinna sem ekki koma í dagþjálfun en þurfa á hreyfingu að halda.**

*Svava Aradóttir, framkvæmdastjóri Félags áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga.*

Í Finnlandi er samstarf á milli íþróttafélaga og Alzheimersfélaga, að sögn Svövu. „Slíku samstarfi þyrfti að koma á laggirnar hér. En þá komum við enn og aftur að því sama, nefnilega skorti á fjármagni og starfsmönnum.“

Stjórnandi rannsóknarinnar í Danmörku mælir með því að Alzheimerssjúklingar þar hafi samband við sveitarfélagið sitt til þess að fá hjálp og stuðning til þess að stunda líkamsrækt. Hann tekur fram að þótt menn geri ekki miklu meira en að fara í göngutúr geti það haft góð áhrif. Það sé góð byrjun. Aðalatriðið sé að vera virkur yfir daginn.




Ritlistarkennsla fyrir 9-12 ára börn án endurgjalds í Borgarbókasafninu:

# Læra að skrifa sögur, breyta í leikrit og setja upp sýningu

Borgarbókasafnið býður upp á ritlistarkennslu fyrir börn á aldrinum 9-12 ára. Námskeiðið fer fram í öllum söfnum dagana 15.-19. júní og er ýmist fyrir eða eftir hádegið. Frí er á 17. júní, að því er segir á vef safnsins.

Skráning hefst í hverju safni 18. maí og námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu. Markmið námskeiðsins er fyrst og fremst að örva sköpunarkraft barnanna og fá þau til að nýta hann í að búa til sögu. Í Árbæ verður smiðjan með öðru móti því þátttakendur fá leiðsögn í því að breyta sögu í leikrit að auki og fá þeir að setja upp leikritið í lokin.

Fjöldi rithöfunda hefur komið að ritsmiðjunum í gegnum árin og í sumar eru það rithöfundarnir Gunnar Helgason (Gerðubergi og Sólheimum), Ævar Þór Benediktsson (Kringlunni og Grófinni), Hilmar Örn Óskarsson (Spönginni) og Ólöf Sverrisdóttir (Árbæ) sem sjá um smiðjurnar.



**RITLIST** Ungir höfundar spreyta sig við að búa til sögu. MYND/BORGARBÓKASAFNIÐ

ellingsen.is

Char-Broil TRU INFRARED | barbecook | Komdu og skoðaðu úrvalið!

# ALLIR ÚT AÐ GRILLA!




**10%** afsláttur af öllum gasgrillum

**Wok grillpanna, Doritos og kippa af Pepsi** fylgir með öllum seldum grillum.*

**20%** afsláttur af öllum grill-aukahlutum

*á meðan birgðir endast.



**CHAR-BROIL** GASGRILL
2 brennarar

**62.991 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 69.990 KR.**
Léttgreiðslur 10.499 kr. í 6 mánuði



**CHAR-BROIL** GASGRILL
3 brennarar

**98.991 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 109.990 KR.**
Léttgreiðslur 16.499 kr. í 6 mánuði



**CHAR-BROIL** GASGRILL
4 brennarar

**125.991 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 139.990 KR.**
Léttgreiðslur 20.999 kr. í 6 mánuði



**CHAR-BROIL** TITAN GASGRILL
3 brennarar

**152.910 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 169.900 KR.**
Léttgreiðslur 25.485 kr. í 6 mánuði



**CAMPINGAZ** CAST IRON GASGRILL
3 brennarar

**80.091 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 88.990 KR.**
Léttgreiðslur 13.349 kr. í 6 mánuði



**BARBECOOK** GRILL SIESTA 210
2 brennarar

**58.491 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 64.990 KR.**
Léttgreiðslur 9.749 kr. í 6 mánuði



**BARBECOOK** SIESTA 310 CREAM GASGRILL
3 brennarar

**89.991 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 99.990 KR.**
Léttgreiðslur 14.999 kr. í 6 mánuði



**BARBECOOK** SMOKER XL

**44.991 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 49.990 KR.**
Léttgreiðslur 7.499 kr. í 6 mánuði

**LEITAÐU RÁÐA HJÁ OKKUR**
Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | OPNUNARTÍMI |
|---|---|---|
| Fiskislóð 1 | Tryggvabraut 1–3 | Mán.–fös. 10–18 |
| Sími 580 8500 | Sími 460 3630 | Lau. 10–16 |

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA




**FLÓTTAFÓLK Í INDÓNESÍU** Þúsundir flóttamanna hafa streymt frá Búrma undanfarið. Flestir eru þeir múslimar af Rohingya-þjóðinni, sem sætt hafa ofsóknum af hálfu búddista í Búrma. Margir flóttamannanna hafa komist til Indónesíu, eins og þessir sem hafa fengið húsaskjól í Aceh-héraði þar. Indónesíumenn hafa hins vegar einnig sent mörg flóttamannaskip aftur til baka. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# ÁSTAND HEIMSINS







**HANDTEKNIR Í SAN SALVADOR** Lögreglan handtekur liðsmenn glæpagengis sem kennt er við 18. stræti. Meira en tíu þúsund liðsmenn þessa gengis sitja nú þegar í fangelsi í El Salvador, en talið er að 60 þúsund að auki gangi lausir. NORDICPHOTOS/AFP




**MINNAST NÁMUSLYSS Í TYRKLANDI** Ættingjar þeirra sem létust í námuslysi í tyrkneska bænum Soma á síðasta ári komu í gær saman við grafir hinna látnu í tilefni þess að ár var liðið frá slysinu. Alls lét 301 námuverkamaður lífið eftir að sprenging varð í námunni. NORDICPHOTOS/AFP




**ELDUR SLÖKKTUR Á FILIPPSEYJUM** Fimm manns létu lífið í borginni Valenzuela á Filippseyjum í gær, eftir að eldur kviknaði í verksmiðju þar sem framleiddir eru inniskór úr gúmmíefnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




**KYRRÐARDAGUR Í KASMÍR** Tvær konur róa þarna bát sínum á Dalvatninu í Srinagar, höfuðborg indverska hlutans í Kasmír. NORDICPHOTOS/AFP



CR-V
HONDA
The Power of Dreams
VEGUR FRAMFARA ER ENDALAUS
BETRI AFKÖST, SPARNEYTNI OG TÆKNI
CR-V
KOMDU OG KYNNTU ÞÉR NÝJAN HONDA CR-V
www.honda.is
BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Fisk Seafood og Marel semja:

# Fá nýja vél fyrir landvinnslu

Fisk Seafood hefur keypt FleXicut-vatnskurðarvél frá Marel ásamt sjálfvirkri afurðadreifingu og nýjustu gerð ferskfiskflokkara. Vélin sker beingarð úr ferskum þorski, ýsu og karfaflökum, og bitar þau niður eftir ákveðnum skurðarmynstrum með mikilli nákvæmni með eða án roðs.

Jón Eðvald Friðriksson, framkvæmdastjóri Fisk Seafood, segir að kaupin á þessum búnaði séu gerð til að efla landvinnslu Fisk Seafood á Sauðárkróki. - jhh

Hagnaður Íslandsbanka nam 5,4 milljörðum króna á fyrsta fjórðungi og dróst saman um 2,9 milljarða:

# Afkoma Íslandsbanka umfram væntingar

„Við erum ánægð með afkomu bankans á fyrsta ársfjórðungi sem var umfram væntingar okkar. Kostnaður heldur áfram að lækka enda mikilvægt að styrkja enn frekar arðsemi af reglulegri starfsemi,“ segir Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, vegna uppgjörs fyrsta fjórðungs. Uppgjörið var birt í gær.

Hagnaður bankans eftir skatta var 5,4 milljarðar króna á fyrsta ársfjórðungi 2015 samanborið við 8,3 milljarða króna á sama tímabili 2014 en þá voru tekjur af einskiptisliðum umfangsmeiri. Arðsemi eigin fjár eftir skatta var 11,8% á fjórðungnum samanborið við 19,3% á sama tímabili 2014.

„Góður árangur í rekstri bankans hefur skilað því að lánshæfismatsfyrirtækið Fitch Ratings mat bankann, fyrstan hér á landi frá árinu 2008, í fjárfestingarflokk með stöðugum horfum. Sú niðurstaða er til þess fallin að skila bankanum hagstæðari kjörum í komandi skuldabréfaútgáfum bankans,“ segir Birna.

Aukning í nýjum húsnæðislánum var tæp 60% á fjórðungnum miðað við sama tímabil í fyrra. Birna segir vaxandi eftirspurn eftir lánum hjá viðskiptavinum sem eru að festa kaup á sinni fyrstu íbúð. - jhh



**ÁNÆGÐ** Birna Einarsdóttir segir að mat Fitch sé til þess fallin að skila bankanum hagstæðari kjörum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Sterkara en menn bjuggust við

**Töluverð viðbrögð urðu á skuldabréfamarkaði við yfirlýsingu Peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands í gær. Nefndin telur aðstæður vera að skapast fyrir hækkun stýrivaxta. Seðlabankinn gerir ráð fyrir miklum launahækkunum á næstunni sem auki á spennu í hagkerfinu.**

**Jón Hákon Halldórsson**
jonhakon@frettabladid.is

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfa hækkaði umtalsvert eftir að yfirlýsing Peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands var kynnt í gær. Mest hækkaði krafan á stuttum bréfum. Í yfirlýsingu Peningastefnunefndarinnar segir að þróun kjaraviðræðna að undanförnu og hækkun verðbólguvæntinga, auk vísbendinga um öflugan vöxt eftirspurnar, bendi til þess að aðstæður séu að skapast sem kalli á að hækka þurfi vexti á næsta fundi nefndarinnar í júní.

„Þetta er sterkara orðalag en menn höfðu búist við,“ segir Valdimar Ármann, sjóðsstjóri hjá GAMMA. Hann segir orðalag nefndarinnar gefa til kynna að þessar vaxtahækkanir séu nær í tíma en markaðurinn hafði búist við.

„Menn höfðu búist við að þeir myndu leyfa blekinu á kjarasamningum að þorna og greina möguleg verðbólguáhrif og taka síðan ákvörðun í framhaldi, leyfa hlutunum aðeins að raungerast,“ segir Valdimar. En miðað við yfirlýsinguna sé styttra í vaxtahækkanir Seðlabankans en menn höfðu búist við og markaðurinn bregðist við því með hærri ávöxtunarkröfu.

### Smitar út í verðbólguna

Valdimar segir að vextir á óverðtryggðum bréfum hafi hækkað mjög mikið undanfarna þrjá mánuði vegna aukinna verðbólguvæntinga. Umræða um kjarasamningana hafi hafist strax í haust og í vetur hafi komið í ljós að kjarasamningarnir yrðu umfram uppgefin markmið Seðlabankans. „Seðlabankinn var búinn að gefa ákveðnar leiðbeiningar um launahækkanir sem samrýmast verðbólgumarkmiði,“ segir Valdimar. Það sé liðinn töluverður tími frá því að í ljós kom að samningar myndu ekki taka mið af þeim leiðbeiningum.

„En svo er erfitt að segja hvernig samspil skattalækkana og launahækkana verður. Þetta smitar á ólíkan hátt út í verðbólguna og þess vegna hefði maður haldið að þeir myndu bara bíða eftir því að sjá hvað þeir hafa í hendi áður en þeir byrja að bremsa af eitthvað sem þeir vita ekki hvað verður,“ segir Valdimar. Með skattalækkunum vísar Valdimar í hugmyndir sem hafa verið reifaðar í fjölmiðlum um möguleg útspil stjórnvalda til að liðka fyrir kjarasamningum, til dæmis hækkun persónuafsláttar.

### Hagkerfið í þenslumörk

Valdimar segir að það verði að hafa í huga að á sama tíma og Seðlabankinn spáir miklum launahækkunum spái þeir einnig meiri hagvexti. „Þeir eru að spá 4,5 prósenta hagvexti í ár og framleiðsluspennu strax á þessu ári og góðum bata á vinnumarkaði. Þannig að það spilar saman líka. Þeir eru að sjá að hagkerfið er að fara í þenslumörk strax á þessu ári,“ segir hann.

Valdimar segir að þegar horft hafi verið til allra þessara þátta hafi bankanum væntanlega fundist mikilvægt að taka snemma í bremsuna í stað þess að bregðast við eftir á. „En í raun er hægt að segja að yfirlýsingin var harðari en búist var við og vaxtahækkanirnar nær í tíma en skuldabréfamarkaðurinn hafði gert ráð fyrir,“ segir hann.



**Í KRÖFUGÖNGU** Seðlabankastjóri og aðalhagfræðingur Seðlabankans hafa áhyggjur af því að of miklar launahækkanir ógni stöðugleikanum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



> **Menn höfðu búist við að þeir myndu leyfa blekinu á kjarasamningum að þorna og greina möguleg verðbólguáhrif og taka síðan ákvörðun í framhaldi, leyfa hlutunum aðeins að raungerast.**
> *Valdimar Ármann, sjóðsstjóri hjá GAMMA*

## Atvinnuleysi gæti aukist



„Ég skil ekki hvaða hagsmuni menn eru að verja,“ segir Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabankans. Þórarinn telur kröfu stéttarfélaga um miklar nafnlaunahækkanir kunna að koma verst niður á þeim sem standa höllum fæti, einkum þeim með litla menntun. Bæði Már Guðmundsson seðlabankastjóri og Þórarinn lýsa miklum áhyggjum af stöðu kjaraviðræðna. Már segir að ekki virðist allir skilja hvað gæti gerst ef launahækkanir yrðu óhóflegar. „Ég hef haft af þessu áhyggjur og held að öll nefndin deili áhyggjum af því að það sé ekki nægur skilningur á því að það eru ákveðnir hlutir sem hafa breyst, sem verða til þess að viðbrögðin við mjög miklum launahækkunum verða allt önnur en voru hér fyrr á árum. Þegar gengið var bara fellt og verðbólgan þurrkaði ávinninginn út og allir stóðu í sömu sporum. Áhrifin á atvinnustigið verða miklu meiri heldur en ég held að fólk átti sig á,“ sagði Már.

Aukin áhersla íslensku bankanna á stafræna þjónustu fyrir viðskiptavini er einn liður í því að draga úr rekstrarkostnaði:

# Fleiri viðskiptavinir Arion notuðu app en netbanka

Innskráningar í app Arion banka voru fleiri í janúar síðastliðnum en innskráningar í netbankann.

Höskuldur Ólafsson, bankastjóri Arion, segir engu að síður að heimsóknir í netbankann standi í stað. Breytingin stafaði af því að fólk væri í auknum mæli að nýta sér appið. Höskuldur segir að hann hafi búist við því að þróunin yrði þessi, en hún hefði orðið hraðari en hann bjóst við.

Aukin áhersla bankanna á stafræna þjónustu er einn liðurinn í því að draga úr rekstrarkostnaði bankanna. Í kynningu á uppgjöri fyrsta fjórðungs kemur fram að laun séu í takti við síðustu fjórðunga en starfsmönnum hjá móðurfélaginu hafi haldið áfram að fækka á tímabilinu.

Eins og fram kom í Markaðnum, fylgiriti Fréttablaðsins, í gær nam hagnaður Arion banka á fyrstu þremur mánuðum ársins 14,9 milljörðum króna en var 2,9 milljarðar á sama tíma í fyrra.

Afkoman er óvenjugóð og markast af óreglulegum liðum. Þar hafa mest áhrif einskiptisatburðir eins og skráning og sala bankans á hlutum í fasteignafélaginu Reitum og alþjóðlega drykkjaframleiðandanum Refresco Gerber.

Höskuldur segir að regluleg starfsemi bankans hafi líka gengið vel. „Arðsemi reglulegrar starfsemi er tæplega 10% á tímabilinu. Við höldum áfram að vinna að því að styrkja grunnrekstur bankans,“ sagði Höskuldur í afkomutilkynningu frá bankanum. - jhh



**BANKASTJÓRINN** Höskuldur Ólafsson segir notkun á appi bankans vera að aukast. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# PreCold®

# Það er til lausn við kvefi

**Með því að nota PreCold® getur þú:**

- Dregið úr einkennum kvefs
- Stytt tíma kvefeinkenna um allt að helming
- Fækkað kvefveirum í koki um 99%
- Komið í veg fyrir að þú fáir kvef ef þú notar PreCold® fyrirbyggjandi



PreCold® myndar verndandi filmu á slímhúðinni í kokinu. Filman sem inniheldur virk náttúruleg sjávarensím dregur úr getu veiranna til að bindast við slímhúðina í kokinu og fyrirbyggir þannig kvef.

PreCold® hentar fullorðnum jafnt sem börnum

## Gott ráð gegn kvefi

Fæst í apótekum - **www.precold.is**




ZYMETECH

Dreifingaraðili:
Vistor hf. Hörgatúni 2 - 210 Garðabæ - S. 535 7000

# SKOÐUN

Sveitarfélög setja hinsegin fræðslu á dagskrá:

## Viðbrögðin sýna að fræðslu er þörf

Síðdegis í gær tók bæjarstjórn Árborgar til umræðu tillögu bæjarfulltrúa Bjartrar framtíðar og Samfylkingarinnar um að farið verði í átak í eflingu hinsegin fræðslu í grunnskólum sveitarfélagsins. Deginum áður samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar að ráðast í átak til að efla hinsegin fræðslu í grunnskólum bæjarins. Um miðjan apríl reið bæjarstjórn Hafnarfjarðar á vaðið þegar hún samþykkti að efla hinsegin fræðslu í skólum bæjarins í samstarfi við Samtökin 78. Áður hafði Reykjavíkurborg reyndar átt í samstarfi við samtökin um samstarf tengt fræðslu í skólum og fagstéttum borgarinnar, en ekki undir jafn afgerandi formerkjum og nú.


**Óli Kristján Ármannsson**

olikr@frettabladid.is




Framtakið er þarft og vonandi taka fleiri bæjar- og sveitarfélög við sér í þessum efnum. Í greinargerð þeirri sem lögð er fram með tillögunni í Árborg kemur fram að fræðsla og upplýst umræða um hinsegin málefni sé án efa mikilvægur þáttur í að draga úr fordómum og hatursfullri orðræðu gagnvart hinsegin fólki. „Fræðsla og upplýst umræða skiptir jafnframt gríðarlegu máli fyrir þau ungmenni sem eru að velta fyrir sér kynhneigð sinni og kynvitund, eða sem tengjast hinsegin manneskju fjölskylduböndum," segir þar.

Viðbrögðin og umræðan sem upp spratt í apríl þegar bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti tillögu um þessa fræðslu sýna hins vegar svo ekki verður um villst að fræðslunnar er þörf. Sú þröngsýna heimskuumræða sem þá upphófst og rangfærslur um hugmyndina tóku út yfir allan þjófabálk.

Í slíkri orrahríð skiptir máli að fólk standi fast fyrir gegn fordómum og hatursorðræðu og því hárrétt af Samtökunum 78 að kæra einstaklinga fyrir ummæli þeirra í garð hinsegin fólks, líkt og þau gerðu undir lok mánaðarins. Tíu manns voru kærðir fyrir ummæli sín, en sumir fóru mikinn í opnum símatíma Útvarps Sögu og á Facebook-síðu sem stofnuð var til að mótmæla hinsegin fræðslunni. Málfrelsi fylgir líka ábyrgð og ótækt að illa innrættir, eða illa upplýstir, einstaklingar vaði fram með árásum á minnihlutahópa. Gildir þá einu hver verður fyrir óhróðrinum.

Í Árborg eiga bæjarfulltrúarnir sem að tillögunni standa ekki von á öðru en að hún renni auðveldlega í gegn. Enda er það svo að ekki er um annað að ræða en tillögu um að hefja einhverja vegferð, endanleg útfærsla er eftir. Sama staða er uppi í Kópavogi þar sem menntasvið hefur verið falið að vinna umsögn og koma með tillögu (og kostnaðaráætlun) um útfærsluna.

Fræðsla vinnur á fordómum og óskandi að árangur af verkefni sem þessu verði sem bestur þannig að mannlífið fái blómstrað. Miðað við orðræðu hér og hvar væri kannski ekki heldur úr vegi að efla fjölmenningarfræðslu. Fólk er alls konar og í fjölbreytileikanum felast bæði tækifæri og fegurð, meðan einsleitnin ber í sér geldingu andans. Kannski er sérstakt rannsóknarefni hvar þessa þjóð hefur borið af leið í umburðarlyndi.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### „Af karlmennsku"

Ásmundur Friðriksson gagnrýndi minnihlutann harðlega á þingi í gær og lét í veðri vaka að málþóf væri bara fyrir konur. Sagði hann að þingmenn ættu að taka stefnumálum Sjálfstæðisflokksins um fleiri virkjanakosti með „sæmilegri karlmennsku" og reyna að vinna málið en ekki vera með málþóf. Ekki hefur andstaða við stóriðjustefnu stjórnvalda verið kyngerð áður svo vitað sé. Málþóf er þá líklegast kvenlegur eiginleiki að mati þingmannsins.



### Alvöru karlmennska

Sigurður Ingi Jóhannsson hefur ákveðið að starfsmenn Fiskistofu sem starfa í Hafnarfirði þurfi ekki að flytjast búferlum með stofnuninni norður. Stofnunin verður flutt engu að síður en með breyttu sniði. Þar fer sjávarútvegsráðherra að áliti umboðsmanns Alþingis og vill gera bragarbót á þeim vinnubrögðum sem unnin hafa verið af hendi. Það er hvorki karlmannlegt né kvenmannlegt að skipta um skoðun og vilja gera betur. Það kallast einfaldlega vönduð stjórnsýsla.



### En hvar er Hafnarfjörður?

Á vef atvinnuvegaráðuneytisins birtist frétt um að starfsmenn Fiskistofu geti valið hvort þeir starfi á Akureyri eða í Reykjavík. Greinilegt þykir að sveitarfélagið Hafnarfjörður hafi því að öllu leyti gleymst innan ráðuneytisins því síðast voru höfuðstöðvar stofnunarinnar staðsettar þar. Spurning er hvort Hafnfirðingar þurfi að bjóða ráðherra í opinbera heimsókn í bæinn svo hann muni eftir þeim í framtíðinni.

sveinn@frettabladid.is

## HALLDÓR





FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871







## Verndum Rammann

AUÐLINDIR




**Árni Páll Árnason**

formaður Samfylkingarinnar


Mikilvægasta verkefni okkar þessar vikurnar er að finna leiðir til að standa saman. Við verðum að finna sátt um meginlínur og draga úr lamandi átökum sem einkenna þjóðmálin nú um stundir. Átök eru á vinnumarkaði, um hvort þjóðin eða fámennar klíkur fái arð af eða eignarhald á sameiginlegum auðlindum og um stefnu Íslands í alþjóðamálum. Okkur þykir eðlilega flestum nóg um.

Rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða er farsæl sáttaleið sem við sköpuðum til að leiða til lykta langvinn átök um náttúruvernd og orkunýtingu. Það skrýtna er að átakasækin ríkisstjórn reynir nú að brjóta upp þennan eina farsæla vettvang sem við höfum til að setja niður deilur.

Rammaáætlun byggði á hugmyndinni um að ólík sjónarmið gætu mæst, ef fagleg sjónarmið réðu för. Hún endurspeglar þannig virðingu okkar fyrir þeim verðmætum sem eru í húfi og er kynslóðasáttmáli því að náttúran – og orkan sem hún getur skapað – eru í senn fjöregg okkar og framtíðaruppspretta atvinnu og tækni. Þessi viðhorf endurspeglast í stefnu Samfylkingarinnar um Fagra Ísland þar sem markmiðið er að byggja brú sáttar milli náttúruverndar og orkunýtingar.

Verklag rammaáætlunar kemur í veg fyrir óvandaðar ákvarðanir, þar sem

**➜ Rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða er farsæl sáttaleið sem við sköpuðum til að leiða til lykta langvinn átök um náttúruvernd og orkunýtingu.**

skammtímasjónarmið eru látin ráða. Grundvallarreglan er sú að verkefnisstjórn sérfróðra aðila gerir tillögur til stjórnmálamanna og stjórnmálamenn útfæra þær hugmyndir eftir tilteknum leikreglum. Þess vegna er ótrúlegt að við skulum nú eyða dýrmætum tíma okkar á Alþingi í að ræða tillögu ríkisstjórnarflokkanna sem færir þessar ákvarðanir aftur í pólitískan farveg.

Átökin um rammaáætlun snúast um að meirihlutinn fer gegn ákvörðunum verkefnisstjórnar áætlunarinnar um að færa eina virkjun, Hvammsvirkjun, úr biðflokki í nýtingarflokk og færir að auki fjórar aðrar virkjanir með handafli. Um er að ræða virkjanir í neðri hluta Þjórsár og uppi á hálendinu sjálfu, við Skrokköldu á Sprengisandi og Hagavatn sunnan Langjökuls. Af þessum kostum stingur mest í augun að Hagavatnsvirkjun hefur aldrei komið til umfjöllunar hjá verkefnisstjórninni. Það er því jafn fráleitt hjá meirihlutanum að gera tillögu um hana og ef þeim hefði dottið í hug að Gullfoss yrði virkjaður.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Þjóðareign.is

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
hagfræðiprófessor



Fyrstu kvótalögin voru samin á skrifstofum LÍÚ eins og rakið er í ritgerð Halldórs Jónssonar „Ákvarðanataka í sjávarútvegi og stjórnun fiskveiða“ í Samfélagstíðindum 1990 (bls. 99-141). Fyrir liggja ljósir vitnisburðir um afleiðingar þessa.

Styrmir Gunnarsson, fv. ritstjóri Morgunblaðsins, segir í bók sinni Umsátrið (2009, bls. 206): „Handhafar kvótans urðu þeir valdamenn, sem máli skiptu í sjávarplássunum í kringum landið. Þeir höfðu líf plássanna í hendi sér. ... Þingmenn landsbyggðarkjördæmanna stóðu nær undantekningarlaust með kvótahöfunum. Þeir vissu sem var, að snerust þeir gegn þeim, væri stjórnmálaferli þeirra lokið. ... Frambjóðendur í prófkjörum þurftu og þurfa að leita fjárstuðnings ..., þar á meðal hjá handhöfum kvóta. Það jafngilti pólitísku sjálfsmorði að rísa upp gegn handhafa kvóta á landsbyggðinni.“

**Ef þú átt hús**

Vandinn hefur ágerzt. Nýlegt dæmi er ákvörðun ríkisstjórnarinnar 2009-2013 um að leggja ekki auðlindagjald á makrílveiðar þótt ríkissjóður berðist í bökkum eftir hrun eins og hann gerir enn. Önnur dæmi eru afturköllun áður ákveðinnar hækkunar veiðigjalda 2013 og nú síðast makrílfrumvarpið, sem liggur fyrir Alþingi og kveður á um úthlutun kvóta með miklum afslætti til sex ára í senn frekar en til eins árs eins og hingað til. Hér er á ferðinni grímulaus tilraun til að binda hendur Alþingis fram í tímann til að hafa af þjóðinni réttmætan arð hennar af eign sinni – og það meðan t.d. heilbrigðiskerfið getur ekki sinnt frumskyldum sínum og landið logar í verkföllum. Makrílfrumvarpið, nái þjóðin ekki að bera hönd fyrir höfuð sér og stöðva það, gæti orðið upptakturinn að því að festa í sessi um langan aldur ranglætið, óhagkvæmnina og ófriðinn, sem stafar af fiskveiðistjórnarkerfinu.

Málið er einfalt. Ef þú átt hús, þá viltu ekki að tengdamóðir þín leigi það vini sínum langt fram í tímann fyrir brot af réttu verði.

**Fullt gjald**

Alþingi hefur brugðizt þjóðinni í kvótamálinu og einnig brugðizt alþjóðasamfélaginu.

Tökum þjóðina fyrst. Nýja stjórnarskráin kveður á um „fullt gjald“ fyrir veiðiréttinn. Í greinargerð frumvarps Stjórnlagaráðs er því vandlega lýst hvað í orðunum felst. Fullt gjald er markaðsgjald, þ.e. hæsta gjald sem nokkur er fús til að greiða á markaði með sama hætti og sjálfsagt þykir t.d. á húsnæðismarkaði.

Þegar Alþingi hafði legið yfir stjórnarskrárfrumvarpinu í sjö til átta mánuði 2011-2012 kvaddi það stjórnlagaráðsmenn saman til aukafundar til að fá svör við nokkrum spurningum, m.a. þeirri spurningu hvort breyta mætti orðunum „fullt gjald“ í „sanngjarnt gjald“. Fundurinn svaraði spurningunni neitandi afdráttarlaust og einum rómi með þeim rökum að í eignarréttarákvæði frumvarpsins, sem er óbreytt frá 1944, er kveðið á um að „fullt verð“ skuli koma fyrir eignarnám. Til að gæta innra samræmis og gera öllum eignarrétti jafnhátt undir höfði þarf „fullt“ verð að standa í báðum ákvæðum.

Við bætist að „sanngjarnt gjald“ mætti e.t.v. skoða sem stjórnarskrárvarinn afslátt handa útvegsmönnum. Alþingi lét sér segjast og „fullt gjald“ fékk að standa óbreytt þar til það gerðist á lokametrum meðferðar frumvarpsins á Alþingi 2013 að í stað orðanna „gegn fullu gjaldi“ voru skyndilega komin orðin „gegn eðlilegu gjaldi“. Þingmenn eiga eftir að upplýsa hver laumaði þessari dulbúnu efnisbreytingu inn í frumvarpið eins og til að veita útvegsmönnum fyrirheit um stjórnarskrárvarinn afslátt. Mínar heimildir á Alþingi herma að breytingin hafi verið gerð að undirlagi þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þetta þarf að upplýsa.

Vandinn hefur ágerzt. Nýlegt dæmi er ákvörðun ríkisstjórnarinnar 2009-2013 um að leggja ekki auðlindagjald á makrílveiðar þótt ríkissjóður berðist í bökkum eftir hrun eins og hann gerir enn.

**Mannréttindi**

Mannréttindanefnd SÞ birti bindandi álit 2007 þess efnis að fiskveiðistjórnarkerfið bryti gegn mannréttindum og fyrirskipaði ríkisstjórninni að nema mannréttindabrotaþáttinn, þ.e. mismununina, brott úr kerfinu og greiða skaðabætur sjómönnunum tveim sem höfðuðu málið, þeim Erlingi Sveini Haraldssyni og Erni Snævari Sveinssyni. Ríkisstjórnin lofaði mannréttindanefndinni bót og betrun, m.a. með því að lögfesta nýja stjórnarskrá með auðlindaákvæði til að bregðast við vandanum. Auðlindaákvæðið í frumvarpi Stjórnlagaráðs tekur fullt tillit til álits mannréttindanefndarinnar. Nefndin brást við í góðri trú með því að fella málið niður 2012. En þá gerist það að ríkisstjórnin svíkst aftan að mannréttindanefndinni með því að salta stjórnarskrárfrumvarpið sem var forsenda nefndarinnar fyrir niðurfellingu málsins. Fróðlegt verður að fylgjast með viðbrögðum mannréttindanefndarinnar við þessum upplýsingum um háttalag Alþingis. Stjórnarskrárfélagið hefur sent nefndinni bréf um málið.

Ef allt væri með felldu væri nýja stjórnarskráin sem 67% kjósenda samþykktu í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012 nú þegar í gildi. Þá dygðu 23.000 undirskriftir kosningabærra manna til að setja makrílfrumvarp ríkisstjórnarinnar í þjóðaratkvæði án milligöngu forseta Íslands. Undirskriftirnar eru þegar komnar upp fyrir 31.000. Þú getur sagt forsetanum skoðun þína, lesandi minn góður, með því að skrifa undir áskorun til hans á vefsetrinu thjodareign.is um að vísa málinu í þjóðaratkvæði.

# Um aukið aðgengi að áfengi í Háskóla Íslands

SAMFÉLAG
Ísak Rúnarsson
hagfræðinemi við Háskóla Íslands



Árið er 2011 og uppi eru hugmyndir innan Háskóla Íslands um að endurvekja Stúdentakjallarann sem var fyrst opnaður árið 1975. Kjallarinn, eins og hann var kallaður, hafði þó lognast út af og honum loks lokað árið 2007 og enginn bar sem ætlaður var stúdentum hafði verið starfræktur í fjögur ár.

**Dagdrykkja og sötur – fyrirhyggja og skynsemi**

Hugmyndirnar um nýjan Stúdentakjallara snúa að því að byggja við Háskólatorg, samkomustað og félagsmiðstöð stúdenta og kennara við Háskóla Íslands. Ekki falla hugmyndirnar öllum í geð og uppi eru háværar efasemdarraddir um gagnsemi og gjöfulleika þess að opna stað á háskólasvæðinu sem býður upp á áfengi frá klukkan ellefu á daginn. Enda er það ljóst að verði þessar hugmyndir að veruleika hafi allir beint aðgengi að bjór og öðrum ólifnaði fyrir tiltölulega hóflegt gjald.

Efasemdarraddirnar benda á það að ekki kunni allir að fara með áfengi og fari svo að nýr Stúdentakjallari verði byggður séu miklar líkur á því að stúdentar leggist í dagdrykkju og sötur. Yrði eðli þeirrar dagdrykkju að sötrararnir myndu svo mæta hífaðir í tíma, valda truflunum og skemma fyrir kennslu. Svo ekki sé nú talað um þá óhæfu að kennari yrði Bakkusi að bráð fyrir kennslustund; þvílíkt hneyksli!

Árið 2011 eru horfurnar síður en svo góðar fyrir þessar efasemdarraddir en sama hvað tautar og raular virðast menn ætla að leggja í byggingu kjallarans. Fyrir efasemdarraddirnar hefur það sennilega verið ljúfsárt, því jafnvel þó kjallarinn verði byggður mun reynslan veita þeim uppreisn æru og sýna af hversu mikilli fyrirhyggju og skynsemi þær töluðu.

**Fótboltaspilið brotnaði**

Skautum nú fram til ársins 2015 þegar kjallarinn hefur verið starfræktur í þrjú ár í þessu 15.000 manna samfélagi sem gæti staðið undir því að vera fimmta stærsta sveitarfélag landsins. Hver er staðan? Skyldu stúdentar og kennarar mæta hífaðir í tíma að jafnaði? Syngja menn drykkjusöngva á göngum háskólans, léttir, ljúfir og kátir á góðum miðvikudegi?

➜ **Skyldu stúdentar og kennarar mæta hífaðir í tíma að jafnaði? Syngja menn drykkjusöngva á göngum háskólans, léttir, ljúfir og kátir á góðum miðvikudegi?**

Nei, svo er það víst ekki. Að undanskildu einu atviki sem átti sér stað eftir haustfögnuð starfsmanna háskólans, þar sem fótboltaspilið brotnaði, muna rekstraraðilar ekki eftir því að hlutirnir hafi nokkru sinni farið úr böndunum. Skemmst er frá því að segja að í öllum þeim kennslustundum sem undirritaður hefur sótt hafa samnemendur og kennarar verið allsgáðir og engar sögur er að segja af öðru háttalagi í öðrum deildum háskólans.

Raunar er það svo að sárafáir eru eftir sem gangast við því að hafa viðrað efasemdir. Það minnir um margt á þær efasemdarraddir sem heyrðust þegar bjórbanninu var aflétt í mars 1989, að minnsta kosti þekki ég ekki þann mann sem vill kannast við að hafa verið á móti því. Spurningin er því sú; hvað verður um efasemdarraddirnar nú ef áfengi verður hleypt í búðir?

Femarelle®
Náttúruleg lausn við áhrifum tíðahvarfa

„Femarelle er algjört undraefni fyrir mig“
-Soffía Káradóttir






- Staðfest með rannsóknum sl. 14 ára - vinnur á einkennum tíðahvarfa kvenna.
- Inniheldur staðlað tofu extract, ekki erfðabreytt (GMO frítt)
- Náttúruleg lausn fyrir konur án hormóna.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT

# Heildarsýn skiptir sköpum í ráðgjöf við nemendur

MENNTUN



**Guðrún H. Sederholm**
félagsráðgjafi, náms- og starfsráðgjafi og kennari

Einu sinni enn gríp ég til greinarskrifa. Ástæðan er grein sem Fréttablaðið birti á forsíðu og inni í blaðinu 7. maí sl. varðandi áhrif styttingar náms í framhaldsskóla, á brotthvarf nemenda.

Fram kemur í viðtali við Magnús Þorkelsson skólameistara og Kristrúnu Birgisdóttur, sérfræðing hjá Námsmatsstofnun, að nemendur séu að flosna upp frá námi í æ ríkari mæli en áður vegna andlegra og líkamlegra veikinda. Magnús tekur fram að álag á ráðgjafa í skólum sé gríðarlegt og hafi verið í langan tíma.

Það eru sem sé komnir alvarlegir brestir sem birtast helst í brotthvarfi nemenda.

Ekki kemur mér þetta á óvart því ég hef varað við þessu opinberlega í meira en tuttugu ár. Eftir mig liggja skýrslur þess efnis að líta þurfi heildstætt á líðan og aðstæður nemenda ef þeir eiga að dafna.

Skýrslurnar voru skrifaðar fyrir tvo ráðherra með tíu ára millibili. Annars vegar fyrir Svavar Gestsson þegar hann réð mig til að þróa ráðgjöf í grunnskólum landsins og hins vegar Björn Bjarnason sem tilnefndi mig formann nefndar um eflingu ráðgjafar á öllum skólastigum.

Fram kom í báðum þessum verkum sem unnin voru fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið alvarleg ábending um að sinna þyrfti persónulegri ráðgjöf við nemendur ef ekki ætti illa að fara.

Tillaga mín var alltaf sú að félagsráðgjafar væru ráðnir að grunn-og framhaldsskólum ásamt náms-og starfsráðgjöfum til að veita nemendum skikkanlega þjónustu, kennurum og stjórnendum handleiðslu og foreldrum ráðgjöf.

**Félagsráðgjafa í skólana**

Vinnulag félagsráðgjafa felur einfaldlega í sér heildarsýn á aðstæður nemandans þegar kemur að persónulegum vanda. Nemandinn er nefnilega bæði andlega og líkamlega til staðar í skólanum ef hann mætir á annað borð. Hann er aldrei bara nemandi, hann er líka manneskja. Hlutverk skólans, samkvæmt lögum frá 2008, er að búa hann undir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Brotthvarfsnemandi fer á mis við þann undirbúning að mestu leyti.

Skólinn er sá vettvangur þar sem hægt er að beita heildstæðri þjónustu og ná til nemenda, greina vanda og veita stuðning og ráðgjöf auk þess að beina nemandanum í viðeigandi þjónustu innan heilsugæslu eða í önnur þau úrræði sem nauðsynleg má telja.

Svíar og Finnar hafa beitt sér fyrir því að barna- og unglingavernd sé hluti af heilsuþjónustu innan skólakerfisins. Þjónusta við nemendur verður öflugust í nærumhverfi þeirra. Félagsráðgjafar eru sérfræðingar í einmitt slíkri þjónustu.

Ábendingar mínar til tveggja ráðherra auk fjölda blaðagreina um efnið eru í fullu gildi og gætu breytt vondri stöðu í viðunandi stöðu með því að ráða félagsráðgjafa inn í skólana. Þeir myndu brúa bilið milli samfélags – foreldra – skóla – og nemenda í persónulegri ráðgjöf því ekki fæst við hana ráðið eins og staðan er í dag. Álag á alla aðila skólakerfisins er alltof mikið.

# Evrópusambandið er friðarverkefni

EVRÓPUMÁL



**Federica Mogher**
æðsti talsmaður ESB í utanríkismálum

Þann 9. maí 1950 hvatti Robert Schuman þjóðir Evrópu til að taka höndum saman og gera stríð óhugsandi í heimsálfunni okkar. Bæn hans um frið og samheldni er jafn brýn nú, að 65 árum liðnum, og hún var þá.

Ákall Schumans um að leysa aldagamlar erjur aðeins fimm árum eftir að seinni heimsstyrjöldinni lauk lagði grunninn að því sem nú heitir Evrópusambandið. Í áranna rás hefur sambandið okkar stækkað úr sex ríkjum í 28 ríki og er nú helsta friðarverkefni heims. Draumar frumkvöðlanna hafa orðið að veruleika.

**Ekki sjálfgefin gæði**

En friður og velmegun eru ekki sjálfsagðir hlutir. Þetta eru gæði sem byggjast á einlægum skuldbindingum okkar um grundvallarréttindi, lýðræði og réttarríkið. Þetta er verkefni í stöðugri þróun sem sífellt þarf að næra og vernda.

Nú, þegar svipir stríðsátaka vofa á ný yfir heimsálfunni, er samstaðan okkar helsti styrkur. Þegar alþjóðalög eru brotin og mannleg reisn lítilsvirt þá ber okkur skylda til að veita slíku viðnám og verndа þau grundvallargildi og þá hagsmuni sem við deilum með fólki um allan heim.

Í ár fögnum við í fyrsta sinn Evrópudeginum með nýrri stjórn Sambandsins. Frá fyrsta degi í embætti höfum við haft það að leiðarljósi að vinna sem eitt og breiða út boðskap samstöðu um Evrópu og heim allan.

**Friðarverkefni í stöðugri mótun**

Evrópusambandið er daglegt friðarverkefni. Öll aðildarríkin, stór sem smá og gömul sem ný, eiga sitt sæti við borðið og raddir þeirra hljóma jafnhátt. Að búa til samstöðu úr fjölbreytninni getur verið vandasamt, en þrotlaus samvinna og þolinmæði í viðræðum leiða okkur að bjargföstu samkomulagi. Nú á dögum þarf að leysa þetta af hendi á heimsvísu. Við bjuggum til utanríkisþjónustu Evrópusambandsins til að ná þessu markmiði og vinna með samstarfsaðilum okkar í heiminum öllum, í Afríku og í arabalöndunum, Ameríku og Asíu.

Að binda enda á stríð er að ljúka deilum og sætta gamla fjandmenn. Einnig snúast stríðslok um að tryggja betri framtíð fyrir yngri kynslóðirnar. Þess vegna sameinumst við um að berjast gegn öfgahyggju og skipulagðri glæpastarfsemi, og um að takast á við neikvæð áhrif loftlagsbreytinga og tryggja orkuöryggi okkar í framtíðinni.

**Langtímamarkmið**

Við vinnum að því að hækka alþjóðlega staðla svo að við getum öll drukkið hreint vatn og andað að okkur hreinu lofti. Svo við öll fáum notið sambærilegra lífsgæða og afurða og í Evrópu. Við eigum í samstarfi um allan heim um að fjárfesta í menntun og nýsköpun svo við höfum fleiri möguleika, jafnvel fyrir þau okkar sem fæðast fátæk og búa við átök.

Evrópusambandið er framtíðarverkefni. Af þeim sökum fögnum við Evrópudeginum, til að minnast liðinnar tíðar, en einnig til að líta til framtíðar. Ég vona að þið viljið vera með okkur í að skapa heim þar sem fólki er, óháð því hver eða hvar það er, frjálst að móta líf sitt og vinna að settu marki.

*Greinin birtist þessa dagana í fjölmiðlum um víðan heim.*

# Sólskinið virkjað með kísli frá Grundartanga

IÐNAÐUR

**Gunnar Sigurðsson,** Sjálfstæðisflokki
**Sveinn Kristinsson,** Samfylkingunni
**Þröstur Þór Ólafsson,** Vinstri hreyfingunni – grænu framboði
**Guðmundur Páll Jónsson,** Framsóknarflokki

Greinarhöfundar eru fyrrverandi bæjarfulltrúar til margra ára í bæjarstjórn Akraness.

Væntanleg sólarkísilverksmiðja Silicor Materials Inc. á Grundartanga sætir miklum og góðum tíðindum, ekki aðeins fyrir Akranes og Vesturland, heldur íslenskt samfélag og þjóðarbú.

Við sjáum ástæðu til að leggja orð í belg umræðunnar um áform bandaríska fyrirtækisins og nefnum hér í fáeinum punktum markverðustu tíðindi málsins.

1 Verksmiðjan verður vinnustaður 450 manna, fagfólks á mörgum sviðum og af báðum kynjum.

2 Erlend fjárfesting af slíku umfangi er vel þegin og mikilvæg innspýting í efnahagslífið. Hún hefur mikil margfeldisáhrif á öllu atvinnusvæði Vesturlands og Suðvesturhornsins.

3 Skipulagsstofnun telur umhverfisáhrif starfseminnar ekki umtalsverð og framkvæmdin skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

4 Umhverfisstofnun er sama sinnis og vísar til þess að verksmiðjan muni hvorki losa flúor né brennisteinstvíoxíð út í umhverfið. Mengunarálag á Grundartanga aukist því ekki með starfseminni.

5 Silicor hefur öðlast einkaleyfi á algjörlega nýrri framleiðsluaðferð þar sem unnið er í lokuðu kerfi.

6 Raforkunotkun verður einungis þriðjungur þess sem gerist í hefðbundinni sólarkísilframleiðslu.

7 Væntanleg framleiðsluvara, hreinn kísill frá Grundartanga, verður flutt úr landi og notuð til að framleiða sólarkísilflögur sem menn setja á þökin sín og virkja sjálft sólskinið til raforkuframleiðslu.

8 „Hliðarafurðir“ sólarkísilframleiðslunnar verða söluvörur líka, til dæmis álhlutar sem nýtast í bíla og létta þá – sem aftur sparar eldsneyti og dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Hér er dregin upp í mjög einföldu máli heildarmynd af umfangsmikilli og nær mengunarlausri iðnaðarframleiðslu sem veita mun mörg hundruð manns atvinnu, nýtir endurnýjanlega, græna, íslenska orkugjafa til starfseminnar og framleiðir vöru til að breyta sólarljósi í raforku!

Þetta hefðu einhvern tíma þótt tíðindi til næsta bæjar og þau afar góð. Í þjóðmálaumræðunni heyrast hins vegar háværar úrtöluraddir og rakalaus stóryrði um áformin um nýja iðnfyrirtækið á Grundartanga, aðstandendur þess og þá sem að málinu koma hér innanlands.

**Vondir talsmenn**

En ekkert er nýtt undir sólinni. Við þurftum sjálfir að þola ýmsar ákúrur og ásakanir á sínum tíma þegar við beittum okkur fyrir uppbyggingu á Grundartanga, sem reyndist enn meira gæfuspor fyrir samfélagið en við þorðum að vona. Því var meira að segja haldið fram að iðnrekstur á Grundartanga myndi ógna heilsufari Skagamanna vegna hættu á að vatnsból þeirra í Akrafjalli mengaðist. Bæjaryfirvöld tóku umræðuna að sjálfsögðu alvarlega, létu rannsaka efnainnihald drykkjarvatnsins á Akranesi og fengu síðar staðfest með rannsóknum að innihaldið breyttist ekki með rekstri iðnveranna. Slíkar rannsóknir eru gerðar reglulega og engin breyting hefur átt sér stað. Reyndar er magn þungmálma minna í vatni Skagamanna en úr Gvendarbrunnum, vatnsbóli Orkuveitu Reykjavíkur í Heiðmörk.

**➜ Eðlilegt er að skoðanir geti verið skiptar en umræða sem einkennist af brigslum og svigurmælum leiðir aldrei til góðrar niðurstöðu.**

Við rifjum þetta upp hér í tilefni af því að okkur blöskrar sá harkalegi tónn sem sumir málshefjendur velja sér í umræðunni. Þar er ekkert gefið eftir, enginn gaumur gefinn að afkomu hundraða fjölskyldna sem eiga allt sitt undir því að halda vinnu og ekki litið til hagsmuna samfélaganna sem hlut eiga að máli.

Umræða um umhverfismál þarf að vera opin og hreinskiptin. Við höfum komið okkur upp stofnunum sem eiga fyrir okkar hönd að gæta þess að farið sé að lögum og reglum. Í þessum stofnunum starfa sérhæfðir vísindamenn sem okkur er ætlað að treysta. Þessu til viðbótar þarf almenningur alltaf að vera vakandi, afla sér bestu upplýsinga og spyrja spurninga. Eðlilegt er að skoðanir geti verið skiptar en umræða sem einkennist af brigslum og svigurmælum leiðir aldrei til góðrar niðurstöðu. Þeir sem iðka slíkt eru vondir talsmenn umhverfisins.

Við fögnum því að í sjónmáli er að undirritaðir verði samningar um að sólarkísilverksmiðja rísi á Grundartanga, nýtt og spennandi fyrirtæki með öllum þeim jákvæðu formerkjum sem við stikluðum á hér á undan.

Það er rík ástæða til þess að ganga út í vorið með sól í sinni.




Láttu draumagarðinn verða að veruleika
Pantaðu landslagsráðgjöf í dag!

Halla Pétursdóttir, landslagsarkitekt FILA, hjálpar þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar í síma

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Berghólabraut 9, 230 Reykjanesbær | Smiðjuvegi, 870 Vík | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is







## Prófaðu að meðhöndla liðverkina með Voltaren geli.

Berið u.þ.b. 2-4 g af Voltaren geli (samsvarar magni á stærð við kirsuber eða valhnetu) á aumt svæðið. Endurtakið 3-4 sinnum á dag, þangað til einkenni eru horfin.

**Voltaren gel er bæði verkjastillandi og bólgueyðandi.**

Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á altækum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

# Frítíminn getur verið dýrt spaug

SAMFÉLAG



**Margrét Júlía Rafnsdóttir**
verkefnastjóri innlendra verkefna hjá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi

Brátt líður að sumri, skólar loka dyrum sínum og börnin flykkjast út til að njóta þess sem sumarið hefur upp á að bjóða; ferðalög, leiki, námskeið og samveru við fjölskyldu og vini. Ólíkt grunnskólanum, sem er kjölfesta allra barna, er frítíminn eins misjafn og aðstæður barnanna leyfa. Frítíminn getur nefnilega verið dýrt spaug.

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland hefur lögfest, eiga öll börn rétt á grunnmenntun án endurgjalds. Þau eiga rétt á tómstundum, leikjum og skemmtunum sem hæfa aldri þeirra og þroska. Jafnframt er í Barnasáttmálanum kveðið á um að ekki megi mismuna börnum sökum stöðu þeirra eða foreldra þeirra, svo sem vegna efnahags.

Skólinn er hornsteinn jafnræðis í samfélaginu og þar gefst einstakt tækifæri til að jafna aðstöðu barna. Hér á landi er almennt lítill munur á milli skóla og í flestum íslenskum skólum er að finna þverskurð íslensks samfélags. Það er í skólanum sem mörg börn kynnast hinu fjölbreytta samfélagi lista, menningar og íþrótta. Þau uppgötva eigin hæfileika og áhugasvið og finna þeim gjarnan farveg til lífstíðar. Því miður er það þó svo að sökum efnahagslegrar stöðu foreldra sinna hafa ekki öll börn á Íslandi tækifæri til að rækta áhugamál sín, stunda tómstundir utan skólatíma eða nýta sér hin fjölbreyttu tækifæri sem börnum bjóðast í skólafríum.

Þó að grunnskólinn sé gjaldfrjáls hafa börn gjarnan þurft að greiða fyrir ýmislegt sem tengist skólanum, svo sem fyrir námsgögn, skemmtanir og ferðalög. Nú þegar líður að vori senda sumir skólar út lista yfir námsgögn sem börn þurfa til skólagöngunnar haustið 2015 og skólinn gerir ráð fyrir að foreldrar útvegi. Mikilvægt er að árétta að öll þau gögn sem gert er ráð fyrir að börn noti fyrir skólann ætti skólinn að útvega án endurgjalds.

### Börnum sé ekki mismunað

Til að gera börnum kleift að taka þátt í kostnaðarsömum viðburðum á vegum skóla eða tómstundafélaga hefur það víða tíðkast að börnin eru látin safna fé með því að selja vinum og vandamönnum ýmsan varning og jafnvel er salan eyrnamerkt hverju barni. Hér þarf að huga að því að ábyrgðin verður foreldranna og staða barna og foreldra þeirra er ansi misjöfn. Ekki hafa öll börn sömu tækifæri til að afla fjár með þessum hætti og sem dæmi má nefna að sum börn eiga foreldra sem ekki eru á vinnumarkaði, eru af erlendum uppruna og/eða hafa lítið tengslanet.

Mikilvægt er að öllum börnum sé gert kleift að taka þátt í öllu því starfi sem er á vegum skóla eða annars starfs sem tengist skólanum, svo sem foreldrafélaga eða frístundaheimila, og sé ekki mismunað vegna stöðu þeirra. Jafnframt er mikilvægt að öll börn hafi tækifæri til að sinna tómstundum utan skólatíma og í skólafríum.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi kalla eftir stefnu frá stjórnvöldum hvað varðar rétt allra barna til tómstunda, leikja og skemmtana án þess að þeim sé mismunað vegna stöðu foreldra sinna sem þau bera svo sannarlega ekki ábyrgð á. Barnaheill vilja jafnframt hvetja alla þá sem vinna með börnum eða að málefnum þeirra að tryggja öllum börnum þann rétt sem þau eiga samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og að þeim sé ekki mismunað. Þannig megi öll börn þroskast og dafna, uppgötva hæfileika sína og nýta þau tækifæri sem samfélagið hefur upp á að bjóða.

**→ Ólíkt grunnskólanum, sem er kjölfesta allra barna, er frítíminn eins misjafn og aðstæður barnanna leyfa.**

# Til þeirra sem skömmina eiga

KJARAMÁL



**Jóhanna Marín Jónsdóttir**
sjúkraþjálfari

Ég ætla að segja ykkur hræðilegt leyndarmál.

Ég ákvað í nótt þegar ég lá andvaka að láta til skarar skríða. Létta af mér skömminni. Koma skömminni á réttan stað eins og þegar ég opinberaði það að ég hafði verið beitt kynferðislegu ofbeldi sem barn, af hálfu nágranna míns, þegar umræðan stóð sem hæst um það málefni fyrir nokkrum misserum síðan. Þá öðlaðist ég kjark til að losa mig undan oki áratuga skammar yfir því, sem ég átti enga sök á.

Nú finn ég til sömu löngunar gagnvart öðru máli sem hefur hvílt á mér í meira en tvo áratugi og nú ætla ég að nota andrúmsloftið sem er í samfélaginu og létta þessari skömm af mér og koma henni á þann stað sem hún á heima.

Þessi djúpstæða skömm sem hefur rænt mig friði og haft áhrif á sjálfsmynd mína og allt mitt líf, er sú að ég hef ekki getað séð mér og börnunum mínum farborða á sómasamlegan hátt, þrátt fyrir að hafa brotist til mennta og trúað því að menntunin myndi skila sér í bættum lífskjörum fyrir mig og fjölskyldu mína.

Ég er sem sagt ein af þessum heimtufreku menntuðu einstaklingum sem Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra þessa lands vill meina að heimti 50-100% launahækkun og komi þannig þjóðfélaginu á hliðina. Sannleikurinn er sá að ef ég vinn 100% vinnu með mína fagmenntun og ofan á hana bætist áratuga starfsreynsla og mikil sérþekking næ ég loksins núna 460.210 kr. í heildarlaun á mánuði. Sem þýðir að ég fæ til ráðstöfunar innan við 280.000 kr. Ég vil taka það fram að ég er með betri laun en margir sem ég þekki og vinna t.d. á Landspítalanum með sambærilega menntun og starfsreynslu. Það helgast af því að það eru misjafnir stofnanasamningar í gangi á hverjum vinnustað fyrir sig. Ég get fullyrt að flestir þeirra sem eru í kjarabaráttu núna, innan raða BHM, eru með á bilinu 350.000-550.000 kr. í heildarlaun fyrir 100% starf. Launatafla okkar núna er frá tæplega 270.000 kr. upp í hæstu laun, sem aðeins einhverjir örfáir toppar geta náð, um 860.000 kr. Það er undantekning að fá þau laun. Ég veit að ég tala fyrir munn margra sem upplifa stöðu sína svipaða minni. Að skammast sín fyrir að eiga ekki fyrir nauðþurftum þrátt fyrir að hafa lagt á sig langt nám og mikla fjárfestingu, þjóðfélaginu öllu til heilla.

Ég get fullyrt það að menntun á stóran þátt í því að hér byggjum við friðsælt og umburðarlynt þjóðfélag sem lætur sér enn annt um náungann.

Menntun er mjög beitt vopn og misvitrir ráðamenn hræðast það að lýðurinn sé upplýstur og taki afstöðu og láti ekki bjóða sér hvað sem er. Það er skammarlegt að það fólk sem þjóðin kaus yfir sig til að stjórna landinu skuli leyfa sér að láta það út úr sér að ef við fáum mannsæmandi laun og að menntun sé metin til launa þá ógni það efnahagslegum stöðugleika. Við vitum betur. Það er hagstjórnin sem ekki er í lagi.

Nú ríður á að standa þétt saman og láta ekki einhverja pólitíska frasa slá okkur út af laginu. Hér þarf að leiðrétta misrétti sem hefur þróast undanfarin ár og áratugi.

Stöndum saman og látum þá eiga skömmina sem hana eiga.

Drykkir sem vinna gegn vökvatapi



Resorb™
- Lausn við vökvatapi, eftir t.d. uppköst.
- Gott í flensu með háum hita og svitakófi.
- Reynist vel þegar dvalið er í heitum löndum.
- Reynist vel daginn eftir áfengisnotkun.

Resorb™ Sport
- Bætir upp vökvatap
- Minnkar líkur á vöðvakrömpum
- Flýtir endurheimt (recovery)

FASTUS
Veit á vandaða lausn

Velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16, 2.h. Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900

FASTUS_H_36.05.15

# „Auðveldara að gefa konum lyf“

HEILBRIGÐISMÁL

**Guðrún Ebba Ólafsdóttir**
**Kristín I. Pálsdóttir**
**Þórlaug Sveinsdóttir**
í ráði Rótarinnar

Hinn 17. apríl var neysla kvenna á geðlyfjum og róandi ávanalyfjum til umræðu í þættinum Kvennaráð á sjónvarpsstöðinni Hringbraut. Þar velti Björk Eiðsdóttir þáttarstjórnandi upp þeirri spurningu hvort verið sé að meðhöndla eðlilegar tilfinningar kvenna með geðlyfjum og ávanabindandi lyfjum en viðmælendur hennar voru þær Þórgunnur Ársælsdóttir, formaður Geðlæknafélagsins, Valgerður Rúnarsdóttir, læknir á Sjúkrahúsinu Vogi, og Kristín I. Pálsdóttir, talskona Rótarinnar.

Samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Embættis landlæknis nota íslenskar konur mun meira af þunglyndislyfjum en karlar. Þetta á reyndar ekki bara við á Íslandi heldur kemur fram á vefsíðu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar að þó að svipað margir karlar og konur eigi við geðrænan vanda að stríða þá sé birtingarmynd hans mjög kynbundin. Þunglyndi er algengasti geðheilsuvandi kvenna, helmingi algengari en meðal karla, þær þjást frekar af kvíðaröskunum en karlar og þær eru líklegri til að þjást af fjölkvillum.

En hver er þá skýringin á þessum kynjamun? Í þættinum kom fram, bæði hjá Valgerði og Þórgunni, að engin einhlít skýring væri á þessu kynjamynstri en kannski væri „auðveldara að gefa konum lyf“, „þær leita frekar á heilsugæsluna“, „leita sér frekar aðstoðar“ og aðspurð af hverju konur koma síður til meðferðar en karlar svarar Valgerður að það sé spurning hvort þær séu „meira úti í bæ að fá lyf og vera hjá læknum heldur en að koma í meðferð og líta á sig með fíkil. Þetta er svo flókið. Þetta er ekki alveg einfalt svar við þessu en örugglega sitt lítið af hverju.“

Það kemur því lítið haldbært fram í viðtali við læknana um ástæður þess að konur þurfi á svona miklum geðlyfjum og ávanabindandi lyfjum að halda. Sú skýring að konur leiti frekar til læknis kafar ekki djúpt í vandann og skilur eftir sig spurninguna: Af hverju fara konur svona oft til læknis?

### Þurfa valdeflandi stuðning

Fleiri spurningar vöknuðu hjá okkur Rótarkonum eftir þáttinn. Eru konum frekar ávísuð lyf í stað þess að leitað sé að rót vandans? Af hverju fá karlar síður ávísuð geðlyf? Er kannski enn við lýði sú hugsun að konur séu „veikari“ og jafnvel hugsjúkar eða hysterískar? Af hverju koma mun færri konur en karlar í áfengis- og lyfjameðferð?

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur hins vegar ágætar skýringar á því af hverju konur glíma við svo mikla vanlíðan að þær sprengi skalana í notkun ávanabindandi lyfja og geðlyfja. Það eru nefnilega sterk tengsl á milli þessa heilbrigðisvanda kvenna og „kynhlutverka, streituvalda og neikvæðra upplifana og atvika“. Kynbundnir áhættuþættir geðraskana sem algengar eru hjá konum eru samkvæmt AHS: „kynbundið ofbeldi, óhagstæð félagsleg skilyrði, lágar tekjur og tekjumisrétti, undirskipun í félagslegu tilliti og stéttarstöðu og stöðug ábyrgð á umönnun annarra.“

Við skimun á ofbeldi inni á Vogi kemur í ljós að 80% kvenna sem koma þar til meðferðar hafa orðið fyrir ofbeldi. Þetta er gríðarlega hátt hlutfall sem varpar skýru ljósi á tengsl fíknivanda og ofbeldis og annarra erfiðra upplifana sem hljótast af veikari stöðu kvenna í samfélaginu. Það er því ekki fjarri lagi að álykta að verið sé að gefa lyf við tilfinningavanda sem skapast af stöðu þeirra, m.a. í ofbeldisfullu hjónabandi eða í nánum samböndum, í stað þess að veita konum þann valdeflandi stuðning og meðferð sem þær þurfa á að halda.

Það skal tekið fram að þessi grein er ekki skrifuð gegn geðlyfjum, þau eru mörgum nauðsynleg. Við í Rótinni viljum hins vegar leita svara við þeim spurningum um kynbundinn mun á heilsufari sem við vörpum fram í greininni. Svörin fást með uppbyggingu þekkingarsamfélags, rannsóknum og meðferðarkerfi sem byggir á gagnreyndri þekkingu. Tilfinningavanda kvenna og fíknivanda þarf að skoða heildrænt og með kynjagleraugum eins og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin mælir fyrir um.

**→ Það kemur því lítið haldbært fram í viðtali við læknana um ástæður þess að konur þurfi á svona miklum geðlyfjum og ávanabindandi lyfjum að halda.**

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi.
Sendu greinina þína á **greinar@visir.is**
og við komum henni á framfæri hið snarasta.



**HÖFUÐPÚÐI**
Áður 11.990,-
**NÚ 8.393**

**SUNDAY SÓFI** m/færanlegri tungu
268x90x144 cm.
Áður 179.900,- **NÚ 125.930,-**

# 30% AFSLÁTTUR AF SUNDAY SÓFA, STRIGUM, LUKTUM, SKILTUM OG SPEGLUM



**DEKLOK KLUKKA**
Áður 5.990,- **NÚ 4.193,-**



**FENEYJAR**
áður 1.490 **NÚ 1.043**



**VINTAGE KLUKKA**
áður 3.990,-
**NÚ 2.793,-**



**LUCERAM LUKT**
Áður 4.990,-
**NÚ 3.493,-**



**ALNIF LUKT**
Áður 14.990,-
**NÚ 10.493,-**



**BRYGGJA**
áður 1.690,-
**NÚ 1.183,-**



**ROSE KLUKKA**
Áður 1.990,-
**NÚ 1.393,-**



**UZERCHE LUKT**
Áður 3.990,-
**NÚ 2.793,-**



**ACHNA LUKT**
Áður 19.990,-
**NÚ 13.993,-**




**LOVE SKILTI**
Áður 1.990,-
**NÚ 1.393,-**



**BLÓMA KLUKKA**
Áður 3.990,- **NÚ 2.793,-**




**HAPPINESS SKILTI**
áður 2.990 **NÚ 2.093**




**KITCHEN SKILTI**
Áður 1.990,- **NÚ 1.393,-**



**LONDON KLUKKA**
Áður 1.990,-
**NÚ 1.393,-**



**SPEGILL**
áður 3.990,- **NÚ 2.793,-**



**ANTIK LUKT**
Áður 7.990,-
**NÚ 5.593,-**




**I AM STRONG SKILTI**
Áður 1.990,-
**NÚ 1.393,-**




**DON'T FORGET SKILTI**
Áður 1.990,- **NÚ 1.393,-**

**TILBOÐIN GILDA 14.–20. MAÍ.**

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 Erum á Facebook • www.pier.is



## MERKISATBURÐIR 14. MAÍ

**1643** Loðvík XIV. tekur við völdum í Frakklandi fjögurra ára gamall.

**1811** Paragvæ fær sjálfstæði frá Spáni.

**1919** Átta klukkustunda vinnudagur er lögfestur í Danmörku.

**1922** Fimm skip farast og með þeim 44 sjómenn í ofsaveðri sem gengur yfir norðan- og austanvert landið.

**1939** Lína Medina eignast son einungis fimm ára að aldri og verður þar með yngsta móðir sem vitað er um í heiminum.

**1948** David Ben-Gurion forsætisráðherra lýsir yfir stofnun Ísraelsríkis.

**1955** Varsjársamningurinn er formlega undirritaður.

**1959** Pétur Ottesen, sem verið hafði þingmaður lengur en nokkur annar, hættir þingmennsku eftir 43 ár.

**1965** Fokker Friendship-flugvél Flugfélags Íslands, sú fyrsta sinnar tegundar, kemur til landsins.

**1973** Fyrsta bandaríska geimstöðin, Skylab, er send á sporbaug.

**1998** Jóhanna Sigurðardóttir talar samfellt í fimm og hálfa klukkustund á Alþingi.

**2000** Rúta með fjörutíu eldri borgurum veltur í Hvalfirði.

**2004** Friðrik, krónprins Dana, giftist Mary Donaldson í Kaupmannahöfn.

**ÞETTA GERÐIST** 14. MAÍ 1996

## „Magic“ hætti endanlega að spila

Körfuknattleiksmaðurinn Earvin „Magic“ Johnson hætti iðkun körfuknattleiks þennan dag fyrir nítján árum. Johnson greindist með HIV-smit árið 1991 og lagði þá skóna á hilluna, sem reyndist svo vera tímabundið. Hann lék hinn svokallaða Stjörnuleik árið 1992 og hugðist aftur láta staðar numið í iðkun körfubolta eftir Ólympíuleikana það sumar. En 36 ára að aldri tók hann skóna fram að nýju og lék 32 leiki með félagi sínu Los Angeles Lakers, áður en hann hætti endanlega.

Johnson er einn besti leikmaður í sögu NBA. Hann varð fimm sinnum meistari með LA Lakers, hann var þrisvar sinnum valinn mikilvægasti leikmaður ársins, lék tólf sinnum í stjörnuleikjum og lék með Draumaliðinu svokallaða á Ólympíuleikunum í Barcelona árið 1992. Síðan Johnson hætti að leika körfubolta hefur hann gegnt ýmsum störfum. Hann var um stund í þjálfun og hefur verið áberandi í fjölmiðlum. Hann er í hópi eigenda kvennakörfuboltaliðsins LA Sparks og hafnaboltaliðsins LA Dodgers. Johnson hefur einnig verið talsmaður HIV-smitaðra og barist ötullega fyrir réttindum þeirra.





**SÁTTUR Á AFMÆLISDAGINN** Ámundi Ámundason er sjötugur í dag.

# Ætlar að skrifa bókina Í námunda við Ámunda

Ámundi Ámundason útgefandi er sjötugur í dag. Hann ætlar sér að halda upp á daginn með fjölskyldunni. Ámundi rifjar upp skemmtilegar minningar í tilefni dagsins.

„Þetta er stór stund fyrir mig og Ísland,“ segir Ámundi Ámundason útgefandi hlæjandi. Hann á afmæli í dag, er sjötugur, og er fullur af kímni í tilefni dagsins: „Við sjáum hvað afmælið mitt skiptir þjóðina miklu máli. Hún fékk meira að segja frí í vinnunni og hér er víða flaggað.“

Ámundi á viðburðaríka starfsævi að baki og er enn í fullu fjöri. Hann gefur út tólf blöð í gegnum útgáfuna Fótspor. „Ég byrjaði að vinna níu ára gamall. Ég var farinn á sjóinn 13 ára gamall og hef alltaf verið að frá því að ég man eftir mér. Ég man til dæmis vel eftir því þegar ég réð mig á Elliða árið 1962. Við veiddum þorsk og síld fyrir utan sunnanvert landið. Þar var Árni Gíslason skipstjóri.“

Með sjómennskunni sinnti Ámundi öðru starfi; hann var umboðsmaður margra íslenskra hljómsveita. „Þetta voru Hljómarnir, Dúmbó og Steini, Haukarnir og fleiri góðar hljómsveitir. Ég ákvað svo að hætta í sjómennskunni, því ég var farinn að hafa meiri tekjur af umboðsmennskunni.“ Ámundi rifjar upp skemmtilegar tónleikaferðir sem farnar voru víða um land. „Ég skipulagði tónleika í nánast hverju bæjarfélagi landsins.“ Auk umboðsmennskunnar gaf Ámundi út hljómplötur. „Ég gaf út 57 plötur. Og þetta eru margar af perlum íslenskrar tónlistar. Ég er mjög stoltur af því.“

Reynslan af skipulagningu tónleika kom sér vel í öðru starfi sem Ámundi gegndi. Hann starfaði sem framkvæmdastjóri Alþýðuflokksins um tíma og átti í miklu samstarfi við vin sinn Jón Baldvin Hannibalsson. „Ég skipulagði fundaferð um allt land með Jóni og enduðum við í Laugardalshöll þar sem fimm þúsund manns mættu.“ Ámundi var í miklu samstarfi við fjölmarga stjórnmálamenn og á enn góða vini úr þeim geira. „Össur Skarphéðinsson hringdi í mig og tilkynnti mér að hann ætlar að gefa mér dýra gjöf í tilefni dagsins. Ég vil meina að ég hafi komið honum til manna þegar ég dró hann úr Alþýðubandalaginu yfir í Alþýðuflokkinn á sínum tíma,“ segir Ámundi og skellir upp úr.



**VINIRNIR TVEIR** Ámundi Ámundason og Jón Baldvin Hannibalsson eru góðir vinir.

Ámundi segir að engin veisluhöld séu skipulögð í tilefni afmælisins. „Ég býð börnunum og barnabörnunum bara út að borða á einhverjum dýrum veitingastað. Ég hélt nefnilega svakalegt „game“ þegar ég varð fimmtugur. Og maður á ekki að endurtaka gott partí!“

Ámundi segir annars að það standi til að skrifa ævisöguna, þar sem farið verður yfir góðar sögur og skemmtilega tíma. „Ég er sannfærður um að stórir aðilar í þjóðfélaginu muni berjast um bókina, sem mun bera titilinn Í námunda við Ámunda.“

kjartanatli@365.is



Fósturfaðir okkar og bróðir,

**ALF WILHELMSEN**
**Árskógum 8,**
**Reykjavík,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut 1. maí síðastliðinn.

**F.h. aðstandenda,**
**Bjarni F. Einarsson**
**Halldór E. Faust**
**Olga Vatle**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐFINNA K. ÓLAFSDÓTTIR**
**(GAUJA FRÁ FAGRADAL)**
**áður til heimilis að Vallargötu 6**
**í Vestmannaeyjum,**

lést á Dvalarheimilinu Hjallatúni, Vík í Mýrdal, laugardaginn 9. maí. Jarðarförin fer fram frá Víkurkirkju laugardaginn 16. maí kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim, sem vilja minnast hinnar látnu, er bent á að láta Hollvinasjóð Hjallatúns (kt.: 430206-1410, banki 0317 – 13 – 300530) njóta þess.

**Sigrún Ósk Ingadóttir** | **Guðmundur Sigurðsson**
**Ingi S. Ingason** | **Katrín Þorbjörg Andrésdóttir**
**Ólafur Erlendsson** | **Gunnhildur V. Kjartansdóttir**
**Kjartan Erlendsson** | **Rikke Kiil Erlendsson**
**barnabörn og barnabarnabörn hinnar látnu.**



†

Elskuð systir okkar, mágkona og frænka,

**INGIBJÖRG ÓLAFSDÓTTIR NIELSEN**
**hjúkrunarfræðingur,**

andaðist á Roskilde-sjúkrahúsinu í Danmörku 1. maí sl. Hún hvílir nú við hlið manns síns í Vest Broby-kirkjugarðinum í Sorö.

**Sigríður Ólafsdóttir**
**Hildigunnur Ólafsdóttir** | **Hilmar Sigurðsson**
**og fjölskyldur.**




**Tíunda línan**
Gullsmiðurinn Ása Gunnlaugsdóttir á von á nýrri skartgripalínu innan skamms. Hún óskar eftir tillögum að nafni á línuna.
Síða 2





**Hannar silkislæður**
Fanney Antonsdóttir sýnir silkislæður á sýningu Hönnunar og handverks í Ráðhúsinu.
Síða 4



TÆKIFÆRISGJAFIR
TILBOÐ
Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990
Tékk Kristall
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955




OFNÆMI
Þegar sumarið gengur í garð vaknar frjókornaofnæmi hjá mörgum.

# ERTU MEÐ OFNÆMI?

**ARTASAN KYNNIR** *Prevalin allergy er ný lausn við frjókorna-, gæludýra- og rykmauraofnæmi. Prevalin allergy kemur í veg fyrir ofnæmiseinkenni með því að mynda örþunna himnu í nefi sem ofnæmisvakar komast ekki í gegnum.*

Það er komið sumar, sólin skín og náttúran vaknar. Um leið finna margir fyrir ofnæmi, sér í lagi frjókornaofnæmi sem er eitt það algengasta. Frjókornaofnæmið kemur fram í nefi og augum og getur valdið töluverðum óþægindum. Því er gott að geta gripið til einhverra ráða þegar dvelja á undir berum himni í sumar.

„Prevalin dregur úr ofnæmisviðbrögðum með því að gera ofnæmisvaka í nefinu óvirka, það örvar úthreinsun og myndar örþunna hlauphimnu sem ofnæmisvakar komast ekki í gegnum," segir Þórhildur Edda Ólafsdóttir, sölufulltrúi lausasölulyfja hjá Artasan. Hún bendir á að Prevalin Allergy megi nota við ofnæmi fyrir frjókornum, gæludýrum og rykmaurum.




Þórhildur tekur fram að Prevalin Allergy sé ekki lyf, það innihaldi ekki andhistamín eða stera og sé það af leiðandi ekki slævandi. „Prevalin Allergy inniheldur engin rotvarnarefni, alkóhól eða ilmefni. Það er hlaup sem verður að vökva þegar það er hrist og því er mikilvægt að hrista flöskuna vel fyrir notkun," útskýrir Þórhildur. Hún segir að bæði megi nota Prevalin Allergy sem fyrirbyggjandi lausn en einnig við upphaf ofnæmiseinkenna.

„Prevalin Allergy virkar hratt en hámarksvirkni er náð strax eftir þrjár mínútur. Síðan getur það virkað í allt að sex tíma."

**KOSTIR**
- Hámarksvirkni á þremur mínútum
- Ekki slævandi
- Fyrir 12 ára og eldri, hentar einnig þunguðum konum og konum með barn á brjósti
- Ekki lyf, og er andhistamín- og sterafrítt

**STAÐFEST VIRKNI GEGN**
- Hnerra
- Stífluðu nefi
- Nefrennsli
- Ertingu í augum

**SÖLUSTAÐIR**
Prevalin fæst í apótekum um land allt.



**ÞÓRHILDUR EDDA ÓLAFSDÓTTIR**
Sölufulltrúi lausasölulyfja hjá Artasan.




hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 | Sími 581 2141 | www.hjahrafnhildi.is


Lager sprengja
Völuteigur 17 -19
Mosfellsbæ - Sími 660 0021
20-70% afsláttur
Aðeins nokkra daga
50-70% afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, útlitsgölluðum dýnum, stillanlegum rúmum, höfðagöflum, rúmstæðum hvíldarstólum, sófum, rúmteppum, koddum, lökum o.fl.
Opið virka daga 12-18:30 - Laugardag 12-16
Tilboð
á völdum vörum í verslun meðan á lagersölu stendur t.d. sýningardýnum
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
Svefn & heilsa
Lager: Völutegi 17-19 - Mosfellsbæ
Sími 660 0021 - Opið kl. 12-18:30
laugardag 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Listhúsinu Laugardal, Reykjavík og Baldursnesi 6, Akureyri









**Á VINNUSTOFUNNI** Ása er ekki komin með nafn á línuna og býður fylgjendum sínum á Facebook að koma með hugmyndir. MYND/ÚR EINKASAFNI




# ÓSKAR EFTIR NAFNATILLÖGUM

**TÍUNDA LÍNAN** *Gullsmiðurinn Ása Gunnlaugsdóttir sendir frá sér nýja skartgripalínu á næstu dögum en hún er sú tíunda frá því að hún hóf að hanna skartgripi undir merkinu asa jewellery árið 2008.*

Nýjasta lína gullsmiðsins Ásu Gunnlaugsdóttur er innblásin af blómknúppum en skartgripir Ásu hafa margir vísun í náttúruna. Línan er hins vegar ekki komin með nafn og tekur Ása gjarnan við góðum hugmyndum á facebook-síðunni asa jewellery.

„Ég byrjaði með asa árið 2008 og fyrsta varan kom í verslanir 2009. Ég hef haft það að markmiði að vera að minnsta kosti með eina nýja línu á ári auk þess sem ég bæti inn í eldri línur en að undanförnu hef ég gefið svolítið í. Síðasta lína kom síðastliðið haust, þetta er vorlína og svo er von á annarri í haust. Þetta fer svolítið eftir því hvað maður er frjór en ferlið tekur langan tíma,“ útskýrir Ása en tíunda línan er væntanleg á allra næstu dögum.

Ása lætur framleiða gripina erlendis. Þegar hugmyndavinnu og prótótýpugerð er lokið af hennar hálfu tekur framleiðsluferlið eitt og sér um sex mánuði. „Ferlið í heild tekur því yfirleitt í kringum ár,“ segir Ása, sem að vonum hlakkar til að fá nýju línuna í hendur.

Ása er gefin fyrir blóm og fær oft hugmyndir á fjöllum. „Þessi lína minnir á brum eða blómknúppa. Línunni tilheyra fjögur hálsmen, tvær tegundir af eyrnalokkum, hringur og armband. Ég er ekki komin með nafn en var að hugsa um að bjóða fylgjendum mínum á Facebook að koma með hugmyndir.“

Hver lína Ásu hefur íslenskt nafn og lýsir það yfirleitt einhvers konar hughrifum sem tengjast útlitinu. Ein línan heitir Sumarblær en upphaflega hugmyndin að baki henni kemur frá lambagrasi. Önnur lína heitir Gleym mér ei. „Margir kannast við að hafa skreytt peysurnar sínar með gleym mér ei-um og er hugmyndin í þeim anda, enda skart til skrauts. Þá eru skartgripir gjarnan gefnir sem ástarvottur og er nafnið í þeim skilningi svolítið rómantískt,“ útskýrir Ása.

Ása er með vinnustofu á Vesturgötu 19 í Reykjavík. Vörur hennar eru meðal annars til sölu í Michelsen úrsmiði á Laugarvegi, Epal í Hörpu, Mebu Rhodium í Kringlunni og víða á landsbyggðinni. Þá eru þær nýkomnar í sölu í skartgripaverslun í Helsinki í Finnlandi þar sem Ása lærði. „Ég vona að það verði upphafið að frekari útrás.“

vera@365.is



**HEILDSTÆÐ LÍNA**
Línunni tilheyra fjögur hálsmen, tvær tegundir af eyrnalokkum, hringur og armband. Línan minnir á brum eða blómknúppa og er væntanleg á næstu dögum.




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# HLAUPIÐ Í FALLEGRI NÁTTÚRUNNI

**SPORTÍS KYNNIR** *Hvítasunnuhlaup Hauka fer fram 25. maí en hlaupið hefur á fáum árum skipað sér sess sem helsta utanvegahlaup landsins. Hlaupið er í fallegri og fjölbreyttri náttúru fyrir utan Hafnarfjörð og er stemningin jafnan frábær.*

Árlegt Hvítasunnuhlaup Hauka fer fram annan í hvítasunnu en hlaupið er eitt vinsælasta utanvegahlaup landsins. Utanvegahlaup hafa notið sívaxandi vinsælda meðal hlaupara undanfarin ár enda fátt meira gefandi en að hlaupa í fögru umhverfi íslenskrar náttúru. Hjá Skokkhópi Hauka í Hafnarfirði hefur stór hópur hlaupara fært sig úr hefðbundnum götuhlaupum í utanvegahlaup enda er eitt fallegasta útivistarsvæði höfuðborgarsvæðisins í næsta nágrenni Ásvalla, íþróttasvæðis Hauka.

Hlaupið var fyrst haldið árið 2013 og segir Jóhann Konráð Birgisson, rekstrarstjóri Sportís, það strax hafa slegið í gegn. „Fallegt umhverfið og náttúrufegurð var það sem kom flestum á óvart og áttu margir hlauparanna varla orð til að lýsa upplifuninni. Enda sögðust flestir örugglega koma aftur að ári sem og þeir flestir gerðu.“ Sportís er aðalstyrktaraðili hlaupsins en Skokkhópur Hauka, með þá Pétur og Anton í fararbroddi, sér um skipulagningu og framkvæmd hlaupsins ásamt Jóhanni.

Svæðið sem hlaupið er um er afar fjölbreytt og fallegt að sögn Jóhanns. „Hlaupið er meðfram vatnsbökkum, upp og niður brekkur, í gegnum þéttan skóg, með hrauni og þétta breiðu af lúpínu og upp á Stórhöfðann þar sem er einstakt útsýni yfir Reykjanesið og höfuðborgarsvæðið. Meginhluti hlaupsins fer þó fram á góðum stígum.“

Lögð er áhersla á gott skipulag en um 50 brautarverðir starfa við hlaupið sem leiðbeina og hvetja keppendur. „Í ár verða þrjár drykkjarstöðvar þar sem boðið verður upp á vatn og Powerade auk þess sem plötusnúðar munu halda uppi góðri stemningu með dúndrandi tónlist. Allir keppendur fá svo Hleðslu-íþróttadrykk frá MS þegar þeir koma í mark og boðið verður upp á súpu og brauð.“

Boðið verður upp á tvær vegalengdir; aðalhlaupið er 17,5 km en einnig er boðið upp á 14 km leið en þar er sleppt hlaupinu upp á Stórhöfðann sem gerir þá vegalengd færa flestum hlaupurum sem treysta sér í 10 km götuhlaup. „Í fyrsta skiptið verður keppt í þremur aldursflokkum og verða veitt verðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin í hverjum aldursflokki. Auk þess fá sigurvegarar í kvenna- og karlaflokki í 17,5 km afhentan farandbikar sem ber nafnið Hvítasunnumeistarinn. Sigurvegarar í karla- og kvennaflokkum í báðum veglengdum fá gjafabréf í Sportís ásamt líkamsræktarkorti í Hreyfingu að andvirði 170.000 þúsund kr.“

Allir þátttakendur eiga möguleika á að vinna útdráttarverðlaun en Sportís gefur meira en tíu pör af Asics-hlaupaskóm auk ýmissa annarra gjafa. „Það hefur verið hörð keppni öll árin enda mæta flestir bestu utanvegahlauparar landsins. Kári Steinn hljóp í fyrra hlaupið á 1:04,07 og mikil keppni hefur verið í kvennaflokknum. Árið 2013 vann Eva Skarpas Einarsdóttir en í fyrra var það Elísabet Margeirsdóttir sem sigraði. Þær eru báðar skráðar til leiks ásamt mörgum af sterkustu kvenhlaupurum landsins sem gætu blandað sér í baráttuna um efsta sætið.“

Nánari upplýsingar um hlaupið og skráningu má finna á www.hvitasunnuhlaup.is.



**JÓHANN K. BIRGISSON**




**SKIPULEGGJENDUR** Jóhann K. Birgisson, rekstrarstjóri hjá Sportís, með Pétri og Antoni frá Haukum. MYND/GVA



**Í NÁTTÚRUNNI** Hvítasunnuhlaup Hauka eru fjölmenn og þykja vel heppnuð.

# ÚRVALS ÍÞRÓTTAVÖRUR

**SPORTÍS KYNNIR** *Sportís selur úrval af íþrótta- og útivistarvörum fyrir fólk á öllum aldri. Meðal þekktustu merkjanna má nefna Asics, Casall, Seafolly og Canada Goose. Nýlega opnaði Sportís nýja og glæsilega vefverslun sem hefur fengið góðar undirtektir.*

Sportís er ein stærsta sportvöruheildsala landsins og hefur umboð fyrir nokkur af vönduðustu og vinsælustu íþróttavörumerkjum heims. Fyrir nokkrum árum opnaði fyrirtækið glæsilega verslun í Mörkinni 6 í Reykjavík þar sem boðið er upp á mikið úrval íþrótta- og útivistavara fyrir fólk á öllum aldri. Að sögn Jóhanns K. Birgissonar, rekstrarstjóra Sportís, eru þekktustu vörumerki verslunarinnar Asics, Casall, Seafolly og Canada Goose auk þess sem Sportís hefur sölu á nýju vörumerki í sumar sem ber heitið Kari Traa.

„Aðaláherslur okkar eru á Asics og Casall. Hlaupaskórnir og fatnaðurinn frá Asics eru vandaðar vörur sem hafa verið mjög vinsælar undanfarin ár. Einnig bjóðum við upp á úrval íþróttavara frá Casall sem er mjög vinsælt íþróttamerki og þá sérstaklega hjá konum. Casall býður meðal annars upp á vandaðan og fallegan íþróttafatnað auk úrvals af ýmis konar æfingatækjum og öðrum íþróttavörum.“

Sportís selur einnig úrval af sundfatnaði frá Seafolly sem er að sögn Jóhanns mjög vandað merki og eingöngu ætlað konum. „Nýjasta merkið í verslun okkar heitir Kari Traa en um er að ræða fallegan og góðan útivistar- og íþróttafatnað sem er ætlaður konum á öllum aldri.“

Viðskiptavinir hafa tekið versluninni fagnandi að sögn Jóhanns enda staðsetningin frábær og vöruúrvalið gott. „Ekki skemmir fyrir starfsfólk okkar en þar er valinn maður í hverju rúmi. Viðskiptavinir okkar fá svo sannarlega faglega ráðgjöf og úrvalsþjónustu hér hjá okkur enda koma þeir aftur og aftur.“

Auk ofangreindra vara býður verslunin Sportís upp á vandaðar útivistarvörur frá Canada Goose, hlaupafatnað frá CW-X, GoPro-myndavélar og SIGG-vatnsbrúsa svo dæmi séu tekin af fjölbreyttu vöruúrvali verslunarinnar.

„Við opnuðum fyrir stuttu nýjan vef og vefverslun samhliða honum og erum slegnir yfir góðum viðbrögðum. Þar er hægt að panta fjöldann allan af vörum frá okkur og fá sent heim eða sækja til okkar í Mörkina. Vefverslun okkar býður upp á alla nútíma greiðslumöguleika, þar á meðal með Netgíró þar sem hægt er að dreifa greiðslum til allt að tólf mánaða eða borga tveimur vikum síðar.“

Allar nánari upplýsingar um vöruúrval Sportís má finna á www.sportis.is.




**FRÁBÆRIR SKÓR** Asics eru með betri hlaupaskóm sem fást í dag. MYNDIR/GVA



**VINSÆLL FATNAÐUR** CASALL -fatnaðurinn hefur slegið í gegn enda hentar hann hvaða íþrótt sem er. MYND/GVA



**NÝTT** Kari Traa er nýjasta merkið og ætlað konum á öllum aldri. MYND/ÚR EINKASAFNI

ZenBev - náttúrulegt Triptófan
Melatónin úr graskersfræjum
NÝTT
Betri og dýpri svefn
Engin eftirköst eða ávanabinding
Tvær bragðtegundir sítrónu og súkkulaði
Vísindaleg sönnun á virkni
sjá vitex.is
Melatónín er talið minnka líkur á blöðruhálskirtilskrabbameini
sjá vitex.is
Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum
Upplýsingar í síma 896 6949 og www.vitex.is
www.zenbev.is - Umboð: vitex ehf

Rauðrófu kristall
Betra blóðflæði - Betri heilsa
Upplýsingar í síma 896 6949 og www.vitex.is
SuperBeets
Nitric Oxide
Nóbelsverðlaun 1998
Sameind ársins 1992
Uppgötvun á Nitric Oxide var upphafið á framleiðslu rislyfja
Eftir fertugt
framleiðir líkaminn 50% minna Nitric Oxide
Breyting nítrats úr fæðu í Nitric Oxide byrjar í munni, þess vegna er SuperBeets tekið inn í vökvaformi, en ekki töfluformi.
Superbeets Nitric Oxide allt að 5 sinnum öflugra
1. dós superbeets jafngildir 30 flöskum af 500 ml rauðrófusafa
Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum
www.superbeets.is - vitex.is




My Style tískuhús
Stærðir 38-52
mystyle
Bæjarlind 1-3
201 Kópavogur
s: 571-5464

Til hvers að flækja hlutina?
SJÁLFKRAFA í BESTA ÞREP!
365
365.is
Sími 1817
0–60 mín. og SMS 0 kr. 60 mínútur og 60 SMS í GSM og heimasíma á Íslandi.
60–365 mín. og SMS 2.990 kr. 365 mínútur og 365 SMS í GSM og heimasíma á Íslandi.
Endalaust 4.990 kr. Endalausar mínútur og SMS í GSM og heimasíma á Íslandi.
Í upphafi mánaðar byrja allir viðskiptavinir í 0 mínútum og 0 SMS-um. Það fer síðan eftir notkun í hvaða þrepi hann endar þann mánuðinn.


**SILKI** Handmálaðar slæður.


**HANDLITAÐ** „Ég fylgi tilfinningunni fyrir efninu, forminu og upprunalegu hugmyndinni.“


**ÍSLENSK NÁTTÚRA** Fanney fær innblástur frá íslensku heimahögunum í Hrísey.

# SÆKIR INNBLÁSTUR TIL HRÍSEYJAR

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Fanney Antonsdóttir sýnir silkislæður á sýningu Hönnunar og handverks í Ráðhúsinu. Fanney er búsett í Noregi og segir Íslendinga hafa meira listrænt frelsi en tíðkast annars staðar á Norðurlöndunum.*

Þetta er í fyrsta sinn sem ég tek þátt í sýningunni í Ráðhúsinu og ég hlakka til að hitta fólk og viðskiptavini hér. Það er mjög fagmannlega að markaðinum staðið,“ segir Fanney Antonsdóttir hönnuður en sýningin Handverk og hönnun hefst í Ráðhúsinu í dag.

Þar sýnir Fanney silkislæður, ýmist handmálaðar, handlitaðar eða með stafrænu prenti en rúmlega fjörutíu þátttakendur víðs vegar að af landinu verða með vörur á sýningunni.

Fanney er búsett í Noregi þar sem hún fæst bæði við hönnun og listiðn.

„Ég er líka teiknari og nota þá hæfileika í silkið og vinn einnig við gervi fyrir sjónvarp og kvikmyndir. Ég hef búið í Noregi í ellefu ár og bjó áður átta ár í Kaupmannahöfn en ég útskrifaðist úr keramikdeild MHÍ á sínum tíma og fór svo í Danmarks Designskole. Í Noregi fór ég í sérnám í gervisgerð eða SFX og vinn við það samhliða,“ útskýrir Fanney. Hún segist mestmegnis vinna með náttúruleg efni og sækir innblásturinn til íslenskra átthaga.

„Ég leita til upphafsins í öllu sem ég geri og upphafið er Hrísey, þar ólst ég upp. Fjallgarðarnir, birtan og snjórinn eru hlutir sem hafa auðvitað sett sitt mark á alla Íslendinga, sama hvaðan við komum af landinu. Ég sæki líka innblástur í þær breytingar sem verða á hlutum með árunum, gamall veggur, upplituð flík, líkklæðið í Tórínó svo eitthvað sé nefnt. Sagan eða sporin eftir mannfólkið í náttúrunni og náttúran sjálf er ótæmandi uppspretta innblásturs.“

***Hvernig gengur hönnunarferlið fyrir sig hjá þér?***

„Ég byrja með hugmynd eða tilfinningu, stundum er hún skýr og stundum óskýr. Ég fylgi tilfinningunni fyrir efninu, forminu og upprunalegu hugmyndinni en er móttækileg fyrir því sem gerist í ferlinu. Síðan tekur sjálf hönnunin við og framleiðslan og að gæði vörunnar uppfylli mínar kröfur.

Ferlið er aðeins mismunandi í hönnun og listiðn, til dæmis þegar ég mála á silkið er hvert sjal eins og vatnslitamynd og ekki hægt að gera tvö stykki nákvæmlega eins. Það krefst ákveðins hugarástands og ef ég geri mistök verð ég annaðhvort að gera eitthvað úr þeim eða byrja á nýju silki.“


**SÝNIR Í RÁÐHÚSINU** Fanney Antonsdóttir sýnir handmálaðar silkislæður í Ráðhúsinu. MYND/STEFÁN

Fanney segir Íslendinga skera sig úr í heimi hönnunar og lista miðað við aðra Norðurlandabúa. Íslendingar búi jafnvel við meira listrænt frelsi.

„Það sem mér finnst alveg æðislegt er að á Íslandi þykir eðlilegt að nýta hæfileika sína á fleiri sviðum. Maður vinnur kannski fyrir sér sem pípulagningamaður, er í hljómsveit og gefur út ljóðabók. Þessi hugsunarháttur að hæfileikar og þekking nýtist þverfaglega gefur svo mikið listrænt frelsi, sem er stórkostlegt. Þetta er ekki sjálfsagður hlutur annars staðar á Norðurlöndunum. Þar geta þau lært af Íslendingum.“

**SÝNINGIN HÖNNUN OG HANDVERK**
***í Ráðhúsinu hefst í dag klukkan 16. Sýningin stendur dagana 14. til 18. maí. Opið er milli klukkan 10 til 18 alla dagana.***

SKÓLAR &NÁMSKEIÐ

**Kynningarblað** Hönnun skólabygginga, úr garðyrkju í lögfræði og samfélagsmiðlar í kennslu.



# Íslenskt lyklaborð fyrir iPad

Verslunin iStore í Kringlunni býður upp á algjöra nýjung fyrir iPad-eigendur, íslenskt hulstur með lyklaborði. Hulstrið er hannað hér á landi og er bylting fyrir þá sem vilja skrifa á iPad. Verðið er þar að auki frábært, aðeins 9.990 kr. Hentar vel til vinnu eða fyrir skólafólk. Auðvelt er að hlaða lyklaborðið.




Sigurður Þór Helgason hjá iStore með nýju iPad-lyklaborðshulstrin. MYND/ERNIR

Sigurður Þór Helgason, eigandi iStore, lét framleiða lyklaborðshulstrin en þau eru ætluð iPad air 1 og 2. „Lyklaborðið er með íslenskum stöfum auk sérstakra fídusa fyrir iPad. Með þessu er auðvelt fyrir fólk að vinna eða læra á iPad,“ segir Sigurður og bætir við að reynslan sé afar góð. Hulstrin fást í svörtu og rauðu. „Það fer lítið fyrir lyklaborðstöskunni og endingartími rafhlöðunnar er mjög góður. Taskan veitir iPadinum líka góða vernd,“ segir Sigurður.

Allar leiðbeiningar með lyklaborðinu eru á íslensku og því einfaldar í notkun. Lyklaborðið tengist iPadinum þráðlaust með Bluetooth og er hlaðið með hefðbundnu iPad-hleðslutæki. Hulstrið gefur möguleika á að stilla iPadinn á borði, hvort sem fólk vill hafa hann hallandi eða uppréttan. „Þetta er tilvalið fyrir námsmenn sem geta tekið iPadinn í skólann í staðinn fyrir fartölvu. Í dag er hægt að fá allan office-pakkann fyrir iPad,“ útskýrir Sigurður.

Í iStore versluninni í Kringlunni er lögð rík áhersla á góða þjónustu við viðskiptavini. „Við lánum viðskiptavinum okkar iPad, iPhone eða Mac-tölvu sem koma með tækin sín í ábyrgðarmeðferð og erum þeir einu með þá þjónustu. Margir eru mjög þakklátir fyrir það.“



Lyklaborðið kostar aðeins 9.990 kr.

### 37 fötluð börn hafa fengið iPad að gjöf

iStore er með styrktarsjóð þar sem 1.000 kr. af hverju seldu tæki sem selt er í búðinni rennur í sjóðinn. Sjóðurinn er notaður til að gefa langveikum og hreyfihömluðum börnum iPad til að þjálfa upp hreyfigetu, þroska og tjáningu. Fram til þessa hefur iStore gefið fjölmörgum börnum iPad fyrir tilstuðlan sjóðsins og hafa þessar gjafir aukið lífsgæði þessara barna mjög mikið.

„Við höfum verið með þennan sjóð frá árinu 2010 og hann hefur veitt 37 börnum iPad en hann er afar gagnlegt hjálpartæki fyrir hreyfihamlaða. Það er okkur mikil ánægja að koma til móts við þessi börn,“ segir Sigurður en það var fyrir tilviljun sem hann stofnaði sjóðinn.

„Ég var nýbúinn að opna búðina þegar ég fékk tölvupóst frá föður lamaðrar stúlku með taugahrörnunarsjúkdóm. Hún var á þriðja ári. Faðirinn spurði hvort ég teldi að iPad gæti hjálpað dóttur sinni. Ég velti þessu mikið fyrir mér og gúglaði alls kyns forrit sem mögulega gætu örvað hreyfingu barnsins. Síðan hitti ég þau feðgin og sýndi barninu forritin í iPadinum mínum. Það tók ekki nema mínútu fyrir stúlkuna að átta sig á tækinu og fljótlega fór hún að sýna markvissar hreyfingar. Sex mánuðum síðar var hún farin að keyra hjólastól. Þessi upplifun mín var svo sterk að það opnaðist nýr heimur fyrir mér. Ég gaf stúlkunni iPadinn og stofnaði sjóðinn til að hjálpa fleiri börnum,“ segir Sigurður. „iPad er stórkostlegt tæki til að örva þroska og hreyfigetu. Auk þess léttir iPadinn á umönnun fjölskyldunnar og veitir barninu afþreyingu. Ég hef séð mörg kraftaverk gerast hjá börnunum.“



Hægt er að stilla skjáinn á borði eftir því sem hentar hverjum og einum.



# Tengsl hönnunar og kennsluhátta

Ráðstefnan Skólabyggingar – tengsl hönnunar og kennsluhátta, verður haldin í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ fimmtudaginn 21. maí. Markmiðið er að leiða saman ólíka aðila í umræðu um hönnun skólabygginga sem kjöraðstæður fyrir nám.

Anna Kristín Sigurðardóttir, dósent við menntavísindasvið Háskóla Íslands, er ein þeirra sem höfðu frumkvæði að ráðstefnunni. „Undanfarin ár hefur hópur á vegum Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs unnið að því að skoða skólabyggingar. Í þeim hópi eru rannsakendur af menntavísindasviði HÍ, skólastjórar og arkitekt. „Við höfum safnað saman talsverðu af gögnum, höfum birt töluvert af niðurstöðum bæði hér á landi og erlendis og erum komin í erlent samstarf um þetta viðfangsefni. Því þótti okkur tími til kominn að efla samræðu hér á landi fyrir þá hópa sem koma að hönnun skólabygginga," segir Anna Kristín og telur ráðstefnuna þann 21. maí fullkominn vettvang til þess.

Anna Kristín heldur inngangserindi ráðstefnunnar; Þróun grunnskólabygginga á Íslandi með hliðsjón af menntastefnu og kennsluháttum. Í því mun hún greina frá niðurstöðum rannsóknarinnar á íslenskum grunnskólabyggingum, sem birtar voru m.a. í bókinni „Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar". „Þar kom meðal annars fram að hefðbundnar skólabyggingar 20. aldar, með skólastofum meðfram gangi, eru á undanhaldi. Í staðinn rísa byggingar sem eru hannaðar til að skapa möguleika á fjölbreyttum starfsháttum, sveigjanleika og teymisvinnu kennara," segir Anna Kristín og bætir við að mikið hafi verið byggt af skólahúsnæði á árunum 2000 til 2007, bæði nýir skólar og viðbyggingar. „Grunngerð þessara bygginga er frábrugðin hinu hefðbundna fyrirkomulagi 20. aldar. Þetta eru annars vegar klasabyggingar, þar sem settar eru saman tvær, þrjár skólastofur með miðrými og vinnuaðstöðu kennara og hins vegar opnar skólabyggingar," lýsir Anna Kristín en breytingar í hönnun skólabygginga byggjast meðal annars á áherslunni á einstaklingsmiðað nám.

### Teymiskennsla reynist vel

Anna Kristín mun einnig fjalla um áhrif þessarar þróunar skólabygginga á kennsluhætti og viðhorf kennara og stjórnenda til hennar.

„Við lögðum spurningalista fyrir nemendur, kennara og foreldra, og viðuðum að okkur miklum upplýsingum. Við komumst að því að í þeim skólum þar sem teymiskennsla er notuð, hvort sem er í opnum rýmum eða hefðbundnum skólabyggingum, var starfsánægjan meiri, starfsandinn betri og meiri ánægja með stjórnunarhætti. Þá mátu kennarar að einstaklingsmiðun væri komin lengra og meira væri um gagnrýna og opna umræðu um málefni skólans."

Anna Kristín segir nýlega alþjóðlega rannsókn sýna skýrt fram á að aukið samstarf kennara skili sér í bættum árangri og meiri starfsánægju. „Því má telja að bygging og umhverfi sem ýtir undir slíkt samstarf og sameiginlega ábyrgð kennara sé líklegri til að skila betra skólastarfi."

### Menntunin í fyrirrúmi

Að sögn Önnu Kristínar hafa frá því í kringum síðustu aldamót verið viðhöfð breytt vinnubrögð við undirbúning á hönnun skólabygginga víða um land. „Undirbúningurinn felst í því að hópur ólíkra hagsmunaaðila fjallar um og skilgreinir áherslur í menntun í væntanlegum skóla. Þegar niðurstaða er fengin í því er spurt hvernig umhverfi styður best við þannig skólastarf. Þessi nálgun er talsvert önnur en áður hefur tíðkast og líklegra að fram komi nýjar og breyttar áherslur og þar með byggingar," lýsir Anna Kristín.

### Fyrirtaks hljóðvist

Hún segir spennandi að sjá hvernig þessu nýja formi muni reiða af enda sé þetta ekki í fyrsta sinn sem nýjungar hafi orðið í skólabyggingum. „Á sjöunda og áttunda áratugnum voru byggðir opnir skólar, til dæmis Fossvogsskóli. Þessum skólum var fljótlega breytt og teknir upp eldri starfshættir þar sem formið þótti ekki gefast vel," segir hún. Þó breytingin þá hafi byggst á svipuðum hugmyndum og í dag segir hún marga telja að önnur niðurstaða fáist nú enda hafi þekkingu kennara og annarra á hugmyndafræðinni fleygt fram auk þess sem hljóðvist hafi þróast mikið. „Hljóðvistin í nýjum skólum í dag er mun betri en hún var fyrir þrjátíu árum," segir hún og tekur sem dæmi Ingunnarskóla og Framhaldsskólann í Mosfellsbæ, en hönnuðir þess skóla munu halda erindi á ráðstefnunni.



Anna Kristín Sigurðardóttir, dósent við menntavísindasvið Háskóla Íslands, stendur hér við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ. Byggingin þykir mjög vel heppnuð þegar litið er til hljóðvistar. MYND/ERNIR

### Fróðlegir fyrirlestrar

Á ráðstefnunni verða fleiri fyrirlesarar, meðal annars frá Bretlandi og Portúgal. „Dr. Pamela Woolner frá Newcastle hefur til dæmis lagt sig eftir að vinna með skólastjórum og kennurum að því að nýta skólahúsið með öðrum hætti en gert er, í takt við breytta kennsluhætti, án þess að til komi ný bygging," segir Anna Kristín og nefnir einnig portúgalska arkitektinn Dr. Gonçalo Canto Moniz sem hefur lagt stund á rannsóknir á hönnun og arkitektúr skólabygginga í Portúgal þar sem mikið átak hefur verið í gangi varðandi skólabyggingar á unglinga- og framhaldsskólastigi.



Hér er teikning af því hvernig skólabyggingar hafa þróast. Á tuttugustu öld voru langflestir skólar með kennslustofum meðfram gangi. Í dag skiptast nýjar skólabyggingar í klasa eða opna skóla.

**Ráðstefnan fer fram fimmtudaginn 21. maí frá klukkan 12.30 til 17.00. Hún er opin öllum en fólk þarf að skrá sig á www.menntavisindastofnun.hi.is.**

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Jónatan Atli Sveinsson, jonatan@365.is s. 512 5446 Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson.




## Háskólanám erlendis á sviði skapandi greina

Nemum í **alþjóðlegum fagháskólum** gefst einstakt tækifæri til að kynnast suðupotti hugmynda, með stefnum og straumum víða að úr heiminum.

Í boði er **hagnýtt nám**, sem sameinar frumkvæði, hugmyndir og tækni og er í góðum tengslum við **alþjóðleg fyrirtæki**.

Nemendur hafa aðgang að vel búnum rannsóknar- og vinnustofum og **kennarar eru reyndir sérfræðingar** á sínu sviði.

Háskólanám erlendis í **hönnun, listum, miðlun, stjórnun, eða tísku** opnar einnig möguleika á að hitta „rétta" fólkið og komast áfram á alþjóðlegum markaði.

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ • SÍMI 562 2220 • WWW.LINGO.IS

lingó MÁLAMIÐLUN

# Nauðsynleg hæfni á 21. öldinni

**Rakel Sölvadóttir,** stofnandi og framkvæmdastjóri Skema, er nýkomin frá Bandaríkjunum þar sem hún kynnti sér nýjustu stefnur og strauma í upplýsingatækni og kennslu. Í sumar mun Skema halda fjölmörg tækni- og forritunarnámskeið fyrir börn á aldrinum 7-16 ára.

Forritun er hið nýja læsi. Þjóðirnar í kringum okkur eru flestar búnar að átta sig á því. Því miður er íslenska menntakerfið sumpart eftirbátur annarra," segir Rakel Sölvadóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri Skema, sem stendur fyrir tækni- og forritunarnámskeiðum fyrir börn og unglinga í sumar.

Rakel bendir á að í gildandi aðalnámskrá fyrir grunnskóla sé talað um að börn eigi að nota tækni en lítil sem engin áhersla sé á að þau geti tamið hana eða skapað hana sjálf.

**Hversu gömul geta börn lært að forrita?** „Að læra forritun er að læra tungumál. Í raun gilda svipuð lögmál um hana og annað slíkt nám. Því fyrr sem maður byrjar, því betra. Þar með er ekki sagt að það sé endilega æskilegt að hola litlum börnum fyrir framan skjái og lyklaborð og láta þau skrifa kóða. Yngstu börnin læra hugsunina á bak við forritun í gegnum leik. Þegar þau eru aðeins eldri læra þau að yfirfæra forritunina á myndrænan veruleika. Loks geta þau skrifað kóða."

**Hvernig er staða forritunar á Íslandi?** „Til allrar hamingju gerir fólk sér almennt grein fyrir því að tækniheimurinn er ekki að fara neitt. Við sjáum líka í kringum okkur dæmi þess hverju fólk fær áorkað sem tileinkar sér þessa færni. Mörg af glæsilegustu fyrirtækjum landsins grundvalla starf sitt á forritun. Samfélagið veit að þetta er mikilvægt og foreldrar sérstaklega."

**Geta öll börn lært að forrita?** „Já. Strax um 1980 varð ljóst að forritunarnám er börnum gagnlegt. Um leið varð þó líka ljóst að verulega vantaði upp á kennslufræði forritunar. Síðustu þrjátíu ár hefur kennslan verið minni og byrjað seinna en æskilegt er. Það hafa orðið gríðarlegar framfarir í kennslufræði forritunar og í dag eiga öll börn að geta lært hana. Skema snýst um nákvæmlega þetta, að flétta saman það sem við vitum um forritun, sálfræði og kennslufræði til að tryggja að börn fái bestu mögulegu kennslu."




Rakel Sölvadóttir, stofnandi Skema, segir mikilvægt að læra forritun snemma. Í sumar heldur Skema tækni- og forritunarnámskeið fyrir börn og unglinga. MYND/GVA

**Hvernig hefur kennslan gengið?** „Um 4.500 börn hafa setið námskeið hjá Skema. Það er gríðarlega há tala sem vakið hefur mikla athygli erlendis, sérstaklega í Bandaríkjunum. Þá hafa nemendur okkar náð góðum árangri, t.d. í alþjóðlegum forritunarsamkeppnum. Það hefur enn aukið áhugann. Loks sjáum við það að börnin sem komið hafa ítrekað á námskeið eru farin að reyna á skólakerfið. Þau koma með það góðan grunn upp í framhaldsskóla að það er krefjandi viðfangsefni fyrir skólana að mæta þeim þar. Sem er auðvitað frábært og sannar að þetta er ekki bara að virka, heldur virka vel."

**Fyrir hverja eru sumarnámskeiðin?** „Námskeiðin eru sérhönnuð fyrir sjö til sextán ára. Hægt er að sjá yfirlit og panta sæti á námskeiði á Skema.is. Við erum alltaf með ákveðin grunnnámskeið en auk þess fjölgar sífellt námskeiðum sem eru sérhönnuð til að byggja brú milli áhugasviðs barnanna og þeirrar hæfni sem þau þurfa að hafa til að bera í 21. aldar samfélagi. Sjö ára barn sem mætir á námskeið í sumar fer út á vinnumarkaðinn um miðja þessa öld. Manneskja sem ekki skilur forritun þá verður ólæs á mikilvæga þætti samfélagsins."

> **Það hafa orðið gríðarlegar framfarir í kennslufræði forritunar og í dag eiga öll börn að geta lært að forrita.**


## Tæknisumar Skema



< Skráning í fullum gangi >
www.skema.is

| | Júní | | | | Júlí | | | | | Ágúst | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 13.-14. | 15.-19. | 22.-26 | 29.-3. | 4.-5 | 6.-10. | 13.-17. | 20.-24 | 27.-31 | 4.-7. | 10.-14. | 17.-21. |
| Leikjaforritun Grunnur 7-10 ára | | X | | | | | X | X | | | | |
| Leikjaforritun Grunnur 11-14 ára | | | X | | | | X | | | | | |
| Leikjaforritun Kodu GameLab 7-10 ára | | | X | | | X | | | | | X | |
| Tækjaforritun Grunnur 7-10 ára | | | X | | | | X | | | | X | |
| Tækjaforritun Grunnur 10-13 ára | | | X | | | | X | | | | X | |
| Tæknistelpur 10-13 ára | | X | | | | | | | | X | | |
| Vefsíðugerð 11-16 ára | | | | | | X | | X | | | | |
| Tölvutætingur 11-16 ára | X | | | | X | | | | | | | |
| Myndbandagerð 10-16 ára Nýtt! | | | | | | | | | | | | X |
| Appþróun 10-13 ára Nýtt! | | | | X | | | | | | | | X |
| Appþróun 13-16 ára Nýtt! | | | | X | | | | | X | | | |
| Unity 3D 13-16 ára | | X | | | | | | | | X | | |
| Unity 3D framhald 13-16 ára Nýtt! | | | | | | | | | | | X | |

| | Júní | | | Júlí | | | | Ágúst | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8.-12. | 15.-19. | 22.-26 | 6.-10. | 13.-17. | 20.-24 | 27.-31 | 4.-7. | 10.-14. |
| Minecraft Grunnur 7-9 ára | X | X | | | X | X | | | |
| Minecraft Grunnur 10-13 ára | X | | | X | | X | | | |
| Minecraft Hönnun 7-9 ára Nýtt! | | | X | X | | | X | | X |
| Minecraft Hönnun 10-13 ára Nýtt! | | | | | | | | X | |
| Minecraft Myndbandagerð 10-16 ára Nýtt! | | X | X | | | | | X | X |
| Minecraft Forritun 10-16 ára Nýtt! | | | | | X | | X | | |

SKAPANDI MINECRAFT NÁMSKEIÐ



SKEMA EDUCATION

Nánari upplýsingar og skráning
< www.skema.is | skraning@skema.is | Tæknisetur Skema, Síðumúli 23 | 562-2200 >

# Samfélagsmiðlar nýttir í kennslu

**Samspil 2015** er heildstætt verkefni þar sem nýttar eru fjölbreyttar leiðir til að stuðla að og styðja við notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Nauðsynlegt er að kennarar séu upplýstir og meðvitaðir um það sem er að gerast í tengslum við tækni.

Samspil 2015 er fræðsluátak um upplýsingatækni ætlað kennurum. Verkefnið er styrkt af Rannís og er byggt á sérþekkingu sem til hefur orðið á Menntamiðju og svo kölluðum torgum, sem eru starfssamfélög skólafólks á netinu. „Þegar við fórum af stað með þetta höfðum við velt því fyrir okkur hvernig best væri að kenna þetta. Eins og fólk veit hafa tæknibreytingar verið mjög örar á undanförnum árum svo ef við kenndum það sem er til staðar í dag gæti það orðið úrelt mjög fljótt. Á námskeiðunum leggjum við því áherslu á tækniþróun sem slíka og kannski minna á tiltekna tækni," segir Tryggvi Thayer, verkefnisstjóri Menntamiðju og Samspils. „Við horfum á hvernig tækniþróun hefur áhrif á nám og kennslu til framtíðar og einnig hvernig við getum reynt að stýra því hvaða áhrif tækni hefur á nám og kennslu. Ef við erum nógu meðvituð um hvað er að gerast í tækniþróun ættum við að geta gert það."

### Upplýst samfélag

Tryggvi segir það vera nauðsyn að kennarar séu upplýstir og meðvitaðir um það sem er að gerast í tengslum við tækni. Markmið



Bjarndís Fjóla Jónsdóttir, samverkefnisstjóri Samspils og verkefnisstjóri UT-torgs.



Tryggvi Thayer, verkefnisstjóri Menntamiðju og Samspils.

með námskeiðinu Samspil er að fræðslan skapi og styðji við samfélög kennara þar sem kennarar eru virkir í að miðla eigin reynslu og þekkingu. „Þar eru það jafnt kennarar sem eru reynsluboltar sem hafa brennandi áhuga á tækni og fylgjast vel með sem eru virkir í að miðla til þeirra sem eru ekki eins uppteknir af því að fylgjast með þróuninni og einnig samfélagið sem slíkt sem heldur sér upplýstu um hvað sé í gangi, hvaða möguleikar eru fyrir hendi og hvernig best sé að miðla upplýsingum," útskýrir Tryggvi.

### Deila reynslu og þekkingu

Námskeiðin eru byggð þannig upp að kennarar mæta á fimm klukkustunda námskeið þar sem farið er yfir Samspils-fræðsluátakið, til hvers það sé ætlað, hver staða tækniþróunar sé í dag, hvernig kennarar fylgjast með henni og sérstaklega hvernig þeir nýta samfélagsmiðla til þess að deila reynslu og þekkingu. „Allir kennarar þurftu að hafa með sér einhvers konar tæki, fartölvu, síma eða spjaldtölvu. Við kynntum svo ákveðin öpp og þess háttar sem kennarar gætu nýtt í námi og kennslu. Framhaldið fer síðan fram að mestu leyti á netinu, sem vefnámskeið og þátttaka á samfélagsmiðlum, við erum til dæmis með Facebook-hóp með öllum þátttakendum og umræðuvettvanginn #menntaspjall á Twitter í samstarfi við Ingva Hrannar Ómarsson, kennsluráðgjafa á Sauðárkróki, þar sem hægt er að fylgjast með skipulegum umræðum annan hvern sunnudag. Allir þátttakendur koma sér upp ferilbók á netinu þar sem þeir skrá hvað þeir hafa gert, hvaða öpp þeir hafa prófað, hver árangurinn var og fleira. Þeir nýta til þess ýmsa miðla svo sem blogg og Pinterest-síður. Aðrir þátttakendur geta fylgst með."

### Alls kyns kennarar tekið þátt

Samspil 2015 hófst í janúar síðastliðnum og hafa um 350 kennarar



Samspil 2015 hefur fengið góð viðbrögð þátttakenda. Frekari upplýsingar um Samspil má finna á menntamiðja.is.

af öllu tagi tekið þátt. Ætlast er til að þeir sem hafa skráð sig séu virkir allt árið. „Við höfum tekið mismunandi þemu fyrir í hverjum mánuði. Í maí er til dæmis lögð áhersla á notkun upplýsingatækni í skapandi skólastarfi og sérstaklega möguleika á að nota tækni til að fara út fyrir veggi skólans. Alls kyns kennarar hafa tekið þátt, fólk sem kennir mismunandi greinar, á öllum stigum skólastarfs, í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Þeir eru allt frá því að hafa mjög litla reynslu af notkun tækni upp í að vera tæknistjórar í sínum skólum. Skráningar á námskeiðin hafa farið fram úr áætlunum og við höfum þurft að bæta við námskeiðum. Við erum einnig að horfa á samlegðaráhrif þeirra sem tekið hafa námskeiðin. Þeir smita út frá sér og deila þekkingu og reynslu innan síns nærsamfélags. Það eru ekki færri en um tíu þúsund kennarar á Íslandi og við vonumst til að ná til töluvert margra með þessum 350 sem skráðir eru," segir Tryggvi bjartsýnn.




Heilsuvísir
NÆRANDI ÞÆTTIR
Á NÝJU VEFSVÆÐI VÍSIS
Fylgstu með þessum fróðlegu örþáttum á
visir.is/heilsuvisir.
Vísir.is er hluti af 365
vísir
HIMNESKT
gló
FÁKAFENI



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is


S A F T




Hægt er að læra álfamálið úr Hringadróttinssögu í bandarískum háskóla.

## *Misgagnlegur fróðleikur*

Háskólanám eykur í flestum tilfellum möguleika fólks á betri störfum og hærri tekjum. Ýmsir háskólar í Bandaríkjunum kenna þó óvenjuleg fög sem gagnast sjálfsagt misvel á vinnumarkaði eða í lífinu almennt þótt þau séu vissulega skemmtileg.

University of Wisconsin kennir áhugasömum nemendum álfamálið úr Hringadróttinssögu. Það nýtist vafalaust helst í þröngum hópi aðdáenda bókanna og myndanna.

Zombies in Popular Media heitir fag sem kennt er í Columbia College í Chicago-borg. Þar er farið sérstaklega yfir uppvakninga í kvikmyndum og bókmenntum út frá ýmsum skemmtilegum sjónarhornum.

Tupac Shakur er talinn einn besti og áhrifamesti rappari allra tíma. Nemendur við University of Washington geta sótt fag þar sem kafað er djúpt í textagerð rapparans og lífshlaup á sama tíma.

Oberlin Experimental College í Ohio-ríki er á skyldum slóðum og býður upp á fagið „Nuthin' but a 'G' Thang". Þar er nemendum gert kleift að vera hluti af glæpahyski í eina önn og upplifa örlítið óþokkalíferni þótt vafalaust fari það allt fram innan veggja skólastofunnar.

Cornell University í New York er meðal virtustu háskóla landsins. Skólinn býður meðal annars upp á fag þar sem kenn er hvernig skuli klifa tré hratt og örugglega. Annar virtur háskóli, Temple University, kennir fag sem heitir „UFOs in American Society" en þar er farið yfir viðbrögð landsmanna undanfarna áratugi við fljúgandi furðuhlutum og geimverum af ýmsu tagi.



# GÆÐASTJÓRNUN
## GERÐ AÐGENGILEG






NÝ BÓK
Í ÞESSARI
FRÁBÆRU
SERÍU

Undanfarin ár hefur gæðastjórnun fest sig æ meira í sessi. Sífellt fleiri íslensk fyrirtæki innleiða stjórnkerfi samkvæmt ISO-stöðlum og þörfin fyrir fólk með faglega þekkingu á gæðastjórnun eykst stöðugt. Þessari bók er ætlað að varpa ljósi á gæðastjórnun sem fræðigrein og hagnýta aðferðafræði og stuðla að því að hún nýtist í samfélaginu.




*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*





Útskriftarhópur á Bifröst.

# Vigdís fór úr garðyrkju í lögfræði

Vigdís Hauksdóttir alþingismaður lauk prófi frá Garðyrkjuskóla ríkisins 1984. Árið 2003 ákvað hún að söðla um í lífinu og fór í lögfræði við Háskólann á Bifröst, þá 38 ára. Vigdís segir það hafa verið góða ákvörðun.

Vigdís segir að fáir viti að á fyrstu önninni á Bifröst hafi hún stundað nám í viðskiptafræði. „Mér fannst það allt of létt nám og liggja svo í augum uppi eins og til dæmis markaðsfræðikúrsinn sem ég tók. Ég tók því ákvörðun um að hefja nám í viðskiptalögfræði á annarri önn. Þar sló ég í raun tvær flugur í einu höggi því ég tók viðskiptatengdu fögin með lögfræðinni og skildi „kjaftafög“ viðskiptafræðinnar eftir,“ svarar Vigdís þegar hún er spurð hvers vegna hún hefði farið í lögfræði. „Ég var 38 ára þegar ég fór í skóla á ný. Ég var ekki með stúdentspróf þannig að ég byrjaði í frumgreinadeildinni. Hafði verið þrjú ár í framhaldsskóla (Fjölbraut á Selfossi og Garðyrkjuskólanum) og hafði mikla atvinnureynslu. Ég uppfyllti því skilyrðin til að hefja nám, en hafði ekki hugmynd um hvort ég kynni enn að læra. Þegar upp var staðið er þetta það besta sem ég hef gert á lífsleiðinni og námið gekk vel. Endaði skólagönguna með því að fá verðlaun fyrir bestu mastersritgerðina við skólann. Hún bar heitið „Hver á losunarheimildirnar“ og bar ég saman kvótakerfi í landbúnaði og sjávarútvegi við þessa nýju auðlind og er ritgerðin byggð á auðlinda- og umhverfisrétti, eignarrétti og stjórnskipunarrétti,“ segir hún.

## Breytingar í lífinu

Vigdís segist hafa þurft að gera breytingar á lífi sínu þegar hún hóf nám á nýjan leik. „Já, ég flutti með börnin mín tvö, þau Hlyn og Sólveigu, úr Reykjavík og upp á Bifröst. Sonurinn var þá 11 ára og dóttirin, 5 ára. Þarna bjuggum við í fallegum Borgarfirði í fimm ár. Það besta við námið var að þá voru keyrðar sumarannir þannig að ég tók námið eins og vinnu, tók bara fimm vikna sumarfrí á hverju sumri. Við breyttum um gír á haustönn 2006 og fórum til Winnipeg en ég tók þá önn við Manitoba-háskóla og krakkarnir fóru hvort í sinn skólann. Það var afar ánægjulegur tími og mikil lífsreynsla fyrir okkur öll. Snædís, systurdóttir mín, var með og hjálpaði mér með börnin; skutlaði og sótti í skólann og fleira.“




Vigdís Hauksdóttir Það var gott félagslíf á Bifröst, meðal annars Bifróvision. Vigdís var öflugur stuðningsmaður en hún er hér til vinstri á myndinni.

## Skemmtilegt í skóla

Vigdís segir að það hafi verið skemmtilegt að setjast aftur á skólabekk. „Ég fann mig vel í náminu. Skólasamfélagið á Bifröst er líka einstakt, allir á sama stað í lífinu, að læra og klára sitt nám. Það var mikill kraftur í unga fólkinu og ég fann aldrei fyrir aldursmun. Stundum hugsaði ég, aumingja fólkið, nýkomið úr menntaskóla að gera verkefni með eldra fólki. Ég fann þó aldrei fyrir því að það setti það eitthvað fyrir sig.“

Vigdís hafði hug á að nýta námið og starfa á lögfræðistofu. „Ég var ákveðin í að taka málflutningsréttindi en þá gripu örlögin inn og ég var kosin á þing. Hins vegar hefur námið nýst mér á mörgum sviðum. Í starfi mínu er gott að þekkja réttarsviðin. Sömuleiðis leita vinir og vandamenn oft ráða hjá mér í hinum ýmsu málum.“

Vigdís hvetur eldra fólk til að hefja nám hafi það áhuga fyrir að breyta til og feta nýjar brautir. „Námið hefur nýst mér mjög vel í starfi. Eftir á að hyggja hefði ég ekki getað hugsað mér að vera þingmaður án lögfræðikunnáttu. Að kunna að lesa frumvörp, tilgang laga og greinargerðir sparar mér mikinn tíma í vinnunni.“

## Gott félagslíf

Áttu skemmtilega sögu frá námsárunum? „Þær eru nú margar og margt og mikið var brallað utan skólatíma. Bifróvision hélt enn velli þegar ég var í námi, það var árshátíð nemenda og kennara byggð á Eurovision. Ég tók reyndar aldrei þátt enda vita laglaus en var því betri stuðningsmaður þess atriðis sem mér fannst best. Síðan stofnaði ég ásamt fleira góðu fólki Framsóknarfélag Bifrastar og var það mjög öflugt og hátt í 100 félagsmenn þegar mest var. Það lognaðist út af stuttu eftir að ég flutti en var nýverið endurvakið.“




# Nú er tækifærið!

## Stutt sumarnámskeið fyrir káta krakka frá 3 til 15 ára

**Skráning er hafin í síma 581 3730**

**JAZZBALLETT FYRIR 6-7 ÁRA, 8-9 ÁRA OG 10-12 ÁRA**
**JAZZ- OG NÚTÍMADANS FYRIR 13-15 ÁRA**

**Nánari upplýsingar á www.jsb.is**



### Dans- og leikjanámskeið fyrir 3-5 ára

Dans-, leik- og sköpunargleði í fyrirrúmi
Tilvalið námskeið til kynningar á dansnámi í forskóla JSB

**Nám og kennsla**

Danslistarskóli JSB er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem listdansskóli á grunn- og framhaldsskólastigi.
Nánari upplýsingar um nám við skólann er að finna á www.jsb.is undir Danslistarskóli JSB.

**Kennslustaður:**

- *Danslistarskóli JSB í Reykjavík, Lágmúla 9 og Laugardalshöll.*

**Kennsla hefst 26. maí, vertu með!**

Rafræn skráning á jsb.is, nánari upplýsingar í síma 581 3730

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

**Danslistarskóli JSB er samstarfsaðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar**

**Viltu gerast vinur JSB?**
Danslistarskóli JSB er á facebook

JSB
DANSLISTARSKÓLI

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is*



## FÓÐRAÐU HEILANN

**Ekki sleppa morgunmatnum**

Stress og taugatrekkingur fyrir próf getur stolið frá okkur matarlystinni en einmitt þá þarf heilinn á orku að halda. Ef maginn harðneitar að taka á móti er ráð að prófa ávaxtahristing. Próteinrík fæða skerpir á athyglinni.

Á prófdaginn eru því egg, hnetur, jógúrt og kotasæla góður kostur í morgunmat. Fiskur, fræ og spínat í hádeginu ef prófið er seinni partinn. Sólblómafræ og þurrkaðir ávextir eru líka kjörið nasl og þá gera bláber og bananar heilanum gott þegar mikið mæðir á honum.



**Forðast kolvetnaklastur**

Ekki borða mikið af kökum og kexi eða hvítu hveiti, það þarf mikla orku til að melta þessa fæðu. Kolvetnarík fæða er kjörinn daginn fyrir próf þar sem hún virkar slakandi á líkamann en á ekki við á prófdaginn sjálfan. Þess utan verðum við þung á okkur og syfjuð ef við borðum mikið af til dæmis kartöflum og hrísgrjónum.

**Drekka vatn**

Einbeitingin er fljót að fara ef líkaminn er þyrstur. Forðastu áfenga drykki í prófum, höfuðverkur og ógleði skila ekki bestu afköstunum. Haltu þig líka frá sykruðum gosdrykkjum og kaffi þar sem það gæti aukið á taugaóstyrk. Þó ætti ekki að sleppa kaffinu ef þið eruð vön að drekka talsvert af því daglega, það gæti skilað sér í höfuðverk að sleppa því.



**Enga áhættu**

Ekki borða eitthvað nýtt, það er óþarfi að hætta á magakveisu á prófdag, jafnvel þótt vinirnir mæli með einhverju töfratrixi.

**Góður svefn**

Ekki gleyma að sofa, heilinn þarf ekki bara orku frá fæðunni heldur þarf hann að vera vel hvíldur fyrir öll átök.

*www.goodluckexams.com*

## GÓÐAR GLÓSUR AUÐVELDA YFIRFERÐ

- Notið alltaf sér glósubók fyrir hvert fag. Gormabækur sem rífa má blöðin úr eru hentugar, þá þarf bara eina bók í töskunni yfir daginn, rífa svo glósurnar fyrir hvert fag úr og setja í möppur.
- Skráið dagsetningu á glósurnar.
- Glósurnar ættu að innihalda eins yfirgripsmikla samantekt á því sem kennarinn sagði í kennslustundinni. Ekki skrifa þó niður hvert einasta orð heldur aðalatriðin. Allt sem kennarinn skrifar upp á töflu ætti að glósa niður.
- Reynið að skrifa glósurnar niður eftir einhverju kerfi sem auðvelt er að lesa í gegnum fyrir próf. Notið til dæmis penna í fleiri en einum lit og yfirstrikunarpenna.
- Notið nokkrar mínútur í lok hvers dags til að lesa yfir glósur dagsins. Þannig má festa efnið betur í minni sér og gera sér grein fyrir því sem gott væri að spyrja kennarann að í næsta tíma.
- Ekki láta kennslustundina fara til spillis. Ef kennarinn fer of hratt yfir látið þá vita. Spyrjið spurninga ef eitthvað er óljóst.
- Takið virkan þátt í hópavinnu í kennslustundum.






# LÖNGUN Í SÆTINDI NÁNAST HORFIN

*Zuccarin-töflurnar eru fæðubótarefni sem henta þeim sem þurfa að draga úr sykurnotkun.*



**HRAFNHILDUR JÓNSDÓTTIR** mælir með Zuccarin. Hún getur nú sagt „nei,takk“ við sælgæti. MYND/GVA

Hrafnhildur Jónsdóttur reynir að hugsa vel um heilsuna, borða hollan mat og fer reglulega á hestbak, en hún segir sykurinn hafa verið stóran löst í sínu lífi. „Mig langaði til að losna við sykurátið og ekki vildi ég enda með sykursýki-2 eða aðra sjúkdóma en ég var hins vegar ekki nógu viljasterk til að segja nei af því að sjúkleg löngun í sykur var alltaf til staðar.“

Hún segir það geta verið mjög erfitt að halda sig frá sykrinum þar sem hann er í nánast öllu sem við borðum. „Mér hefur allavega ekki tekist að losna við sykurpúkann sem hefur setið á öxlinni á mér og hvíslað að mér að ég eigi skilið smávegis súkkulaði.“

Eftir að Hrafnhildur fór að taka Zuccarin-töflurnar getur hún hins vegar sagt „nei, takk“ við sælgæti eða látið sér duga að fá sér smávegis. „Mér finnst ég vera orkumeiri og mittismálið hefur aðeins minnkað sem er ekki verra. Ég mæli því eindregið með Zuccarin.“




Zuccarin-töflurnar eru aðallega unnar úr laufum af japanska mórberjatrénu. Einnig innihalda þær króm. Laufin innihalda sérstakt efni sem kallast DNJ en það getur komið í veg fyrir upptöku sykurs úr matnum sem við neytum. DNJ getur því haldið blóðsykrinum í jafnvægi og minnkað löngun í sykur. Króm getur hjálpað til við að viðhalda eðlilegum efnaskiptum. Zuccarin er auðvelt í notkun. Taktu eina töflu fyrir hverja máltíð og þú finnur fljótt muninn.

# Í BETRA JAFNVÆGI OG SEFUR MIKLU BETUR

*Melissa Dream-töflurnar fá þig til að sofa betur. Þetta er ekki lyf heldur náttúruleg vítamín og jurtir.*

Svefntruflanir geta stuðlað að vanlíðan. Við búum í hröðu og erilsömu samfélagi sem veldur því að svefntruflanir eru gríðarlega algengar. Ef þú færð ekki nægan svefn geturðu fengið bauga undir augun, húðin orðið föl og einnig getur það valdið þyngdaraukningu þar sem þú eykur framleiðslu á hormónum sem kalla fram hungurtilfinningu.



**FLJÓT AÐ SOFNA** Sigríður slakar vel á og sefur betur þegar hún tekur Melissa Dream enda laus við fótaóeirð þegar hún tekur töflurnar. MYND/ERNIR

**LAUS VIÐ FÓTAÓEIRÐ**

Sigríður Helgadóttir fór að nota Melissa Dream þegar hún var búin að eiga nokkrar andvökunætur vegna fótaóeirðar sem truflaði svefn hennar. „Fótaóeirðin var mjög óþægileg og hélt fyrir mér vöku en ég er ekki vön að vera andvaka. Ég fór að leita mér ráða, þá sá ég reynslusögur í blöðunum um Melissa Dream. Ég fór að lesa mér til um vöruna og ákvað að prófa, því það sakaði ekki að reyna.“

Sigríður tekur tvær töflur klukkutíma fyrir svefn þegar henni finnst hún þurfa á því að halda. „Þá næ ég að sofna fljótlega og svo finn ég ekki fyrir þessum fótapirringi. Það sem mér finnst líka æðislegt við þessar töflur er að þær eru náttúrulegar og hafa engin eftirköst þegar maður vaknar. Ég þarf ekki að taka þær á hverju kvöldi en mér finnst ég ná að slaka svo vel á þegar ég tek þær.




Ég er mjög ánægð með Melissa Dream og ég mæli með því fyrir alla sem eiga erfitt með svefn.“

**SOFÐU BETUR MEÐ MELISSA DREAM**

Í gegnum aldirnar hefur sítrónumelis (lemon balm), melissa officinalis, verið vinsæl á meðal grasalækna. Þaðan dregur varan nafn sitt, Melissa Dream. Þessar vísindalegu samsettu náttúruvörur eru hannaðar til að aðstoða þig við að sofa betur og vakna endurnærð/ur og innihalda ekki efni sem hafa sljóvgandi áhrif. Sítrónumelistaflan inniheldur náttúrulegu amínósýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun auk alhliða B-vítamína, sem stuðla að eðlilegri taugastarfsemi. Auk þess inniheldur taflan mikið af magnesíumi, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum og bætir svefn.



**ÁNÆGÐ** Selma Björk sá mikinn mun á hári sínu eftir að hafa tekið Hair Volume í tvo mánuði. MYND/VILHELM

# STUÐLAR AÐ LÍFLEGRA HÁRI

**ICECARE KYNNIR** *Frábærar töflur sem hægt er að mæla hiklaust með. Aðeins ein tafla af Hair Volume á dag og hárið verður líflegra og þykkara.*

Selma Björk Grétarsdóttir var farin að taka eftir að hár hennar hafði þynnst og var orðið mjög þurrt og slitið. „Ég ákvað að prófa Hair Volume sem ég hafði séð auglýst og fljótlega sá ég að hárið varð miklu líflegra. Mér finnst einnig vera kominn gljái á hárið og finn að það hefur þykknað þótt ég sé einungis búin að taka Hair Volume í tvo mánuði. Ég hef litað hárið reglulega og þarf því að gæta þess að það þorni ekki of mikið. Ég get hiklaust mælt með Hair Volume fyrir þær sem eru í sömu stöðu og ég,“ segir Selma.

**NÝ UPPFINNING**

Hair Volume er nýjung á markaðnum. Hair Volume er eina varan sem inniheldur náttúrulega vaxtarvakann procyanidin-B2 sem unninn er úr eplum. Töflurnar næra rætur hársins með bíótíni sem hvetur hárvöxt og umfang hársins og kopar sem viðheldur eðlilegum lit, hjálpar til við að koma í veg fyrir grá hár. Töflurnar innihalda líka þykkni úr hirsi, kísli og B-vítamínum.




Eflir hárvöxt, styrkir og þykkir hárið. Innihald: elfting (horsetail extract), epla-extrakt, hirsi (millet extract), amínósýrur L-cysteine og L-methionine, bíótín, pantótenatsýra, sink og kopar.

# LIFIR ÞÚ LÍFINU TIL FULLS?

*Fita er ekki bara bundin við maga, rass og læri. Hún getur einnig sest innan í líffærin og fita í lifrinni getur haft slæm áhrif á líðanina.*

Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin. Það geta verið margar ástæður fyrir því að fita safnast upp í lifrinni. Það getur verið vegna áfengisneyslu en það getur einnig verið vandamál hjá fólki í yfirþyngd. Þreyta og þróttleysi geta verið merki um að mikið álag sé á lifrinni.



**NÝTUR ÞÚ LÍFSINS OF MIKIÐ?**

Þegar lífinu er lifað til fulls er auðvelt að finna fyrir því og það sést á fólki. Nú má fá hjálp til þess að minnka það að sögn Ólafar Rúnar Tryggvadóttur, framkvæmdastjóra hjá Icecare. „Active Liver styður við niðurbrot fitunnar í þörmunum, bætir meltinguna og stuðlar að eðlilegri lifrarstarfsemi. Dagsdaglega leiðir fólk almennt ekki hugann að lifrinni. Hún gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið áfengi og feitur matur valda of miklu álagi á starfsemi lifrarinnar og gallsins.

Matur sem neytt er nú á dögum inniheldur meira af kolvetnum en matur sem forfeður okkar neyttu. Við erum ekki vön þeim. Of stór skammtur af kolvetnum miðað við prótein gerir lifrinni erfitt að viðhalda eðlilegum efnaskiptum og niðurbroti á fitu. Sem betur fer eru það ekki einungis prótein sem getur örvað lifrarstarfsemina,“ útskýrir Ólöf.




**LEYNDARMÁLIÐ UM ACTIVE LIVER**

Active Liver inniheldur náttúrulegt jurtaþykkni, sem er þekkt fyrir að örva virkni lifrarinnar og gallsins og efnið kólín, sem er mikilvægt fyrir fitubrennslu og hjálpar til við að minnka fitu sem getur safnast fyrir í lifrinni.

**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR**

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, **www.icecare.is**

IceCare
Þín heilsa

## BÍLAR & FARARTÆKI

bilaborg.is
Sími 517-1111



YAMAHA JET 1800 bátur árgerð 2003, ný uppgerðið báðir mótorar, 310hö, kerra fylgir. bensín, sjálfskiptur. Verð 2.790.000. Rnr.133798.

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

bilfang.is
S. 567 2000



JEEP GRAND CHEROKEE LIMITED DIESEL Árgerð 2014. Ekinn 18 Þ.KM Verð kr. 10.990.000.

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

STÓRA BÍLASALAN



Porsche 911 Carrera 4 Árgerð 2003. Ekinn 42þ.km. Beinsk. Mjög gott eintak. Er á staðnum. Verð 7.990.000kr. Raðnúmer 154630. Sjá nánar á www.stora.is.



Hyundai i20 Classic Árgerð 2014. Ekinn 25þ.km. Beinsk. Er á staðnum. Verð 1.790þ.kr stgr. Getum líka útvegað nýja i20 bílinn á 2.290þ.kr. Raðnr 134727.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

hjól.is
bestir í hjólum...



**EINS OG NÝTT !!**
HONDA XL 1000 VA ABS HJÓL árg. 2008 ek. 16 Þkm, ný smurt, veltigrind, grind að aftan, 3 töskur, handfang á stýri fyrir kort, hiti í handföngum (fylgir) nýleg dekk. ABS bremsur og stillanlegir demparar, verð 1590 Þús gsm 894-5332



**100 ÁRA AFMÆLISÚTGÁFA**
HARLEY DAVIDSON ROAD KING árg. 2003, ek. 31 ÞkM, Algjör moli, með öllum búnaði , Quick release á aftur tösku ofl. verð 1780 þús, gsm 894-5332



**GEGGJUÐ GRÆJA !!**
HONDA CBR 1000 RR REPSOL árg. 2005, ek 9 Þkm, eins og nýtt, Akropovich púst og orginal fylgir, Power Commander, möguleiki á 100% visaláni, verð 990 þús, gsm 894-5332



**NÝTT HJÓL !!**
ARCTIC CAT 1000i GT árg. 2014, ek. 1 þkm, 27" big horn dekk, spil ofl. verð 2590 þús gsm 894-5332,



**ENDURO !!!**
KTM 250 EXC-F árg. 2007 ek. aðeins 2630 km, 6 gírar, ný Plöst fylgja með, Götuskráð, möguleiki á 100% Visaláni, verð 540 Þú gsm 894-5332

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**Erum með yfir 100 tæki á staðnum........Kíktu í heimsókn!!!**
**www.hjol.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður
Erum fluttir að Breiðhöfða hjá bílasöluni Bílaplanið.
Vantar ferðavagna á svæðið.

**Ferðavagnamarkaður**
**Breiðhöfði, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367 & 659 2452**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

SUZUKI



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 148.900.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

ÍSBAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR



**2015 NÝIR FORD F350**
Nýr og öflugri en áður, Dísel 440hö, Komdu og kynntu þér málið útvegum allar gerðir af F350, erum að taka niður pantanir, Kíktu á síðuna okkar www.isband.is

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**

100 bílar.is
bílasala



BMW X5 3,0 D 2011 ek 82þkm - M-Sportpakki- Keyless-go - USB tengi - M-Stýri - Sportsæt - Professional hljómkerfi - Hiti í fram og aftursætum ofl. Raðnr 151769



Nissan Leaf 2015, Nýr bíll - Verksmiðjuábyrgð -Evrópubíll- 7" opnanlegur snertiskjár - 6,6 kw hleðsla - Eigum 2 stk í mismunandi litum- Verð 3790þús er á staðnum. Raðnr 151734

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Isuzu Tropper, dísel, 5 gíra, árg.2000, ný dekk, ný tímarein. Verð 399þ. S: 6162597



Toyota land Cruiser 90VX árg. ,99 ek. 316þ Skoðaður ,16 Verð 1.100.000 Uppl. í s. 7829811

Seldur.is

**KAUPUM BÍLA**
**HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ**
Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.

Subaru Legacy 97 bsk. 241þkm nýleg tímareim, nýtt í bremsum topp ástand verð 300þ eða tilboð S.8236299

## 250-499 þús.



**SSK 4X4 SMÁJEPPLINGUR**
DAIHATSU TERIOS 4X4 árg 99 ek.148 þús, sjálfskiptur, ný skoðaður 16, eyðir litlu og lýtur vel út. TILBOÐ 390þús möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955



**EKINN AÐEINS 121ÞÚS KM**
Suzuki Liana 1.6 árg ,03. ekinn aðeins 121þús km. tímakeðja. ný skoðaður. beinskiptur. 5dyra. hiti í sætum. álfelgur. Ásett verð 590þús. Tilboðsverð aðeins 390þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. uppl í s:659-9696

## 500-999 þús.



**BMW - TILBOÐ 550 ÞÚS**
BMW 3 árg 2000 ek.172 þús,1900 sjálfskiptur, 16" álfelgur ofl. ný skoðaður 16, ásett verð 990 þús smá nudd á bílstjórahurð fæst á 550 þús möguleiki á 100% vísaláni í 36 mán s.841 8955



**DÍSEL SPARIGRÍS !**
Peugeot 207 1.4 Dísel. árg ,07. ek 134þús km. nýleg tímareim. ný sk. góð dekk. 5dyra. eyðir ca 4-5L/100km. Ásett v:1.390þús. Tilboðsverð 990þús stgr. möguleiki á vísalán eða bílaláni. uppl í s:659-9696



**GÓÐUR 4X4 FERÐABÍLL - TILBOÐ 690 ÞÚS**
HONDA CR-V ADVANCE V-TEC árg ,02 (nýrra boddýið) ek.172 þús, sjálfskiptur, dökkar rúður, dráttarkrókur ofl. mjög góður bíll,ásett verð á bílasölu 890 þús TILBOÐ 690 ÞÚS, möguleiki á 100% vísaláni í 36 mán s.841 8955



**TILBOÐSVERÐ 990ÞÚS STG**
Hyundai i30 1.4 árgerð 2010. ek 154þús km. beinskiptur. 5dyra. heilsársdekk. skoðaður ,16. samlæsingar. smurbók frá upphafi. tímakeðja. ásett verð 1.390þús. Tilboðsverð aðeins 990þús stgr. vísalán í boði. s:659-9696



**SJÁLFSKIPTUR OG SPARNEYTINN**
Opel Astra 1.8 árg ,06. ek aðeins 108þús km. ssk. 5dyra. ný skoðaður. samlæsingar. nýleg tímareim. frábær bíll í alla staði. Ásett verð 1.090þús. Tilboðsverð aðeins 890þús stgr. möguleiki á allt að 100% vísaláni. uppl í s:659-9696



**VEL MEÐ FARINN SMÁBÍLL -TILBOÐ 550**
FORD FIESTA TREND 1,4 árg 2003 ek.152 þús, nýlega skoðaður, beinskiptur, sparneytinn, mjög gott eintak sem lýtur vel út ásett verð 690 þús TILBOÐ 550 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
**Má þarfnast lagfæringa.**
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

Vörubílastöðin Þróttur
ÞRÓTTUR 577-5400
Vörubílar - Kranabílar
Sandur - Mold
Jarðvinna
Sími 577 5400

568 5000 NS NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Reiðhjól



RAFMAGNS-REIÐHJÓL
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ELDRI ÁRGERÐ.
VERÐ NÚ FRÁ 75.000,-
TAKMARKAÐ MAGN.
EL - BIKE.IS
Bindir & stál ehf.
Hvaleyrarbraut 39
220 Hafnarf. S. 864 9265

JS LJÓSASMIÐJAN
Reiðhjólaviðgerðir



Gerum við allar gerðir reiðhjóla. Fljót og góð þjónusta. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S: 554 0661 GSM: 897 4996 - 699 2502 velaverkjs@simnet.is velaverkjs.is - slattuvel.is

## Fellihýsi

Tjaldvagnar
Fellihús
Húsbílar
Hjólhýsi
Umboðssala á risasýningarsvæði á Korputorgi
Útilegu maðurinn

## Vinnuvélar



Kubota sláttutraktor gr 2100 Verð 1.200.000 + vsk. Uppl í síma 660-0077 eða á tinna@vortex.is

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

SAFT

## Bátar




## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**
Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. ,99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.
Uppl. í s. 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Garðyrkja







**FYRIRMYNDAR GARÐSLÁTTUR**
Ódýr og vandaður garðsláttur og trjáklippingar fyrir húsfélög og einstaklinga. Engi ehf 615-1605, grasblettur@gmail.com

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Rafvirkjun




## Málarar

**MÁLARAMEISTARI**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

**MÁLNINGI**
Alhliða málningarþjónusta. Fagmennska og vönduð vinnubrögð. Sími 659-2959 ingimalari@maxco.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

Heilsu og slökunarnudd. Nuddstofan, opið frá 10-20. S. 855 3199

## Spádómar

**SÍMASPÁ 555 2927**
Draumaráðningar, fyrirbænir. Opið frá 15-21 Hanna s. 847 7596

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**
Ódýr blekhylki og tónerar í flesta prentara, Hagkaup Smáralind, Fjarðargata 11 Hf og í síma 517-0150

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun




**NÝ SKEMMTILEG SENDING KOMIN**
Vinsælasta unaðsvara heims We-Vibe 4, Butt plugs, 50 Shades of Grey vörur, ástarkúlur, egg o.fl. Sendum um allt land - tökum við millifærslu, netgíró og greiðslukortum www.hush.is




## Til sölu







**ÚTSALA ÚTSALA !**
20-50% afsl. af öllum vörum verslunarinnar Ditto og Yogasmiðjunnar. Opið frá kl.14 þri 12.mai miðl3 mai og föst 15 mai www.yogasmidjan.is Smiðjuvegur 4 (græn gata) Kópavogur

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407





































**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## fasteignir



**OPIÐ HÚS Í DAG**
fimmtudaginn 14.maí frá kl: 14:00 til 16:00

# Mánatún 7-17

Vandaðar 2ja-4ra herbergja íbúðir.
Glæsilegar innréttingar og mikil lofthæð. Lyftuhús.
Sólpallur og svalir til suðurs.
Tvennar svalir með flestum íbúðum.
Stæði í lokuðum bílakjallara.

Verð : 33,7 millj. - 145,0 millj.

Nánari upplýsingar veita


Jason Ólafsson
sölufulltrúi
sími: 775 1515
jassi@miklaborg.is


Páll Þórólfsson
sölufulltrúi
sími: 893 9929
pall@miklaborg.is


Jón Rafn Valdimarsson
löggiltur fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



# Rofabær 45

íbúð 303

Góð íbúð 3ja herbergja stærð 90,1 m²
Gott eldhús með U laga innréttingu
Stofa með útgengi á svalir
Geymsla og sameinginlegt þvottahús í kjallara
Barnvænt hverfi

Verð: 23,9 millj.

Nánari upplýsingar veitir


Jórunn Skúladóttir
sölufulltrúi
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is


Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



# Úthlíð 13

**OPIÐ HÚS Í DAG**
fimmtudaginn 14.maí frá kl: 13:00 til 13:30

Nánari upplýsingar veitir


Helgi Jónsson
sölufulltrúi
sími: 780 2700
helgi@miklaborg.is

Mjög falleg og vel skipulögð 133 fm 5 herbergja neðri sérhæð ásamt 17,8 fm herbergi í kjallara og 28 fm bílskúr, samtals: 161 fm
Mjög vinsæl staðsetning


Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: 49,9 millj.

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# Blikanes 17

Arnarnesi – sjávarútsýni





Einbýlishús stærð 262,7 m²
Nokkuð upprunalegt
Eignarlóð/Sjávarútsýni
Tvöfaldur bílskúr

Nánari upplýsingar veitir


Jórunn Skúladóttir
sölufulltrúi
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is


Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: 63,0 millj.

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -


Til hvers að flækja hlutina? 365

LIFÐU
Í NÚLLINU!

365.is | Sími 1817


## atvinna

# Waldorf kennarar óskast

WALDORFSKÓLINN SÓLSTAFIR

**Waldorfsskólinn Sólstafir auglýsir lausa stöðu bekkjarkennara 1 og 2.bekkjar skólaárið 2015-16.**

**Einnig er laus staða handverkskennara og tungumálakennara á yngsta stigi.**

**Waldorfsskólinn er sjálfstæður grunnskóli frá 1-10.bekk. Rammi uppeldisfræðinnar skapar nemendum umhverfi þar sem frumkvæði og sköpun eru hornsteinar námsins.**

***Nánari upplýsingar á solstafir@waldorf.is***


MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



# HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára


## Til sölu



Gluggafilmur eða útskornar límfilmur í öllum litum. S: 5807820 eða sendu okkur fyrirspurn á netfangið sala@samskipti.is

## HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NULL**

Býð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 22 á kvöldin. 200 Kóp. S. 894 4817.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU Á AÐEINS 950 KR FM!**

Kistumelar 16, 116 Reykjavík
165 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð og greið aðkoma.
**Uppl. veitir Hafsteinn í s. 690-3031**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU OG SÖLU**

Ný 50 m2 bil í Steinhellu 14. Mikil lofthæð. Góðir gluggar og hurðir. Fyrir frístundir eða lítinn rekstur. S: 661-6800 og 564-6500

**AUÐBREKKA - LEIGA**

Herbergi og skrifstofur til leigu í Auðbrekku, 13-350 fermetrar. Hentar bæði sem skrifstofur og fyrir ýmiskonar aðra starfssemi, t.d. hönnuði og skapandi greinar. s 897 9743

## Geymsluhúsnæði

**SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS**

Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir duglegu starfsfólki í sumarvinnu, æskilegt er að viðkomandi sé með bílpróf. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

SÓLAR

Óskum eftir öflugum og jákvæðum sölumanni í 100% starf. Um er að ræða sölu á sértækum verkefnum eins og gluggaþvotti og stéttaþrifum hjá fyrirtækjum. Grunnlaun plús sölubónusar. Þarf að geta byrjað sem fyrst. Umsóknir berist til Sigríðar, sölustjóra Sólar ehf: sigridur@solarehf.is

**STARFSMAÐUR ÓSKAST Á SMURSTÖÐ OG HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI.**

Bílkó óskar eftir vönum mönnum eða með reynslu sem nýtist í starfi á smurstöð og dekkjaverkstæði. Framtíðarstarf í boði.

**Áhugasamir hafi samband við Guðna í s. 618 0560**

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Símaðömur • live spjall
908-6000 • 535-9999


Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Opið í dag 14.maí uppstigningardag

# 11:00-18:30

Bláber og rjómi






**1398** kr. 500g

Fersk **bláber**
500g

**398** kr. 550ml

Bónus **rjómi**
550ml

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu
**Gilda a.m.k. til 17.maí**

**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

## Veðurspá

Fimmtudagur

Suðaustankaldi og súld eða rigning sunnan og vestan til í dag, uppstigningardag, og hiti víða 5 til 10 stig. Þurrt norðaustanlands og jafnvel sólarglennur, en hiti getur náð allt að 15 stigum.









## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** hindrun, **6.** klaki, **8.** fjór, **9.** nár, **11.** gyltu, **12.** andúð, **14.** ávarpar, **16.** málmur, **17.** líða vel, **18.** sæ, **20.** tveir eins, **21.** hnappur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** geymsluturn, **3.** frá, **4.** himinhvel, **5.** hyggja, **7.** hávaði, **10.** ílát, **13.** svelg, **15.** pottréttur, **16.** kærleikur, **19.** belti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** hafi, **6.** ís, **8.** fer, **9.** lík, **11.** sú, **12.** óbeit, **14.** yrðir, **16.** ál, **17.** una, **18.** sjó, **20.** gg, **21.** tala.
**LÓÐRÉTT: 1.** slög, **3.** af, **4.** festing, **5.** trú, **7.** síbylja, **10.** ker, **13.** iðu, **15.** ragu, **16.** ást, **19.** öl.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Björn Hólm Birkisson (1845) hafði svart gegn Ingvari Erni Birgissyni (1887) í áskorendaflokki Íslandsmótsins í skák.**

**Svartur á leik**
**24...Hxf3! 25. gxf3?** (25. h3! tryggir hvítum unnið tafl) **25...Rxh2! 26. Bxh2 Rg5 27. Dxg5?** (Eftir 27. Dd1 eða 27. De3 á svartur ekkert betra en þráskák) **27...Dxg5+ 28. Bg3 Dd2** og þessa stöðu vann svartur um síðir.
**www.skak.is:** Íslandsmótið kl. 14 í Hörpu!






# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | 8 | | 3 | 4 | | |
| | 1 | 3 | | 2 | | 8 | | 9 |
| 5 | | | | 1 | | 2 | | 7 |
| 6 | | | 4 | 5 | 9 | | | |
| | 7 | 4 | | | 2 | 5 | | |
| | 3 | | | | 8 | | | 2 |
| | | | 2 | | | 1 | | 3 |
| | 6 | | 3 | | | | | 8 |
| | | 9 | 7 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | 2 | | | 5 | | |
| | | | 7 | 1 | | 6 | 9 | |
| 7 | | | | | | | 2 | |
| | 2 | | | | | 8 | 3 | 5 |
| | | | 3 | 8 | 7 | | | |
| | | | | | | 4 | | |
| 1 | | 3 | 4 | 2 | 9 | 7 | | |
| 2 | 9 | | 6 | | | 3 | 5 | 4 |
| 6 | | | 5 | | | | | 9 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | | 5 | | | | 2 | 6 |
| 4 | | | | | | 7 | | |
| | | | 6 | | 9 | | 4 | 5 |
| 1 | | 5 | 7 | | 2 | | | |
| | | | | 5 | | | 6 | |
| | | | 1 | 4 | | | 7 | |
| 3 | 2 | | | | | 9 | | |
| | 4 | | | | | 6 | 1 | |
| | 9 | 7 | | | | | 5 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 3 | 6 | 5 | 1 | 4 | 9 | 2 |
| 9 | 5 | 1 | 8 | 2 | 4 | 7 | 6 | 3 |
| 2 | 6 | 4 | 9 | 3 | 7 | 8 | 5 | 1 |
| 3 | 4 | 7 | 1 | 6 | 8 | 5 | 2 | 9 |
| 5 | 8 | 9 | 2 | 4 | 3 | 1 | 7 | 6 |
| 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 5 | 3 | 4 | 8 |
| 4 | 9 | 8 | 3 | 7 | 2 | 6 | 1 | 5 |
| 7 | 1 | 2 | 5 | 8 | 6 | 9 | 3 | 4 |
| 6 | 3 | 5 | 4 | 1 | 9 | 2 | 8 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 1 | 2 | 7 | 6 | 9 | 8 | 3 | 5 |
| 8 | 5 | 3 | 2 | 1 | 4 | 6 | 9 | 7 |
| 6 | 9 | 7 | 8 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 |
| 7 | 8 | 4 | 6 | 9 | 1 | 5 | 2 | 3 |
| 5 | 2 | 9 | 3 | 8 | 7 | 4 | 6 | 1 |
| 3 | 6 | 1 | 5 | 4 | 2 | 7 | 8 | 9 |
| 9 | 7 | 6 | 4 | 2 | 3 | 1 | 5 | 8 |
| 1 | 4 | 8 | 9 | 5 | 6 | 3 | 7 | 2 |
| 2 | 3 | 5 | 1 | 7 | 8 | 9 | 4 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 1 | 4 | 9 | 3 | 8 | 6 | 7 | 2 |
| 2 | 9 | 7 | 5 | 6 | 1 | 3 | 4 | 8 |
| 3 | 8 | 6 | 2 | 4 | 7 | 5 | 1 | 9 |
| 6 | 2 | 5 | 4 | 8 | 3 | 7 | 9 | 1 |
| 7 | 3 | 9 | 1 | 2 | 6 | 8 | 5 | 4 |
| 1 | 4 | 8 | 7 | 5 | 9 | 2 | 3 | 6 |
| 8 | 7 | 1 | 6 | 9 | 5 | 4 | 2 | 3 |
| 9 | 6 | 2 | 3 | 7 | 4 | 1 | 8 | 5 |
| 4 | 5 | 3 | 8 | 1 | 2 | 9 | 6 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Markhönnun ehf

# nettó
Kræsingar & kostakjör

# ERU HAMBORGARAR Í HELGARMATINN?
## VIÐ EIGUM NÓG AF ÞEIM Í NETTÓ





HENTUGIR Í FISKRÉTTINN!

**ÞORSKBITAR SMÁIR**
**898**
ÁÐUR 998 KR/KG



**RAUÐSPRETTUFLÖK ÓDÝRT**
**880**
ÁÐUR 1.035 KR/KG




**KJÖRÍS/ÍSSÓSUR 3TEG**
**295**
KR/STK

**KJÖRÍS/MJÚKÍS 1 L, 3TEG**
**459**
ÁÐUR 569 KR/STK




**FRANSKAR KART. 1 KG, X-TRA**
-25%
**299**
ÁÐUR 399 KR/PK

## Opnunartímar Nettó 14. maí - Uppstigningardag

| | |
|---|---|
| Nettó Akureyri | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Borgarnes | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Egilsstaðir | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Grandi | Opið 24 klst. |
| Nettó Grindavík | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Hverafold | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Höfn | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Kópavogur | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Mjódd | Opið 24 klst. |
| Nettó Reykjanesbær | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Selfoss | 10:00 - 20:00 |

**Tilboðin gilda 14. maí – 17. maí 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Eintal og hugsanir

## Hulda Hákon opnar í dag í galleríinu Tveimur hröfnum en hún hélt sína fyrstu einkasýningu í New York 1985.

Hulda Hákon er á meðal þekktari myndlistarmanna þjóðarinnar en í dag opnar hún sýningu í galleríinu Tveimur hröfnum að Baldursgötu 12 í Reykjavík. Þar sýnir Hulda texta, málverk, lágmyndir og skúlptúra. Sýningin er hluti af Listahátíðinni í Reykjavík og kallast Björg, sólskin, hetjur, himinn, haf og fuglar. Þessi langi og skemmtilegi titill sýningarinnar er að mörgu leyti lýsandi fyrir feril Huldu sem er fjölbreyttur og skemmtilegur um leið og Hulda er ávallt samkvæm sjálfri sér í umfjöllunarefnum sínum og nálgun.

Hulda hélt fyrstu einkasýninguna sína í New York 1985 en frá upphafi hefur hún fjallað um hvunndagshetjuna, litla sigra, óhöpp eða einfaldlega hversdagsleg og skemmtileg atvik. Myndmál og textar vísa oft til þess að hið smáa getur verið allt eins dramatískt og eftirtektarvert og hið stóra og ákveðin leiðarstef endurtaka sig á stundum með skemmtilegum hætti. „Já ég fjalla um ýmislegt í mínum verkum, það hefur nú bara alltaf verið þannig og stundum gerast hlutirnir í samfélaginu eftir að ég mála. Ég málaði til að mynda Hvammstanga áður en komst upp um svindlið þar á bæ. Ég var bara að mála fallegan stað sem kúrir þarna í náttmyrkrinu en svo kom þessi Byggðastofnunarskandall og það getur haft áhrif á það hvernig maður sér verkið. Kannski er það eins með makrílinn sem ég sýndi í Vestmannaeyjum árið 2013. Nú er allt orðið brjálað út af makríl.“

Hulda segist í raun róa mikið á sömu mið með sín verk. „Í gegnum tíðina þá hef ég nýtt mér ljóð og sögur, sagnabrunn sem er endalaus uppspretta sem er gaman að dvelja í með einum eða öðrum hætti. En í raun hef ég á sama tíma alltaf litið dálítið á mig sem ákveðinn spegil. Verkin mín eru eintal mitt, hugsanir mínar og vangaveltur sem ég deili svo með öðrum.“

> **En í raun hef ég á sama tíma alltaf litið dálítið á mig sem ákveðinn spegil. Verkin mín eru eintal mitt, hugsanir mínar og vangaveltur sem ég deili svo með öðrum.**

Í gegnum árin hefur Hulda gert talsvert af því að selja verk út fyrir landsteinana og hún segir það hafi komið sér vel í hruninu á sínum tíma. „Það eiginlega bjargaði mér alveg að geta selt til útlanda í hruninu. Ég er mest að selja til Bandaríkjanna og Evrópu, þessi verk sem fara út eru oft stærstu verkin. Það kemur líka fyrir að það séu pöntuð verk og þar sem ég vinn oft með texta þá er ég í þeim tilvikum að vinna á ensku. Mér finnst ekki vera neitt að því að vinna eftir pöntun en sumum myndlistarmönnum finnst að það sé nánast að selja sál sína. Þeim bendi ég nú bara á að Bach samdi Brandenborgarkonsertana eftir pöntun. En sýningin sem verður opnuð í dag er alfarið íslensk sýning og það er ákveðinn léttir að vera að vinna á íslensku. En það er eins með þessa gagnrýni á að vinna eftir pöntunum og gagnrýnina sem við íslenskir myndlistarmenn fengum frá honum Goddi vini mínum í vikunni. Hjá svona hortugri manneskju eins og mér þá fer þetta bara inn um annað og út um hitt. “

magnus@frettabladid.is



**LISTAKONA** Hulda við eitt verka sinna á sýningunni sem verður opnuð í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA







**TOLLHÚSIÐ** Verk Guerilla Girls á Tollhúsinu í Aðalstræti er afdráttarlaust og kraftmikið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Listahátíðin breytir Reykjavíkurborg

## Listhátíðin í Reykjavík var sett í gær og Hanna Styrmisdóttir, listrænn stjórnandi hátíðarinnar, segir hana leitast við að vera fjölbreytta og spennandi fyrir alla.

**Magnús Guðmundsson**
magnus@frettabladid.is

Hanna Styrmisdóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðarinnar í Reykjavík, hefur haft í mörgu að snúast að undanförnu en hátíðin var sett í gær með opnunarsýningu Bandaloop-dansflokksins. Hátíðin í ár og á næsta ári er með meginaherslu á höfundarverk kvenna, ritskoðun og réttindabaráttu í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi og þeirri staðreynd að umtalsvert hefur hallað á hlut kvenna á hátíðinni í gegnum tíðina.

### Femínismi og klifur

Dagskráin er gríðarlega fjölbreytt og segir Hanna að það verði margt spennandi að sjá og skoða fyrir borgarbúa á næstunni. „Ég vil byrja á því að hvetja alla til þess að leggja leið sína að Tollhúsinu við Tryggvagötu en á austurhlið hússins gefur að líta verk eftir Guerilla Girls frá New York. Þær kalla sig samvisku listheimsins og beita sláandi tölfræði og beittum húmor til þess að afhjúpa kerfisbundna mismunun á konum og spillingu í listum, pólitík og poppkúltúr. Ég er sérstaklega ánægð með útkomuna en það er búið að leggja mikið í þetta verk sem er svo sannarlega hárbeitt ádeila með mögnuðum tölum sem snerta okkur öll. Þarna er eitthvað sem við þurfum að horfast í augu við og laga.

Bandaloop er annað gott dæmi um gesti sem gera mikið fyrir hátíðina. Þau víkka út hugmyndir okkar um danslist og færa hana til almennings. Þetta er einmitt það sem við viljum að Listahátíðin geri – stækki heiminn, auki skilning og veki áhuga. Bandaloop-sýningin var framan á Aðalstræti 6 og við það sjáum við þessa byggingu í nýju ljósi. Þannig viljum við gjarnan vinna með staði sem borgarbúar hafa tengsl við, setja þessa staði í nýtt samhengi og vera sýnileg fyrir borgarbúum.“

### Tökum sviðið

Opnunarsviðsverkið Svartar fjaðrir, sem danshöfundurinn Sigríður Soffía byggir á ljóðum Davíðs Stefánssonar, var frumsýnt í gærkvöldi. „Svo er Blæði í næstu viku í Borgarleikhúsinu og það er líka mjög spennandi sýning. Að auki verða um helgina tvær hátíðarsýningar á Endatafli í Tjarnarbíói sem var reyndar frumsýnt fyrr í mánuðinum og fékk hreint frábærar viðtökur. Það er því mikið tilhlökkunarefni að fara í leikhús.“



**LISTRÆNN STJÓRNANDI** Hanna Styrmisdóttir er listrænn stjórnandi Listahátíðarinnar í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Förum á röltið

„Í dag og næstu daga verða svo að opnaðar myndlistarsýningar mjög víða um bæinn, margar hverjar í minni galleríum miðbæjarins. Hugsunin á bak við þetta er að við viljum koma upp þessum gallerísrúnti ef svo má segja og tíðkast víða á hátíðum á borð við þessa. Þá fer fólk í miðbæinn og gengur á milli spennandi sýninga og gefur sér tíma í að skoða og njóta. Með sama hætti þá er Nýjabrum í Stofunni á sunnudaginn, leið til þess að nálgast tónlist með öðrum hætti en í hefðbundnu tónleikarými. En svo er auðvitað mikil tilhlökkun tengd við uppfærsluna á Peter Grimes í Hörpu í næstu viku. Þar eru gríðarlega flottir listamenn á ferð að flytja verk sem segja má að hafi verið alltof lengi á leiðinni til Íslands.

> **Það er í raun margt spennandi og skemmtilegt í boði.**
>
> *Hanna Styrmisdóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík.*

Auk alls þessa verða ákaflega spennandi sýningar opnaðar í stærri söfnunum á næstunni og hátíðin teygir sig líka út fyrir borgarmörkin. En það er erfitt að taka eitthvað eitt út og nefna sérstaklega svo ég hvet fólk til þess að skoða dagskrána vel á netinu eða ná sér bækling. Kynna sér hvað það er í raun margt spennandi og skemmtilegt í boði og svo er bara að rölta af stað og njóta listarinnar.“



№29
2015
Listahátíð
í Reykjavík
Miðasala á
listahatid.is
7. júní, kl. 20:00
@ Harpa, Eldborg
Julia Migenes
La voix humaine
eftir Francis Poulenc
Lokaviðburður Listahátíðar 2015
Meistaraverk Francis Poulenc í flutningi hinnar stórbrotnu Juliu Migenes. Leikstjóri er Þorleifur Örn Arnarsson og meðleikari Juliu á píanó er Árni Heiðar Karlsson. Unnið í samstarfi við Hessisches Staatstheater Wiesbaden.
Lárusson Hönnunarstofa
Stofnaðilar
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Reykjavíkurborg
Máttarstólpi
TVG-ZIMSEN
Flutningsmiðlun
Bakhjarlar
REITIR
Íslensk erfðagreining
BRIM
SEAFOOD

# Frá andliti á tannstöngli í ábreiðu

Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi opnar árlega handverkssýningu í dag.

„Þetta er eiginlega orðið árlegt hjá okkur, á degi eldri borgara. Hann hefur oftast verið haldinn á uppstigningardag, og þá setjum við upp handavinnusýningu í tilefni dagsins,“ segir Kristín Hannesdóttir, forstöðukona félags- og tómstundastarfs eldri borgara á Seltjarnarnesi. Á handavinnusýningunni sýna þátttakendur í tómstundastarfi eldri borgara á Seltjarnarnesi afrakstur af námskeiðum vetrarins. Í hópnum eru 40-50 manns. „Þetta er allt frá því að vera andlit á tannstönglum upp í rúmábreiður. Við erum með muni úr glerlist og glerbræðslu, leir og listasmiðju, handavinnu og bókband. Svo eru timburmennirnir okkar sér á báti, en þeir eru að skera út og tálga,“ segir Kristín.

Sýningin verður haldin í salnum að Skólabraut 3-5 og verður opin í dag frá klukkan 15. Einnig verður hún opin á föstudag og laugardag frá klukkan 14.00 til 17.00. Flest verkin eru í einkaeigu en sölubás verður á staðnum, og að auki verður hægt að kaupa kaffi og vöfflur. - asi

**Svo eru timburmennirnir okkar sér á báti, en þeir eru að skera út og tálga.**



**ELDRI BORGARAR** Handverkssýning með verkum eldri borgara verður opnuð í dag.



# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**14. MAÍ 2015**

### Tónleikar

**16.00** World Narcosis gefur út plötu og blæs af því tilefni til tónleika í Lucky Records. Tónleikarnir hefjast klukkan 16.00. Ekkert aldurstakamark og frítt inn.

**20.00** Hljómsveitirnar KLIKK, In The Company Of Men, Conflictions og Brött Brekka spila á Húrra. 1.000 kr. inn. Húsið opnar 20.00 Fyrsta band á svið 21.00.

**20.00** Kristjana Stefánsdóttir og Kjartan Valdemarsson verða með spunatónleika í Hannesarholti, Grundarstíg 10. Miðaverð er 2.500 kr.

**21.00** Jimmy Nyborg trio spilar í Mengi í kvöld. Skandinavískir listamenn með grunn í jazz, klassískri tónlist og þjóðlagatónlist.

**22.00** Hljómsveitin Flakk heldur tónleika á ObLaDí ObLaDa, Frakkastíg 8 kl. 22.00. Aðgangur er ókeypis.

### Leiklist

**20.00** Endatafl eftir Samuel Beckett á Listahátíð í Reykjavík. Leiksýning í Tjarnarbíói með umræðum við listamenn á eftir.

### Opnanir

Sýningin Handverk og hönnun fer fram í Ráðhúsi Reykjavíkur dagana 14.-18. maí. Hægt að skoða kynningu á öllum þátttakendum á síðunni www.handverkoghonnun.is/radhusid

### Sýningar

**11.00** Dagur eldri borgara á Seltjarnarnesi haldinn hátíðlegur. Klukkan 15.00 opna eldri bæjarbúar handverkssýningu í salnum á Skólabraut 3-5. Kaffisala og vöfflur á staðnum.

**13.00** Myndverk Kristins G. Harðarsonar verður afhjúpað á Gunnfríðarstöpli fyrir framan Listasafn ASÍ við Freyjugötu 41. Safnið er opið alla daga nema mánudaga frá 13.00 til 17.00 og aðgangur er ókeypis.

**13.00** Sýning Huldu Hákon; Björg, sólskin, hetjur, himinn, haf og fuglar, opnar í Tveir hrafnar listhús, Baldursgötu 12. Sýningin er hluti af dagskrá Listahátíðar í Reykjavík 2015.

**13.00** Í dag opnar sýning á verkum nemenda frá Myndlistaskólanum í Reykjavík og Landakotsskóla sem unnin eru út frá óperunni og ævintýrinu um Lísu í Undralandi.

**16.00** Sýning Ásdísar Sifjar Gunnarsdóttur, Misty Rain, opnar í Hverfisgalleríi í dag. Þetta er hennar fyrsta einkasýning. Sýningin er hluti af Listahátíð.

**18.00** Sýningin Prýði / Adorn í sýningarstjórn og umsjón Becky Forsythe verður opnuð í Nýlistasafninu í dag. Opið 18.00-20.00.

**18.00** Sýningin Vorverk eftir Kristínu Helgu Káradóttur, verður opnuð í Nýlistasafninu. Opnunartími þriðjudaga til laugardaga 12.00-17.00.

### Hátíðir

**13.00** Karnival á Ásbrú. Árlegur Opinn dagur á Ásbrú í Reykjanesbæ. Ævar vísindamaður er sérstakur gestur karnivalsins í ár.

### Dans

**17.00** Útskriftarnemendurnir Tony Vezich, Sveinbjörg Þórhallsdóttir og Steinunni Ketilsdóttir sýna dansverk sín í Gamla Bíói. Sýningartímar: 14. maí kl. 17.00, 14. maí kl. 20.00 og 15. maí kl. 17.00.

**20.00** Salsaveisla á RIO. Fimmtudagar eru Salsadagar á RIO. Frír prufutími í salsa fyrir byrjendur kl. 20.00 og síðan er dansgólfið laust.

### Uppistand

**22.00** Tilraunauppistandskvöld á Íslenska Rokkbarnum í Hafnarfirði. Hafið samband gegnum Facebook-síðu uppistand.is ef þið viljið koma fram. Frítt inn.

### Fyrirlestrar

**12.00** Hádegisleiðsögn með Bjarna Sigurbjörnssyni um sýninguna Nýmálað 2 á Kjarvalsstöðum. Eftir leiðsögnina er gestum boðið upp á kaffi. Aðgangseyrir kr. 1.400, ókeypis fyrir menningarkortshafa, eldri borgara og 18 ára og yngri.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*



# Sýning þar sem konur fjalla um konur

Í dag opnar sýningin Frenjur og fórnarlömb í Listasafni ASÍ, sem hluti af Listahátíð í Reykjavík. Þar fjalla konur um konur og draga fram ýmsar birtingarmyndir kveneðlisins ásamt því að fjalla um stöðu kvenna í fortíð og samtíma.

Tilefni sýningarinnar er að í ár eru hundrað ár liðin frá því að konur fengu kosningarétt. Alls sýna ellefu fulltrúar sem tilheyra þremur kynslóðum íslenskra listakvenna, en hver um sig hefur skapað sér sérstöðu og í listsköpun sinni tekist á við erfiðar spurningar er varða konur og kyn. Auk þeirra skrifa þær Anna Hallin, Eirún Jónsdóttir, Eva Ísleifsdóttir, Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá, Lóa Hjálmtýsdóttir, Magdalena Margrét Kjartansdóttir, Rakel MacMahon og Valgerður Guðlaugsdóttir stutta texta í sýningarskrá þar sem þær velta fyrir sér þema sýningarinnar. Leitað er í eldri viðtöl við Elínu Pjet. Bjarnason, Rósku og Sigrid Valtingojer sem eru látnar, en þar má finna ummæli sem tengjast sýningarefninu.



**LÓA HJÁLMTÝSDÓTTIR**

Um svipað leyti og konur fengu kosningarétt hér á landi var það helst í vefnaði og textíl sem kona gat látið ljós sitt skína á þessum vettvangi og verk hennar þá gjarnan afgreidd sem handverk fremur en myndlist af þeim sem til þóttust þekkja. Konurnar á þessari sýningu, höfundar jafnt sem höfundarverk, beina athyglinni að tómarúminu sem blasir við í karllægri listasögu um leið og þær senda henni langt nef.

Þótt færri orðum hafi verið eytt í konur en karla þegar fjallað er um myndlist, er enginn hörgull á nöfnum og lýsingarorðum yfir þennan helming Íslendinga. Tungumálið er spegill þjóðarsálarinnar og orð íslenskrar tungu sem lýsa konum eru mýmörg. Sum hafa gleymst og ný orðið til í tímans rás og ef til vill er það einmitt þegar þessi þróun er skoðuð sem staða íslenskra kvenna verður sýnilegust.

Í Gryfju safnsins hefur hluta þessara orða verið safnað saman, orðum sem spegla fordóma og kvenfyrirlitningu en einnig ást, upphafningu og mikilleika íslenskra kvenna.

Sýningin stendur til 28. júní og er safnið opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13 til 17. Sýningarstjórar eru þær Kristín G. Guðnadóttir og Steinunn G. Helgadóttir. Aðgangur er ókeypis.



**EITT VERKANNA** Verk eftir Valgerði Guðlaugsdóttur.

➜ Þótt færri orðum hafi verið eytt í konur en karla þegar fjallað er um myndlist, er enginn hörgull á nöfnum og lýsingarorðum yfir þennan helming Íslendinga. Tungumálið er spegill þjóðarsálarinnar og orð íslenskrar tungu sem lýsa konum eru mýmörg. Sum hafa gleymst og ný orðið til í tímans rás og ef til vill er það einmitt þegar þessi þróun er skoðuð sem staða íslenskra kvenna verður sýnilegust.

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

# Opið í dag

## Nóg til af kjöti

New York marinering

20% afsláttur

1359 kr. kg

Verð áður ~~1699~~ kr. kg

Grísahnakki úrbeinaður, erlendur

Hvítlauks- og rósmarín marinering

20% afsláttur

1359 kr. kg

Verð áður ~~1699~~ kr. kg

Grísahnakki á spjóti, erlendur

Rauðkál 99 kr. kg

Kókoshneta 99 kr. stk.

Rauðrófa 99 kr. kg

Radísur 99 kr. pk.

Rauðlaukur 99 kr. kg

Hvítkál 99 kr. kg

Agúrka 99 kr. stk.

99 kr.

99 kr. stk.

Verð áður ~~219~~ kr. stk.

Colgate tannbursti, Extra Clean

54% afsláttur

80 í pk.

37% afsláttur

99 kr. stk.

Verð áður ~~152~~ kr. stk.

First Price bómullarskífur

25% afsláttur

8 í pk.

349 kr. pk.

Verð áður ~~469~~ kr. pk.

Grite salernisrúllur, 8 í pk.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

**Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is**

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**46 ára. Cate Blanchett.**

Þekktust fyrir: Lord of The Rings-myndirnar, The Curious Case of Benjamin Button.

## BÍÓFRÉTTIR

### Portman talar við drauga

Leikkonan Natalie Portman mun fara með eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni Planetarium, ásamt Lily-Rose Depp, dóttur Johnny Depp, sem mun fara með hlutverk systur Portman. Myndin gerist í Frakklandi um 1930 og eru systurnar þeim hæfileikum gæddar að geta náð sambandi við framliðna. Tökur á myndinni eiga að hefjast í september og stefnt er að því að frumsýna hana í maí á næsta ári.



### Redmayne í Harry Potter-mynd

Óskarsverðlaunahafinn Eddie Redmayne er í viðræðum um aðalhlutverk í myndinni Fantastic Beasts, sem byggð er á bókunum um Harry Potter, en sagt er að hann hafi heillast af handriti J.K. Rowling. Ekkert hefur verið staðfest en orðrómur er um að Redmayne muni fara með hlutverk Newt Scamander. Auk hans hafa leikararnir Nicholas Hoult og Matt Smith verið orðaðir við myndina.





**Pitch Perfect 2**

**Gamanmynd**

**Helstu leikarar:** Anna Kendrick, Elizabeth Banks, Hailee Steinfeld, Rebel Wilson.

IMDb 7,2/10



**Mad Max: Fury Road**

**Spennumynd**

**Helstu leikarar:** Tom Hardy, Rosie Huntington-Whiteley, Charlize Theron, Nicholas Hoult.

IMDb 9,3/10

# Clueless fagnar 20 ára afmæli. As if!

**Það eru tuttugu ár síðan Cher Horowich fékk stúlkur um allan heim til þess að dreyma um fjarstýrðan fataskáp, kom hnésokkum í tísku og frasarnir „As if!“ og „What ever“ urðu hluti af eðlilegu samtali. Aðdáendur hennar segja myndina einungis verða betri með árunum.**

Kvikmyndin Clueless fagnar tuttugu ára afmæli sínu í ár, en myndin kom út þann 19. júlí árið 1995. Í henni kynntumst við Beverly Hills-skvísunni Cher Horowich. Hún á moldríkan pabba sem starfar sem lögmaður. Móðir hennar lést hins vegar þegar Cher var aðeins tólf ára, þegar fitusogsaðgerð sem hún var í fór úr böndunum. Síðan þá hefur Cher ekki skort einn einasta veraldlegan hlut, eins og sjá má á fataskápunum hennar, bílnum og herberginu hennar. Henni er mikið í mun að vera góð við alla og vill helst bjarga heiminum, þótt hún eigi það til að misskilja hann. Hún fær sitt fram með því að vera frek á einlægan hátt og hikar ekki við að halda ræður til að færa rök fyrir máli sínu.

Myndin er byggð á bókinni Emma eftir Jane Austen, og átti upphaflega að vera sjónvarpsþáttur með nafnið Clueless in California. Leikstjórinn, Amy Heckerling, prófaði Reese Witherspoon og Sarah Michelle Gellar í hlutverkið, en hvorug þeirra gat tekið hlutverkið að sér. Heckerling óskaði þá eftir að fá stelpuna sem lék í Aerosmith-myndböndunum og var Alicia Silverstone ráðin í hlutverkið.

Margir af vinsælustu frösum myndarinnar, eins og „Baldwin“, „Betty“ og „keeping it real“, voru hugmyndir leikstjórans og slógu þeir svo rækilega í gegn að gefin var út bókin How to Speak Cluelessly. Höfðu leikarar myndarinnar flestir ekki hugmynd um hvað þessi orð þýddu þegar þau léku í myndinni.

Fyrir utan frasana og litríka karaktera er myndin einna eftirminnilegust fyrir búningana. Það var líklega ekki til sú unglingsstúlka sem ekki dreymdi um að eignast gula, köflótta dressið, hvíta Calvin Klein-kjólinn (sem Calvin Klein lét endurgera árið 2010 vegna vinsælda), kragalausu skyrtuna frá Fred Segal, Alaia-kjólinn og rauðu satínskóna. Og glætan að fara í eitthvað frá Judy's!

adda@frettabladid.is




**CLUELESS** Þessi frábæra mynd fagnar tuttugu ára afmæli í ár.



**ALSÆL** Cher sátt með innkaupapokana sína.



**HE GAVE ME A C MINUS** Eitt eftirminnilegasta atriði myndarinnar, þegar þær Cher og Dionne tala saman í síma, hlið við hlið. NORDICPHOTOS/GETTY

## Eftirminnilegar setningar úr Clueless

**CHER:** Hey, granola breath, you got something on your chin.
**JOSH:** I'm growing a goatee.
**CHER:** Oh, that's good. You don't want to be the last one at the coffee house without chin pubes.

**TAI:** Cher, I don't want to do this anymore. And my buns, they don't feel nothin' like steel.

**CHER:** I feel like such a heifer. I had two bowls of Special K, 3 pieces of turkey bacon, a handful of popcorn, 5 peanut butter M&M's and like 3 pieces of licorice.

**LUCY:** I'm not a Mexican!
**CHER:** Great, what was that about?
**JOSH:** Lucy's from El Salvador.
**CHRISTIAN:** You like Billie Holiday?
**CHER:** I love HIM.

**MEL:** Cher, get in here.
**CHER:** What's up, Daddy?
**MEL:** What the hell is that?
**CHER:** A dress.
**MEL:** Says who?
**CHER:** Calvin Klein.

**CHER:** Well, I remember Mel Gibson accurately and ... he didn't say that, that Polonious guy did.

**DIONNE:** Dude, what's wrong? Are you suffering from buyer's remorse or something?




ferskur sumarblær
Elizabeth Arden
Green Tea
Scent Spray
Eau Parfumée
Vaporisateur
Elizabeth Arden
NEW YORK
Elizabeth Arden kynning í Hagkaup dagana 14.-20.maí
20% afsláttur af öllum vörum frá Elizabeth Arden.
Frábær kaupauki fylgir með tveimur keyptum vörum frá Elizabeth Arden.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# LÍFIÐ

## TREND ALLS KONAR EFNI, ÁFERÐIR OG MUNSTUR

Það er alltaf gaman að prufa sig áfram og blanda saman, lífið snýst nú um að hafa gaman.


GAULTIE


MAISON MARTIN MARGIELA


MARC JACOBS


MARNI


PROENZA SCHOULER

# Hverragerði listamannabær landsins

Fjöldi listamanna hefur flust búferlum til Hveragerðis að undanförnu. Fréttablaðið tók upp símtólið og heyrði í nokkrum listamönnum sem flutt hafa í þennan fallega bæ að undanförnu. Hvað er það sem veldur því að listamenn kjósa Hveragerði frekar en aðra staði?



Gunnar Leó Pálsson
gunnarleo@frettabladid.is

Hann er þekktur fyrir mikla náttúrufegurð, gróðurhús og er oft kallaður Blómabærinn. Við erum að tala um Hveragerði en bærinn sá er í rúmlega 40 kílómetra fjarlægð frá Reykjavík.

Að undanförnu hafa þekktir listamenn flust búferlum til Hveragerðis og ákvað Fréttablaðið því að heyra í nokkrum listamönnum sem flutt hafa í þennan fallega bæ að undanförnu.

Tónlistar- og leikkonan Unnur Birna Björnsdóttir festi á dögunum kaup á glæsilegu húsi í Hveragerði ásamt kærasta sínum, Jóhanni Vigni Vilbergssyni. Á Facebook-síðu sinni sagði hún: „Fyrsta íbúðin okkar saman er ekki rottuhola í Reykjavík á uppsprengdu verði, heldur dásamlegt einbýlishús með risagarði í náttúrufegurðinni í Hveragerði! Við verðum með stúdíó, heitan pott og kartöflugarð.“

Á fyrri hluta síðustu aldar bjó fjöldi listamanna og skálda í Hveragerði. Má þar nefna Kristmann Guðmundsson, Kristján frá Djúpalæk, Jóhannes úr Kötlum og Gunnar Dal.

Nokkrir aðilar í bænum sem hafa unnið við músík standa á bak við Hljómlistarfélagið í Hveragerði og kemur sú hljómsveit fram nokkrum sinnum á ári.

Unnur Birna er þó ekki fyrsta konan úr listageiranum sem flytur til Hveragerðis því fyrir skömmu flutti önnur tónlistar- og leikkona, Ágústa Eva Erlendsdóttir, til Hveragerðis ásamt fjölskyldu sinni. Ágústa Eva átti þó heima í Hveragerði á sínum æskuárum og virðist vera himinlifandi yfir að vera komin aftur á æskuslóðirnar.

Tónlistarkonan Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, betur þekkt sem Lay Low, býr rétt fyrir utan Hveragerði.

Þrír meðlimir hljómsveitarinnar Á móti sól búa í Hveragerði, Heimir Eyvindarson, Sævar Þór Helgason og Stefán Ingimar Þórhallsson.

Hallgrímur Óskarsson tónlistarmaður býr þar einnig en hann hefur samið fjölda laga, meðal annars Open Our Heart sem Birgitta Haukdal söng í Eurovision 2003.

Þá eru meðlimir hljómsveitarinnar Mánar komnir til Hveragerðis, þeir Ólafur Þórarinsson og Guðmundur Benediktsson.



**STOLT HVERAGERÐIS Á MÓTI SÓL** meðlimir búsettir í Hveragerði

**SUÐRÆNN OG SEIÐANDI** Hveragerði hefur löngum verið þekkt fyrir einstaka náttúrufegurð og gjöful gróðurhús. Nú er bærinn að fyllast af listamönnum og mikil gleði í loftinu í bland við brennisteinsvetni. MYND/EINAR ÓLASON

## AF HVERJU HVERAGERÐI?



### Unnur Birna Björnsdóttir, tónlistar- og leikkona

„Því það er ódýrara húsnæði, mikil náttúrufegurð og líklega meiri líkur á að fá inspírasjón fyrir listamenn. Hveragerði er líka hæfilega langt í burtu en einnig nógu nálægt.“

Unnur Birna og Jóhann Vignir eru bæði alin upp úti á landi og voru búin að fá nóg af Reykjavík. „Við byrjuðum að spá í þessu fyrir um tveimur árum og svo fann hann þetta hús. Við vildum meira pláss til að geta sett upp stúdíó og svo er garðurinn æðislegur. Ekki spillir fyrir að foreldrar okkar búa á svæðinu, mínir hér í Hveragerði og hans á Eyrarbakka,“ segir Unnur Birna alsæl með nýja húsið og bætir við létt í lundi: „Ætli við förum ekki að stofna hljómsveit hérna, svona bæjarbandið, við gætum mögulega kallað hljómsveitina Hverasveitina.“

> **Ætli við förum ekki að stofna hljómsveit hérna, svona bæjarbandið, við gætum mögulega kallað hljómsveitina Hverasveitina.**



### Guðrún Eva Mínervudóttir, rithöfundur

„Það var hálfgerð tilviljun að ég skyldi flytja hingað, mig langaði mest að flytja í sumarbústað, en það hentaði ekki því ég kann ekki að keyra. Héðan fer hins vegar strætó nokkrum sinnum á dag þannig að þetta er ferlega fínt. Ég kann mjög vel við mig þarna,“ segir Guðrún Eva um staðinn.

„Þetta var auðvitað mikill listamannabær á fyrri hluta síðustu aldar, hér bjuggu margir listamenn og málarar. Það eru margir listamenn komnir hingað á nýjan leik og því greinilega fleiri en ég sem eru að leita að kyrrð og vænlegum stað.“

Guðrún Eva flutti til Hveragerðis árið 2012 og er ekki á leiðinni í burtu. „Ég er ekki að fara neitt. Það hentar mér mér mjög vel að búa hérna.“ Guðrún Eva er alin upp hér og þar úti á landi. „Ég flutti til Reykjavíkur um leið og ég flutti úr foreldrahúsum þegar ég var átján ára. Svo verður maður miðaldra og vill fara aftur í sveitina,“ bætir Guðrún Eva við og hlær.

> **Mig langaði mest að flytja í sumarbústað, en það hentaði ekki því ég kann ekki að keyra.**



### Magnús Þór Sigmundsson, tónlistarmaður

„Ég bjó á Laugaveginum í um það bil fimmtán ár og kunni vel við það en vildi samt koma mér þaðan því ég var að ala upp börn. Ástæðan fyrir flutningunum kom þó eiginlega til þegar sonur minn fór í skólaferðalag til Hveragerðis og þegar hann kom heim sagðist hann vilja flytja til Hveragerðis. Hann vildi fara þangað því það voru svo góðar gangstéttir þar, en hann var mikið á hjólaskautum,“ segir Magnús Þór. Hann kann mjög vel við sig fyrir austan fjall og er ekki á leiðinni í burtu. Hann flutti til Hveragerðis árið 2001.

„Ég kann rosalega vel við mig þetta alltaf svo fallegt bæjarstæði og svo heillaði apinn í Eden mann líka,“ segir Magnús Þór og hlær. „Ég flutti samt ekki þá en ég hef alltaf haft áhuga á bæjum sem liggja inni í landi, þar sem ekki er stöðugt rifrildi um kvóta og fisk. Svo er bara meira umburðarlyndi gagnvart skrítnu fólki í Hveragerði,“ bætir Magnús Þór við léttur í lundu.

> **Ég kann rosalega vel við mig þetta svo fallegt bæjarstæði og svo heillaði apinn í Eden mann líka.**





Heimur vísinda
Karnival
OPINN DAGUR á ÁSBRÚ Í DAG KL. 13–16
Hinn árlegi Opni dagur á Ásbrú í Reykjanesbæ, í dag uppstigningardag.
Verið velkomin.
Bollakökukeppni
SNEISAFULL dagskrá FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
Ævar vísindamaður, Gói, Jóhanna Ruth Luna Jose, Keilir, bandaríski flugherinn, flughermir, spennandi leikja- og sölubásar, candyfloss, hoppukastalar, draugahús, grillaðir sykurpúðar og þrautir.
Fyrirtæki á Ásbrú kynna fjölbreytta starfsemi og margt fleira skemmtilegt.
KARNIVAL
Á tímum Varnarliðsins héldu íbúar árlegt KARNIVAL í fjáröflunarskyni. Íslendingar voru þá boðnir velkomnir í fjörið og gátu keypt amerískar vörur og tekið þátt í skemmtilegum karnivalleikjum.
Nú höldum við KARNIVAL með svipuðu sniði á Ásbrú og bjóðum alla velkomna að skemmta sér og sínum.
Ævar vísindamaður
REYKJAVÍK
40 MÍN
REYKJANESBÆR
ÁSBRÚ
Ásbrú í Reykjanesbæ er suðupottur tækifæra.
Þar hefur á skömmum tíma byggst upp litríkt samfélag, þar sem saman fer öflug menntastofnun, fjöldi spennandi fyrirtækja og blómstrandi mannlíf.
www.asbru.is
Opinn dagur
Opinn dagur á Ásbrú er haldinn ár hvert.
Kadeco býður ykkur velkomin á karnivalið 14. maí kl. 13–16 í Atlantic Studios.
Skoðaðu dagskrána á opinndagur.is
ÁSBRÚ

# Rýnir í ræturnar okkar í glænýjum þáttum

Kristján Már Unnarsson fréttamaður mun grandskoða landnám Íslands og leita svara um uppruna Íslendinga í nýrri þáttaröð sem mun líta dagsins ljós með haustinu. Hann segir að undirbúningurinn sé krefjandi verk.

„Hér er svo mörgum spurningum ósvarað. Erum við öll Norðmenn? Kannski Írar? Hvaðan erum við eiginlega?“ spyr Kristján Már Unnarsson uppveðraður, en hann hyggst búa til þætti um landnám Íslands og þær fjölmörgu ráðgátur sem því fylgja.

Mun hann leita á náðir sérfræðinga úr öllum áttum, svo sem sagnfræðinga, náttúrufræðinga, erfðafræðinga og fleiri. „Ég held að þetta sé eitthvað sem allir hafa áhuga á, við viljum jú öll vita hvaðan við komum og mér hefur sýnst fólk áhugasamt,“ segir Kristján. Hann segir áhugavert að velta fyrir sér hvernig standi á því að hingað hafi menn upphaflega komið og ef þeir hafi komið frá Noregi líkt og haldið er fram, hvers vegna þeir völdu Ísland. „Svo má alltaf velta fyrir sér ýmsu, svo sem hvað gerði það að verkum að Íslendingar náðu ekki bólfestu í Ameríku þrátt fyrir að hafa verið þar býsna snemma,“ segir Kristján.



KRISTJÁN MÁR UNNARSSON

Kristján segir Íslendinga lukkunnar pamfíla þar sem forfeður okkar voru svo dæmalaust duglegir við að skjalfesta landnámið. „Við höfum verið hér síðan 870 og erum með þetta nánast allt saman skrifað niður, það er hreint út sagt ótrúlegt.“

„Ég stefni á að koma þessu í sýningu með haustinu, en lofa engu þar sem þetta er krefjandi verk og verður að vera almennilega gert, og svo verður þetta að vera sjónvarpsvænt líka,“ segir Kristján að lokum. - ga



**HEILLANDI** Kristján er yfir sig spenntur fyrir að leggjast í rannsóknarvinnu þáttanna, sem gætu orðið átta og jafnvel miklu fleiri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ALLTAF TIL Í SPRELL** Harry prins er í heimsókn á Nýja-Sjálandi og er alltaf til í gott sprell.



**KÍKTI Í HEIMSÓKN** Charlie Sheen kíkti í heimsókn í sjónvarpsþáttinn Extra á dögunum og var mikið niðri fyrir.



**BRUGÐU Á LEIK** Það eru alltaf allir í stuði hjá Jimmy Fallon og er leikkonan Charlize Theron engin undantekning þar á.



**EITTHVAÐ EFINS** Billy Piper virtist vera eitthvað óviss á Wizard World Comic Con í Philadelphia á dögunum.

# FRÆGIR Á FERÐ OG FLUGI

Það er sjaldan lognmolla í kringum fræga fólkið vestanhafs. Það þarf að mæta á kvikmyndahátíðir, skoða vaxmyndir og mæta í viðtöl.



**NETTUR GAUR** Jake Gyllenhaal er mættur til Frakklands á Cannes-kvikmyndahátíðina sem hófst í gær.



**HEIÐRUÐ** Söngkonan P!nk var heiðruð á hinum árlegu BMI Pop Awards og virðist bara hafa verið frekar ánægð með það.



**HVÍLÍK INNLIFUN** Gwen Stefani kom fram á tónlistarhátíðinni Rock in Rio á föstudaginn og var í miklum ham.




**ALSÆL MEÐ VAXMYND** Conchita Wurst stilti sér upp með vaxmynd í Madame Tussauds í Vín á þriðjudaginn og virtist ánægð með útkomuna.




**895,-/10 í pk.**

**STJÚPUR** sumarblóm. Ýmsir litir



**FRÖER** græðlingasett. Inniheldur: pappapotta, jarðvegskubba og kryddjurtafræ **590,-/settið**



**KOKOSNÖT** gróðurmold. 15l Kókoshnetutrefjar og hýði **590,-**



**SOCKER** blómapottur m/festingu Innanmál Ø18, H19cm. Ýmsir litir **1.650,-/stk.**

# Sumarið þitt er blómstrandi



**SOCKER** hangandi blómapottar Innanmál Ø19, H19cm Ýmsir litir **990,-/stk.**




**SÓLBOÐI** sumarblóm **895,-/stk.**



**SOCKER** gróðurhús B45×D22, H35cm. Hvítt **2.850,-**



**1.590,-**

**GARÐLILJA** sumarblóm Ýmsir litir





**SOCKER** blómakassar m/festingu B19×L54, H12cm. Ýmsir litir **3.450,-/stk.**



**SOCKER** garðkönnur 5l. Ýmsir litir **1.950,-/stk.**



**GRÄSMARÖ** garðyrkjusett Plast **590,-/3 í setti**




**895,-/stk.**

**MARGARITA** sumarblóm Ýmsir litir




**SILFUR-KAMBUR** sumarblóm **995,-/10 í pk.**

**1.890,-**

**CÝPRUS** sígræn planta. H120cm



**GRÄVA** blómapottar. Bleikt eða hvítt Innanmál Ø42, H35cm **2.950,-** Innanmál Ø42, H50cm **3.950,-**



**SOCKER** blóma-standur m/6 pottum Stál/hvítt **4.950,-** *Einnig til grátt*



**Sígrænar plöntur 2.990,-/stk.** Kínaeinir, cýprus globosa, himalajaeinir og skriðbláeinir

**Opið í dag, uppstigningardag**
**Verslun 11-21**
**Sumarmarkaður 11-20**

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

IKEA®

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

© Inter IKEA Systems B.V. 2015




# Seljum Bessastaði



**BAKÞANKAR**
Atla Fannars Bjarkasonar

Þetta hefur alltaf verið svona" eru verstu rökin. Af hverju fá ráðherrar lúxusbíla? Af hverju fá þeir ekki bara viðhaldslitla Yarisa sem eyða engu?

**VIÐSKIPTABLAÐIÐ** sagði frá því í vikunni að Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, væri kominn á nýjan ráðherrajeppa. 12 milljón króna Toyota Land Cruiser-jeppi varð fyrir valinu en þetta er svo sem engin stórfrétt. Allir ráðherrarnir aka um á lúxusbílum í stærri kantinum en ég hef ekki enn þá heyrt sannfærandi rök fyrir íburðinum.

**AF** hverju er þetta svona? Af hverju þurfa ráðherrabílar að vera gljáfægðir lúxusbílar sem kosta hver um sig á annan tug milljóna? Til hvers? Er það vegna þess að svoleiðis er það í útlöndum? Þá ættum við að sjálfsögðu að sýna gott fordæmi og breyta þessu.

**DANMÖRK** situr uppi með kóngafjölskyldu. Þar neyðist fólk til að viðhalda rándýrum lífsstíl fólks sem er ljósárum frá því að vera í nokkurs konar sambandi við almenning. Þetta gerir fólk án þess að segja orð. Þetta hefur jú alltaf verið svona.

**HÉR** heima erum við með embætti forseta Íslands og eyðum í það tæpum 200 milljónum á ári. Af hverju ekur hann um á lúxusbílum? Af hverju fær hann ekki bara eyðslugranna Toyotu? Hvaða fokking kjaftæði er þetta?

**EKKI** misskilja mig. Ég skil fólk sem kaupir lúxus. Geri það oft og myndi kaupa sex hjóla gull-Lexus ef ég hefði efni á honum. Ég vil líka að fólk í ábyrgðarstöðum fái vel borgað. Ég skil hins vegar ekki af hverju ríkið þarf að kaupa lúxus fyrir fólk til að viðhalda einhverjum löngu úreltum hugmyndum um einhvers konar opinbera yfirstétt.

**SELJUM** bíla forsetans og alla ráðherrabílana. Greiðum niður skuldir. Seljum líka Bessastaði. Snotur hæð í Vesturbænum er nóg fyrir forsetann.




# StopWaitGo-systir hannar kjólana og skartið

„Öll fjölskyldan kemur að þessu, mamma saumaði til dæmis hverja einustu pallíettu á kjólinn hennar Maríu," segir Sunna Dögg Ásgeirsdóttir sem sér um útlitið á Eurovision-förum okkar Íslendinga í Austurríki.



**HÖNNUÐURINN** Sunna er þúsundþjalasmiður og er ekkert óviðkomandi þegar kemur að útliti Eurovision-faranna. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDURTHORKÁRASON

„Við komum öll að þessu einhvern veginn," segir Sunna Dögg, sem gegnir hlutverki stílista í Eurovision-teymi Íslands í ár. Sunna hannaði sjálf alla skartgripina sem María mun skarta á sviðinu í Vín. „Ég valdi að hafa fiðrildi í aðalhlutverki, en ég tek mið af Maríu sjálfri og laginu," útskýrir Sunna og bætir við: „Bróðir minn teiknaði fiðrildið sem var á kjólnum hennar í undankeppninni og fannst mér kjörið að fara með það aðeins lengra, þar sem fiðrildið endurspeglar innihald textans nokkuð vel, það byrjar í púpu en springur svo út og verður svo fallegt og frjálst."



Munu bakraddirnar einnig bera skartið og gerði Sunna sérstaka útgáfu fyrir þá Friðrik Dór og Ásgeir Örn, en það er svokallað póló. „Jón & Óskar smíðuðu skartið. Í framhaldinu þótti okkur borðleggjandi að láta gott af okkur leiða, svo almenningur getur keypt sér sitt eigið og rennur allur ágóði til Hugarafls, sem berst fyrir hagsmunum og mannréttindum fólks með geðröskun."

Kjólarnir sem María kemur til með að klæðast á meðan á dvöl hennar stendur eru einnig hönnun Sunnu. „Ég hannaði alls fimm kjóla, og hjálpaði mamma mér mikið. Hún saumaði til dæmis hverja einustu pallíettu á kjólinn sem María klæðist þegar hún stígur á sviðið."

Þau systkinin héldu utan í gær og mun svo þrjátíu manna hópur fjölskyldumeðlima mæta í næstu viku.



**MARÍU SKART** Allur ágóðinn sem hlýst af sölunni fer beint til Hugarafls.




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| MAD MAX: FURY ROAD 3D | KL. 10:10 |
| MAD MAX: FURY ROAD VIP 2D | KL. 10:10 |
| HOT PURSUIT | KL. 3 - 4 - 5 - 6 - 7 - 8 - 9 |
| THE WATER DIVINER | KL. 5:30 - 8 |
| AVENGERS 2 3D | KL. 5 - 8 |
| AVENGERS 2 2D | KL. 10:30 |
| AVENGERS 2 VIP 2D | KL. 4 - 7 |
| CHILD 44 | KL. 5 - 8 |
| TÖFRARÍKIÐ ÍSLTAL | KL. 3 |
| CINDERELLA | KL. 3 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSLTAL 2D | KL. 3 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| PITCH PERFECT 2 | KL. 8 |
| HOT PURSUIT | KL. 8 - 10 |
| AVENGERS 2 3D | KL. 10:20 |
| ÁSTRÍKUR Á GOÐABAKKA ÍSLTAL | KL. 6 |
| LOKSINS HEIM ÍSLTAL 3D | KL. 5:50 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| MAD MAX: FURY ROAD 3D | KL. 8 |
| HOT PURSUIT | KL. 6 - 8 - 10:30 |
| THE WATER DIVINER | KL. 5:30 |
| AVENGERS 2 3D | KL. 5 |
| AVENGERS 2 2D | KL. 8 - 10 |
| RUN ALL NIGHT | KL. 10:30 |
| GET HARD | KL. 5:40 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| MAD MAX: FURY ROAD 2D | KL. 8 |
| HOT PURSUIT | KL. 4 - 6 - 8 - 10 |
| AVENGERS 2 2D | KL. 4 - 5 - 7 - 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| MAD MAX: FURY ROAD 3D | KL. 8 - 10:40 |
| HOT PURSUIT | KL. 3 - 8 |
| AVENGERS 2 3D | KL. 5 - 10 |
| AVENGERS 2 2D | KL. 3 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU KR.950

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| PITCH PERFECT 2 | 2, 5, 8, 10:10 | 12 |
| MAD MAX - FORSÝNING | 10:20(P) | 16 |
| BAKK | 5:50, 8, 10:20 | L |
| AGE OF ADALINE | 8 | 12 |
| AVENGERS 2 3D | 5 | 12 |
| ÁSTRÍKUR 2D | 2, 4 - ÍSL TAL | L |
| LOKSINS HEIM | 2 - ÍSL TAL | L |






Markhönnun ehf

netto
Kræsingar & kostakjör

# Barnadagar í Nettó!



Avent vörur
**10% afsláttur**



Pampers bleyjur
4 tegundir
**1.198 kr/pk**



Líf-rænt

Anglamark vörur
**3 fyrir 2**



Elles vörur
**3 fyrir 2**

Líf-rænt



Líf-rænt

Holle vörur
**3 fyrir 2**



Nestle & Gerber vörur
**3 fyrir 2**



Nuk & MAM vörur
**10% afsláttur**



Kalibo vörur
**3 fyrir 2**

*ekki er afsl. af barnamjólk

**Tilboðin gilda 14. – 17. maí 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Finnst ég vera á réttri leið

Patrekur Jóhannesson gerði Hauka að Íslandsmeisturum á mánudagskvöldið þegar liðið lauk fullkominni úrslitakeppni með því að sópa Aftureldingu í lokaúrslitum. Þetta er fyrsti Íslandsmeistaratitill Patreks.

**HANDBOLTI** „Ég fór bara heim, náði í konuna og við skelltum okkur á Ásvelli þar sem var móttaka fyrir liðið. Það var samt skóli hjá krökkunum daginn eftir þannig við vorum bara til tólf,“ segir Patrekur Jóhannesson, þjálfari Íslandsmeistara Hauka í handbolta, léttur og kátur í viðtali við Fréttablaðið.

Haukar lyftu Íslandsbikarnum í tíunda sinn í sögu félagsins að Varmá á mánudaginn og í níunda sinn síðan árið 2000. Sigurganga liðsins hefur verið ótrúleg.

„Lokahófið hjá yngri flokkunum byrjar klukkan fimm og svo er hjá okkur í kvöld [gærkvöld]. Maður verður kannski aðeins lengur í kvöld enda eiga menn auðvitað að fagna þessum árangri.“

### Vissi að þetta myndi lagast

Haukarnir voru ekki góðir fyrir áramót og að berjast í neðri helmingi deildarinnar. Þeir komu sterkir inn eftir áramót og fóru svo í gegnum úrslitakeppnina án þess að tapa einum einasta leik.

„Ég vissi alltaf skýringarnar á þessu. Tjörvi var ekki heill, ekki Janus heldur og Adam var að spila sitt fyrsta tímabil sem aðalskytta. Elías Már var líka farinn þannig að ég gerði mér alveg grein fyrir því að þessar breytingar myndu taka sinn tíma,“ segir Patrekur sem hafði þó fulla trú á að hlutirnir myndu komast í lag.

„Það þurfti bara að púsla þessu saman. Það voru margir efins framan af en ekki ég, ekki Þorgeir formaður og ekki Óskar aðstoðarþjálfarinn minn. Ég settist niður með liðinu eftir tap gegn Aftureldingu í desember og ég fann að allir voru tilbúnir að stefna á það sama. Við fórum líka bara strax í gang eftir HM og töpuðum ekki mörgum leikjum,“ segir hann.

### Til alvarlegri hlutir en að tapa

Patrekur var hársbreidd frá því að vinna Íslandsmeistaratitilinn í fyrra en tapaði á sigurmarki Agnars Smára Jónssonar á síðustu sekúndu leiksins.



**SIGURSTUNDIN** Patrekur Jóhannesson með leikmönnunum Árna Steini Steinþórssyni og Jóni Þorbirni Jóhannssyni eftir leikinn á mánudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Það var erfið stund enda vorum við fjórum mörkum yfir í seinni hálfleik og höfðum verið betra liðið allt tímabilið. Ég var kannski aðallega svekktur þegar ég sá þetta aftur því hann stökk svona langt inn í teig,“ segir Patrekur og hlær við. Hann staldraði ekki lengi við það grátlega tap.

„Það er nú bara þannig að ég er alltaf jafn einbeittur á næstu æfingu og strax eftir leik þurfti ég að fara að gera hluti klára fyrir leiki með Austurríki. Ég er ekkert í því að fara að væla eftir leiki og gerði það ekki heldur sem leikmaður. Það eru til verri hlutir í lífinu en að tapa handboltaleik með einu marki,“ segir Patrekur.

### Titlar segja ekki allt

Þrátt fyrir langan og farsælan feril var Íslandsmeistaratitillinn sem Patrekur fagnaði á mánudagskvöldið sá fyrsti sem hann vinnur.

Hann fór tvisvar í úrslit sem leikmaður KA á tíunda áratugnum en tapaði í bæði skiptin fyrir Val áður en kom að tapinu gegn ÍBV í fyrra.

„Auðvitað er ánægjulegt að vinna þetta loksins. Silfrin tvö með KA voru svekkjandi. Við unnum ekki titilinn þá en liðið var samt tilnefnt sem eitt besta handboltalið sögunnar sem segir sitt. Sumir þjálfarar og leikmenn komast aldrei í úrslitaleiki en ég var áður búinn að vinna bikarinn fimm sinnum,“ segir Patrekur sem segist alveg hafa getað lifað án Íslandsbikarsins á ferilskránni.

„Auðvitað segja titlar ýmislegt en þeir segja ekki alla söguna. Hefðu það verið mín örlög að vinna titilinn aldrei hefði það bara þurft að vera þannig. Þetta er svo mörgum breytum háð eins og með hvaða liðum menn spila.“

### Alltaf að læra

Þjálfaraferillinn fór hægt af stað hjá Patreki en hann hefur náð miklum árangri undanfarin misseri. Hann viðurkennir að hann sé búinn að þroskast mikið sem þjálfari.

„Mér finnst ég vera á réttri leið núna. Þegar ég kom heim 2005 og hætti sem atvinnumaður fór ég í nám. Á þeim tíma hélt ég að ég vissi þetta allt saman sem var bara algjör vitleysa. Auðvitað lendir maður í ýmsu en lykillinn er að vera alltaf tilbúinn að læra af öðrum,“ segir Patrekur og heldur áfram:

„Ef menn eru að væla yfir einhverju sem þeir lenda í eða eftir tapleiki eiga þeir bara að snúa sér að einhverju öðru. Ég veit alveg að ég kann þessa íþrótt en hvort ég muni alltaf vera vinnandi titla kemur bara í ljós. Það tekur enginn af mér það sem ég hef unnið í dag,“ segir Patrekur Jóhannesson.

tomas@365.is, ooj@frettabladid.is

## ALLT ÞEGAR FERNT ER

**LOKAÚRSLITIN 1995**
**Leikmaður með KA**

BIKARMEISTARI **1995**

KA-liðið tapaði í framlengdum oddaleik á móti Val í lokaúrslitunum eftir að hafa verið yfir þegar 4,3 sekúndur voru eftir af venjulegum leiktíma. Patrekur skoraði 28 mörk í 5 leikjum í lokaúrslitunum. Patrekur var kosinn leikmaður ársins og besti sóknarmaðurinn.

**LOKAÚRSLITIN 1996**
**Leikmaður með KA**

DEILDARMEISTARI **1996**
BIKARMEISTARI **1996**

KA-liðið tapaði 3-1 á móti Val í lokaúrslitunum en KA var með heimavallarrétt í úrslitunum. Patrekur skoraði 23 mörk í 4 leikjum í lokaúrslitunum. KA-liðið var búið að vinna alla titla tímabilsins fyrir úrslitakeppnina, meira að segja Meistarakeppnina í byrjun þess. Patrekur var kosinn besti varnarmaðurinn.



**ÚRSLITIN 1995** Patrekur Jóhannesson með Alfreð Gíslasyni í vörn KA og í baráttu við Geir Sveinsson sem er að setja hindrun fyrir Ólafs Stefánsson. FRÉTTABLAÐIÐ/BRYNJAR GAUTI

**LOKAÚRSLITIN 2014**
**Þjálfari hjá Haukum**

DEILDARMEISTARI **2014**
DEILDARBIKARMEISTARAR **2014**
BIKARMEISTARAR **2014**

Haukaliðið tapaði 29-28 á heimavelli á móti nýliðum ÍBV í oddaleik um Íslandsmeistaratitilinn. Haukaliðið var búið að vinna alla titla tímabilsins fyrir úrslitakeppnina.

**LOKAÚRSLITIN 2015**
**Þjálfari hjá Haukum**

Haukaliðið vann alla þrjá leikina við Aftureldingu í lokaúrslitum og varð fyrsta liðið í sögu úrslitakeppninnar sem vinnur alla átta leiki sína í einni úrslitakeppni. Tvö lið höfðu áður farið taplaus í gegnum úrslitakeppnina, Haukar 2005 og HK 2012, en þá þurfti að vinna færri leiki til þess að fara alla leið.




# Risapróf fyrir báða nýliðana í fyrsta leik

Fyrsta umferð Pepsi-deildar kvenna fer fram í dag.

**FÓTBOLTI** Nýliðarnir í Pepsi-deild kvenna fá alvöru próf strax í fyrsta leik í dag þegar KR og Þróttur heimsækja tvö efstu liðin í fyrra en þeim er jafnframt spáð efstu sætunum í ár. KR mætir meisturum Stjörnunnar í Garðabæ og Íslandsmeistaraefnin í Breiðabliki taka á móti Þrótti.

Það vakti athygli fyrr í vikunni þegar Breiðabliki var spáð titlinum en ekki Íslands- og bikarmeisturum Stjörnunnar sem höfðu unnið tvo úrslitaleiki við Blika á rúmri viku með markatölunni 7-1.

Blikar hafa beðið í tíu ár eftir sextánda Íslandsmeistaratitlinum en fyrirliðar, þjálfarar og forráðamenn deildarinnar hafa meiri trú á Blikum heldur en Stjörnuliðinu sem hefur unnið stóran titil fjögur tímabil í röð og vann tvöfalt í fyrsta sinn síðasta sumar. Stjörnuliðið hefur misst lykilmenn en fékk til sín efnilegasta leikmann deildarinnar á síðasta sumar, Guðrúnu Karítas Sigurðardóttur frá ÍA.

Stjarnan missti landsliðsmiðvörðinn Glódísi Perlu Viggósdóttir og fyrirliðann Ásgerði Stefaníu Baldursdóttur og óvissan er um hvaða áhrif það hefur á hina sterku vörn Stjörnuliðsins sem fékk á sig aðeins 16 mörk í 36 deildarleikjum tvö síðustu sumur. Markadrottningin Harpa Þorsteinsdóttir er á sínum stað en hún hefur skorað 55 mörk í 36 leikjum síðustu tvö sumur.

Flestir búast áfram við einvígi á milli Stjörnunnar og Breiðabliks. Selfoss og Þór/KA verða í næstu sætum samkvæmt spánni en bæði lið hafa þó misst sterka leikmenn. Fylkisliðið vakti mikla athygli sem nýliði í fyrra og nú er að sjá hvort Jörundur Áki Sveinsson geti komið liðinu enn ofar í töflunni.

Eyjakonum er spáð sjötta sæti eða sæti ofar en Valsliðinu sem er á tímamótum og hefur aldrei verið spáð neðar. KR verður sá nýliði sem nær að halda sæti sínu á kostnað Aftureldingar sem er spáð falli ásamt nýliðum Þróttar.



**55 MÖRK Á TVEIMUR ÁRUM** Harpa Þorsteinsdóttir úr Stjörnunni.

**Leikir dagsins eru:** Valur-Afturelding, Breiðablik-Þróttur R., Stjarnan-KR og Fylkir-Selfoss (allir klukkan 14.00) og Þór/KA-ÍBV (klukkan 15.30). - óój




TÓNLISTARSJÓÐUR TÓNASTÖÐIN Allt fyrir tónlistarmanninn Radisson BLU SAGA HOTEL, REYKJAVIK HÁSKÓLABÍÓ Reykjavíkurborg midi.is

# DAGSKRÁ



**2 | 20:25**

**MATARGLEÐI EVU**

Í þessum þætti ætlar Eva Laufey að matbúa sína uppáhalds rétti þar sem ofurfæðan lax leikur aðalhlutverkið. Laxaborgari með dillsósu, ofnbakaður lax í hnetuhjúp með jógúrt dressingu og fleira girnilegt.


FRÁBÆR **FIMMTUDAGUR**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

**365**


**2 | 18:55**

**TÖFRALANDIÐ OZ**

Skemmtileg teiknimynd fyrir alla fjölskylduna um Dórótheu sem snýr aftur til OZ til að frelsa vini sína úr klóm vonda hirðfíflsins.!



**2 | 20:50**

**BATTLE CREEK**

Glæpaþættir með gamansömu ívafi sem fjalla um tvo afar ólíka rannsóknalögreglumenn en þeir hafa mismunandi skoðun á öllum hlutum!



**2 | 21:35**

**THE BLACKLIST**

Önnur þáttaröðin með James Spader í hlutverki eins eftirlýstasta glæpamanns heims, Raymond Red Reddington.



**2 | 22:20**

**THE FOLLOWING**

Þriðja þáttaröðin um fjöldamorðingjann, Joe Carroll og lögreglumanninn, Ryan Hardy. Hörkuspennandi þættir.




**b | 22:00**

**NOAH**

Russell Crowe leikur hinn sögufræga Nóa úr biblíusögunni um Örkina hans Nóa.



**Krakkastöðin | 07:00-20:30**

**BARNAEFNI ALLA DAGA**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. Nánari upplýsingar á **365.is**


## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**07.01** **Doddi litli og Eyrnastór**
**07.10** **Elías**
**07.20** **Latabæjarhátíð í Höllinni**
**08.35** **Mæja býfluga**
**08.50** **Svampur Sveins**
**09.15** **Dino Mom**
**10.40** **Eyrnalausa kanínan og kjúklingurinn vinur hennar**
**11.55** **Ninja-skjaldbökurnar**
**12.15** **iCarly**
**12.35** **The Middle**
**13.00** **Enlightened**
**13.30** **The O.C.**
**14.15** **Up All Night**
**14.35** **Dumb and Dumber**
**16.25** **Justin Bieber's Believe**
**18.00** **Simpson-fjölskyldan**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.55** **Töfralandið OZ**
**20.25** **Matargleði Evu** Fróðleg og freistandi þáttaröð þar sem Eva Laufey Hermannsdóttir leggur ríka áherslu á að elda góðan og fjölbreyttan mat frá grunni. Í hverjum þætti verður sérstakt þema tekið fyrir og verður farið um víðan völl í matargerðinni. Ferskt pasta, franskar makkarónur, humarsúpa, ítalskar kjötbollur, skyrkaka, bröns, barnamauk og matur fyrir þau yngstu, súkkulaðikökur, pestó og kjúklingasalöt eru dæmi um rétti sem Eva matreiðir í þáttunum. Eva kennir áhorfendum að töfra þá fram á skemmtilegan hátt.
**20.55** **Battle Creek** Glæpaþættir með gamansömu ívafi með Josh Duhamel og Dean Winters í aðalhlutverkum. Þættirnir fjalla um tvo afar ólíka rannsóknarlögreglumenn sem hafa mismunandi skoðun á nákvæmlega öllu. Á einhvern undarlegan hátt ná þeir þó saman í starfi og vinna að því að uppræta glæpi á götum Battle Creek.
**21.40** **The Blacklist** Önnur spennuþáttaröðin með James Spader í hlutverki hins magnaða Raymonds Reddington eða Red, sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandarískum yfirvöldum. Hann gaf sig fram og bauðst til að aðstoða FBI við að hafa hendur í hári glæpamanna og hryðjuverkamanna með því skilyrði að hann fengi að vinna með ungum nýliða innan FBI, Elizabeth Keen.
**22.30** **The Following**
**23.15** **The Following**
**00.00** **Mad Men**
**00.50** **Better Call Saul**
**01.40** **Kalifornia**
**03.35** **Dumb and Dumber**
**05.20** **Justin Bieber's Believe**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.10** **Meistarad. - Meistaramörk**
**07.30** **Meistaradeildin - Meistaramörk**
**07.50** **Evrópudeildarmörkin**
**08.20** **Barcelona - Real Sociedad**
**10.00** **Real Madrid - Valencia**
**11.40** **Spænsku mörkin 14/15**
**12.10** **Leiknir R - ÍA**
**13.55** **Pepsímörkin 2015**
**15.10** **Atlanta - Washington: Leikur 5**
**17.00** **Real Madrid - Juventus**
**18.40** **Meistarad. - Meistaramörk**
**19.00** **Fiorentona - Sevilla** Beint
**21.00** **Goðsagnir - Pétur Ormslev**
**21.35** **Þegar Gaupi hitti Bogdan**
**22.10** **Box - Alvarez vs. Kirkland**
**23.50** **Dnipro - Napolí**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**10.40** **Everton - Sunderland**
**12.20** **Brentford - Middlesbrough**
**14.10** **Aston Villa - West Ham**
**15.50** **Crystal Palace - Man. Utd.**
**17.40** **Messan**
**18.40** **Premier League World**
**19.10** **Leicester - Southampton**
**21.00** **Chelsea - Liverpool**
**22.45** **Newcastle - WBA**
**00.25** **Premier League Review**
**01.20** **Premier League World**

## STÖÐ 3

**18.50** **Community**
**19.10** **Last Man Standing**
**19.35** **Hot in Cleveland**
**20.00** **American Idol**
**20.40** **Supernatural**
**21.25** **The Lottery**
**22.10** **American Horror Story**
**23.05** **Community**
**23.25** **Last Man Standing**
**23.50** **Hot in Cleveland**
**00.10** **American Idol**
**00.50** **Supernatural**
**01.30** **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## Krakkastöðin

**07.00** Strumparnir **07.25** Ævintýri Tinna **07.47** Latibær **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.45** Tom and Jerry **09.55** Leyndarmál vísindanna **10.00** Stóri og Litli **10.13** Lína Langsokkur **10.35** Ljóti andarunginn og ég **11.00** Strumparnir **11.25** Ævintýri Tinna **11.50** Latibær **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.45** Tom and Jerry **13.55** Leyndarmál vísindanna **14.00** Lína Langsokkur **14.22** Ljóti andarunginn og ég **14.47** Stóri og Litli **15.00** Strumparnir **15.25** Ævintýri Tinna **15.50** Latibær **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.45** Tom and Jerry **17.55** Leyndarmál vísindanna **18.00** Lína Langsokkur **18.22** Ljóti andarunginn og ég **18.47** Stóri og Litli **19.00** Flóttinn frá jörðu

## GULLSTÖÐIN

**18.20** **Friends**
**18.40** **Modern Family**
**19.05** **Mike & Molly**
**19.30** **The Big Bang Theory**
**19.55** **Sullivan & Son**
**20.15** **H8R**
**21.00** **The Newsroom**
**22.00** **Ally McBeal**
**22.45** **Arrested Development**
**23.15** **Sullivan & Son**
**23.35** **H8R**
**00.20** **The Newsroom**
**01.15** **Ally McBeal**
**01.55** **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## BÍÓSTÖÐIN

**08.35** **I Melt with You**
**10.40** **Silver Linings Playbook**
**12.40** **Anchorman – The Legend of Ron Burgundy**
**14.15** **Jane Eyre**
**16.15** **I Melt with You**
**18.20** **Silver Linings Playbook**
**20.25** **Anchorman – The Legend of Ron Burgundy**
**22.00** **Noah**
**00.20** **Alex Cross**
**02.00** **Dylan Dog**
**03.50** **Noah**

## ÍNN

**20.00** **Hrafnaþing á Vestfjörðum**
**21.00** **Auðlindakistan**
**21.30** **Suðurnesjamagasín**

## RÚV

**08.00** **Morgunstundin okkar**
**08.01** **Froskur og vinir**
**08.08** **Einar Áskell**
**08.20** **Friðþjófur forvitni**
**08.43** **Franklín og vinir hans**
**09.05** **Kúlugúbbarnir**
**09.28** **Sigga Liggalá**
**09.40** **Robbi og skrímsli**
**10.02** **Drekar: Knapar Birkeyjar**
**10.25** **Dagfinnur dýralæknir**
**11.50** **Beint frá burði**
**14.15** **Malala – Skotin vegna skólagöngu**
**14.45** **Kitty Kitty Bang Bang**
**17.05** **Öldin hennar**
**17.10** **Vísindahorn Ævars**
**17.20** **Stundin okkar**
**17.45** **Kung Fu Panda**
**18.07** **Nína Pataló**
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Sterkasti maður á Íslandi – Sjóarinn síkáti**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Konunglegar kræsingar** Danskur matreiðsluþáttur með konunglegu ívafi.
**20.05** **ABBA í myndum – ABBA in Pictures**
**20.55** **Frú Biggs** Bresk sjónvarpsþáttaröð byggð á sannsögulegum heimildum.
**21.40** **Ófullkominn glæpur**
**23.10** **Baráttan um þungavatnið**
**23.55** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond**
**08.20** **Dr. Phil**
**09.00** **The Talk**
**09.45** **Pepsi MAX tónlist**
**13.25** **Cheers**
**13.51** **The Voice**
**15.26** **The Voice**
**16.11** **Black-ish**
**16.34** **The Odd Couple**
**16.59** **Survivor**
**17.42** **Dr. Phil**
**18.22** **The Talk**
**19.01** **Minute to Win It Ísland**
**19.49** **America's Funniest Home Videos** Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**20.15** **Royal Pains**
**21.00** **Scandal**
**21.48** **American Crime**
**22.31** **Sex & the City**
**22.55** **Nurse Jackie**
**23.25** **Law & Order**
**00.10** **Allegiance**
**00.55** **Penny Dreadful**
**01.40** **Scandal**
**02.25** **American Crime**
**03.10** **Sex & the City**
**03.35** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** **Golfing World 2015**
**08.50** **PGA Tour 2015**
**12.25** **PGA Tour 2015 – Highlights**
**13.20** **Golfing World 2015**
**14.10** **PGA Tour 2015**
**17.45** **Golfing World 2015**
**18.35** **Inside the PGA Tour 2015**
**19.00** **PGA Tour 2015**
**23.00** **Inside the PGA Tour 2015**

## HRINGBRAUT

**10.00** Mannamál *(e)* **10.45** Heimsljós *(e)* **11.15** 433.is *(e)* **11.45** Eðaltónar **12.00** Mannamál *(e)* **12.45** Heimsljós *(e)* **13.15** 433.is *(e)* **13.45** Eðaltónar *(e)* **14.00** Mannamál *(e)* **14.45** Heimsljós *(e)* **15.15** 433.is *(e)* **15.45** Eðaltónar *(e)* **16.00** Mannamál *(e)* **16.45** Heimsljós *(e)* **17.15** 433.is *(e)* **17.45** Eðaltónar *(e)* **18.00** Mannamál *(e)* **18.45** Heimsljós *(e)* **19.15** 433.is *(e)* **19.45** Eðaltónar *(e)* **20.00** Lakagígar – saga og náttúra **21.00** Sjónarhorn **21.30** Lífsins list **22.00** Lakagígar – saga og náttúra **23.00** Sjónarhorn *(e)* **23.30** Lífsins list *(e)*

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



GUNNAR HANSSON VÍKINGUR KRISTJÁNSSON SAGA GARÐARSDÓTTIR
- HULDA GEIRSDÓTTIR, RÁS 2
„Fyrsti íslenski sumarsmellurinn“
- HJÖRDÍS STEFÁNSDÓTTIR, MORGUNBLAÐIÐ
„Man ekki eftir að hafa skemmt mér jafn vel í bíó lengi og mæli hiklaust með henni“
- KJARTAN MÁR ÓMARSSON, FRÉTTABLAÐIÐ
„Bakk fær sex stjörnur af fimm.“
- MÁNI Í HARMAGEDDON Á XINU.
„Hef ekki hlegið svona mikið í bíó í langan tíma! Þetta er myndin sem íslenskir bíóáhorfendur hafa verið að bíða eftir“
- STEFÁN MÁNI RITHÖFUNDUR
BAKK
LEIKSTJÓRN GUNNAR HANSSON OG DAVÍÐ ÓSKAR ÓLAFSSON
KOMIN Í BÍÓ
mystery
sena
B|L

## MORGUNMATURINN



**Svona hversdags þá myndi það vera hafragrautur með cookies and cream-próteini en um helgar jafnast ekkert á við amerískar pönnukökur, egg og beikon ásamt öllu öðru sem góðum bröns fylgir.**

Fanney Ingvarsdóttir, yfirumsjónarmaður Ungfrú Ísland 2015.

# Gróf í tali en með hreint hjarta

Sigurður Anton Friðþjófsson skrifar og leikstýrir Webcam sem frumsýnd er í sumar.

„Fyrst og fremst er þetta mynd um manneskjur,“ segir Sigurður Anton Friðþjófsson, handritshöfundur og leikstjóri kvikmyndarinnar Webcam, sem frumsýnd verður þann áttunda júlí.

Myndin fjallar um unga stúlku sem fækkar fötum fyrir framan vefmyndavél og gerist svokölluð camgirl og hvers konar áhrif það hefur á hana og sambönd hennar við vini, kærasta og fjölskyldu. Þetta er önnur mynd Sigurðar í fullri lengd og stikla myndarinnar er frumsýnd á Vísi í dag.

„Hún er ekki ögrandi, kannski pínu gróf. Gróf í tali en með hreint hjarta,“ segir hann hlæjandi um myndina sem flokkuð er sem gamanmynd.

Sigurður er hvorki menntaður í kvikmynda- né handritagerð en hann hefur lengi haft áhuga á skrifum. „Mér finnst skemmtilegast að skrifa, það er svona númer eitt, tvö og þrjú.“

Karakterana skrifaði Sigurður flesta með ákveðna leikara í huga. „En ég hafði ekki hugmynd um hver ætti að vera í aðalhlutverkinu,“ segir hann. Úr varð að Anna Hafþórsdóttir, sem margir kannast við úr þáttunum um Tinna og Tóta, fer með hlutverk vefmyndavélastúlkunnar. Henni kynntist Sigurður þegar hún fór með hlutverk í stuttmyndinni Sól sem Sigurður skrifaði og framleiddi. „Það klikkaði einhvern veginn og ég fann að hún var fullkomin fyrir þetta.“

Myndin var tekin á sextán dögum og því lítið sem mátti út af bregða. „Þetta var bara eitt stórt ævintýri og gekk rosalega vel,“ segir Sigurður ánægður að lokum. **- gló**



**SKEMMTILEGT AÐ SKRIFA** Sigurður Anton hefur skrifað frá unga aldri og væntanleg er hans önnur kvikmynd í fullri lengd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






**UPPFINNINGAMAÐUR** Hinn fjórtán ára gamli Jens Elí Gunnarsson stefnir á að verða verkfræðingur.

# Fjórtán ára frumkvöðull bjó til tölvu

Hinn fjórtán ára gamli Jens Elí Gunnarsson er mikill föndrari og uppfinningamaður. Hann hefur smíðað ýmsa hluti upp úr nánast engu frá fimm ára aldri.

„Ég er búinn að vera að gera þetta frá því ég var fimm ára og hef mjög gaman af þessu,“ segir uppfinningamaðurinn og föndrarinn Jens Elí Gunnarsson. Hann er aðeins fjórtán ára gamall og hefur frá fimm ára aldri verið ákaflega iðinn við það að búa til ýmsa hluti úr nánast engu.

Nýjasta uppfinning hans er Wii-fartölva sem er í raun einstök og kallar hann uppfinninguna Grape Computer. „Þetta er í raun bæði Wii-tölva og DVD-spilari, það er skjár í henni og hún gengur fyrir einni snúru. Hún er með hátalara og heyrnartól og maður getur slökkt og kveikt á þeim hlutum sem eru í tölvunni. Þetta byrjaði samt allt á því á að frændi minn kom með skjá til mín, svo stytti ég allar snúrur til að þær myndu passa í boxið sem hýsir tölvuna. Svo var nóg pláss eftir og setti ég þá DVD-spilara boxið þannig að ég get spilað og horft,“ útskýrir Jens Elí. Þessi nýja uppfinning hans er þó ekki fullkláruð. „Ég á eftir að laga lúkkið aðeins,“ bætir Jens Elí við og hlær.

Spurður út í uppruna fiktsins segir Jens Elí að frændur hans hafi átt sinn þátt í að kveikja áhugann á uppfinningaseminni. „Ég byrjaði hjá frændum mínum og var mikið að skoða hvað þeir voru að gera. Ég var líka mikið að skrúfa í sundur sjónvörp og svoleiðis. Svo fór ég að skoða á netinu og gúglaði setninguna how to make something. Ég gúglaði meðal annars hvernig á að gera Play Station-fartölvu,“ segir Jens Elí.



**TRYLLT TRÉBYSSA** Byssa sem Jens Elí bjó til en hún skýtur teygjum.

Í föðurfjölskyldu hans er mikið af iðnhönnuðum og því mikið verksvit og áhugi í blóðinu.

Hann fór svo fljótlega í búðina Íhluti og létu starfsmenn búðarinnar hann hafa stóra bók með hlutum sem henta í smíði líkt og Jens Elí fæst við. Þá er hann tíður gestur í hinum ýmsu byggingavöruverslunum þegar hann er í leit að hinum ýmsu hlutum.

Í framtíðinni langar hann að verða verkfræðingur. „Ég er að vinna hjá pabba mínum þegar ég er ekki í skólanum en hann er húsasmiður. Ég hef gaman af því að smíða og nota svo launin sem ég fæ frá pabba til að kaupa hluti til að búa til hitt og þetta.“



**GRAPE COMPUTER** Einstök tölva, blanda af Wii-tölvu og DVD-spilara.

Það ætti að koma fáum á óvart að Jens Elí stendur sig vel í smíði í skólanum. „Ég fæ alltaf 10 í smíði,“ segir Jens Elí og hlær. „Ég hef verið að reyna að finna nám á netinu fyrir unglinga sem hafa áhuga á að læra ýmislegt um svona tækni og hönnun. Það er samt yfirleitt allt á háskólastigi, því miður,“ bætir Jens Elí við, en hann vill ólmur komast í verkfræðitengt nám sem fyrst.

Þó að hann komist ekki í nám tengt áhugamáli sínu fyrst um sinn smíðar hann hina ýmsu hluti og má þar nefna trébyssu sem skýtur nokkrum teygjum í einu og hleður sig, Iron Man-hjálm með ljósi inni í og stól, svo sitt hvað sé nefnt.

**gunnarleo@frettabladid.is**




**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


ÖLL BESTU LÖG TINU TURNER Í VIÐAMESTU UPPFÆRSLU RIGG VIÐBURÐA TIL ÞESSA
BRYNDÍS ÁSMUNDS
STEFANÍA SVAVARS
JÓHANNES HAUKUR
SIGGA BEINTEINS
VIGNIR SNÆR
REGÍNA ÓSK
ERNA HRÖNN
ÞÚ VILT EKKI MISSA AF ÞESSU!
THE BEST, RIVER DEEP MOUNTAIN HIGH, PROUD MARY, PRIVATE DANCER, WHAT'S LOVE GOT TO DO WITH IT, A FOOL IN LOVE, GOLDEN EYE, WE DONT NEED ANOTHER HERO NUTBUSH CITY LIMITS OG FLEIRI STÓRSMELLIR
TÓNLEIKASÝNING SUMARSINS
MÖGNUÐ UPPLIFUN
TÓNLEIKASÝNING RIGG VIÐBURÐA
TINA
DROTTNING ROKKSINS
HLJÓMSVEIT RIGG VIÐBURÐA ÁSAMT DÖNSURUM
DANSHÖFUNDUR: YESMINE OLSSON BÚNINGAMEISTARI: FILIPPÍA ELISDÓTTIR STJÓRNANDI: FRIÐRIK ÓMAR
4. SÝNING
LAUGARDAGSKVÖLDIÐ
13. JÚNÍ KL. 20:00
ELDBORG-HARPA
MIÐASALA ER HAFIN Á HARPA.IS OG Í SÍMA 528-5050.
MIÐAVERÐ FRÁ 5990-9990
RIGG VIÐBURÐIR

# Broil King

Grillin frá Broil King eru hönnuð og framleidd fyrir kröfuharða viðskiptavini.



BK KLÚBBTILBOÐ

BROIL KING gasgrill GEM SUPER, 11,5 kW.

39.995 kr.

50657518 Almennt verð: 49.995

**BROIL KING gasgrill GEM SUPER,** 8,8 kW, ryðfrítt stál brennarakerfi, aðal eldunarsvæði er 49x32,5 cm, postulínshúðaðar grillgrindur, ryðfrítt Flave-R-Wave™ eldunarkerfi, Linear-Flow™ stillanlegir gaskranar, Sure-Lite™ kveikikerfi, Accu-Temp™ hitamælir í loki.



Broil King

**BROIL KING Gasgrill MONARCH 320,** 8,8 kW, ryðfrítt Dual-Tube brennarakerfi, aðal eldunarsvæði er 57x37cm, grillgrindur úr pottjárni, ryðfrítt Flave-R-Wave™ eldunarkerfi, þrír ryðfríir Dual-Tube™ brennarar, Linear-Flow™ stillanlegir gaskranar, Sure-Lite™ elektrónískt kveikikerfi, Accu-Temp™ hitamælir í loki.

BROIL KING Gasgrill MONARCH 320,

69.995 kr.

50657510



Broil King

**BROIL KING Gasgrill SIGNET 20,** 11,7 kW, ryðfrítt Dual-Tube brennarakerfi, aðal eldunarsvæði er 67x38cm, grillgrindur úr pottjárni, ryðfrítt Flave-R-Wave™ eldunarkerfi, þrír ryðfríir Dual-Tube™ brennarar, Linear-Flow™ stillanlegir gaskranar, Sure-Lite™ elektrónískt kveikikerfi, Accu-Temp™ hitamælir í loki.

99.995 kr.

50657504



# GERUM ÞAÐ



**WEBER Q3200** gasgrill á fótum, 6,35 kW.

84.995 kr.

50650021



**WEBER Q2200** gasgrill á fótum, 3,51 kW.

57.995 kr.

50650003



**OUTBACK gasgrill Hunter,** 11,88 kW, grænt, 3 brennarar úr pottjárni, eldunarsvæði er 64x42 cm, 2 postlínshúðaðar grillgrindur.

BK KLÚBBTILBOÐ

OUTBACK gasgrill Hunter.

54.995 kr.

50630086 Almennt verð: 64.995



**GRILLPRO Gasgrill 24025,** 7,3 kW, 2 brennarar, eldunarsvæði 51x29cm, Accu-flow gaskranar, postulínhúðaðar grillgrindur, álhúðað stál eldunarkerfi, Perma-Mold™ hliðarborðin.

32.995 kr.

50657522



BK KLÚBBTILBOÐ

NAPOLEON gasgrill TRIUMPH 495.

119.995 kr.

506600034 Almennt verð: 139.995 kr.

**NAPOLEON gasgrill TRIUMPH 495** 18,4 kw, 4+1 brennarar, eldunarsvæði 43x72 cm, hliðarbrennari, JETFIRE kveikikerfi, innbyggður upptakari, niðurfellanleg hliðarborð, pottjárns WAVE grillgrindur, ACCU-PROBE hitamælir.



**NAPOLEON gasgrill TRIUMPH 410,** 14,4 kw, 3+1 brennarar, eldunarsvæði 43x59 cm, hliðarbrennari, JETFIRE kveikikerfi, innbyggður upptakari, niðurfellanleg hliðarborð, pottjárns WAVE grillgrindur, ACCU-PROBE hitamælir.

109.995 kr.

506600032



**NAPOLEON ferðagasgrill TravelQ m/vagni,** 4,1 kW, tvöfaldur brennari úr ryfríu stáli, eldunarsvæði 37x54 cm, JETFIRE kveikikerfi, pottjárns WAVE grillgrindur, ACCU-PROBE hitamælir í loki, auðvelt að taka í sundur og setja saman, hliðarborð með snögum.

69.995 kr.

506600012



**NAPOLEON gasgrill LE 3** ryðfrítt, 22,2 kw, 3+1 brennarar, eldunar-svæði 46x68 cm, innrauður „SIZZLE ZONE" hliðarbrennari, innrauður bakbrennari, postulínhúðaðar grillgrindur, i-GLOW baklýstir hnappar, pottjárns WAVE grillgrindur, innbyggt ljós í grilli, klakabox, skurðarbretti.

189.995 kr.

506600040

# 20% AFSLÁTTUR

# GRILLFYLGIHLUTIR OG VARAHLUTIR



# PALLA- OG GIRÐINGAEFNI

## FURA
Alhefluð

NÝ VARA
AB-gagnvarin, 27x145 mm.
325 kr./lm.*
0058326

AB-gagnvarin, 22x95 mm.
185 kr./lm.*
0058254

AB-gagnvarin, 45x95 mm.
295 kr./lm.*
0058504

Gagnvarin Eco-grade, 27x95 mm.
185 kr./lm.
0058274

AB-gagnvarin, 45x145 mm.
485 kr./lm.*
0058506

AB-gagnvarin, 27x95 mm.
215 kr./lm.*
0058324

A-gagnvarin, 95x95 mm.
715 kr./lm.*
0059954

*4,5 m og styttra.

## LERKI

Alheflað 27x117 mm.
595 kr./lm.
0053265

Alheflað 27x143 mm.
785 kr./lm.
0053266

NÝ VARA
Rásað 27x117 mm.
675 kr./lm.
0053275

NÝ VARA
Rásað 27x143 mm.
795 kr./lm.
0053276

Reiknaðu út efnismagn í girðinguna og pallinn á BYKO.is


SPEKTER pallaskrúbbur.
2.995 kr.
84105030


Viðarskoli, 1 l.
1.665 kr.
86333010

GÓÐ KAUP


GJØCO pallaolía, ljósbrún,
2.395 kr.
80602503


Penslasett, grænt, 25, 38 og 63 mm.
985 kr.
84175700

# GOTT Í SUMAR


ILLGRESIS-EYÐIR
CASORON G illgresiseyðir, 1 kg.
3.995 kr.
55095013


Mosaeyðir, 5 kg.
4.935 kr.
55097052


BK KLÚBBTILBOÐ
Blákraftur 10 eða 25 kg, einkorna.
Verð frá:
1.995 kr.
55095039/160
Almennt verð frá: 2.495 kr.


20% AFSLÁTTUR
AF HAND-GARÐVERKFÆRUM


BK KLÚBBTILBOÐ
Einhell dreifari BG-SR 12.
2.995 kr.
74830055 Almennt verð: 3.995 kr.


ÍSLENSK SUMARBLÓM, KRYDDJURTIR, TRÉ OG RUNNAR

VELKOMIN Í GRÆNLAND
BYKO BREIDD

20% AFSLÁTTUR
AF HJÓLUM OG FYLGIHLUTUM


30% AFSLÁTTUR
Reiðhjól, 26", grænt.
22.995 kr.
49620230 Almennt verð: 32.995

byko.is

OPIÐ UPPSTIGNINGARDAG
SJÁ NÁNAR Á BYKO.IS

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Afslættir gilda 14 - 17. maí.

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### María með lukkugrip

„Ég held að gripurinn muni pottþétt koma til með að veita mér mikla lukku," segir söngkonan og Eurovision-prinsessan okkar **María Ólafsdóttir**. Hún fór út til Vínar í gær ásamt hópnum, en tók þó með sér sérstakan lukkugrip sem tónlistarmaðurinn og fyrrverandi Eurovision-farinn Friðrik Ómar Hjörleifsson lét hana hafa eftir að hún sigraði í keppninni hér á landi. „Þessi gripur hefur gengið manna á milli en samt alltaf endað hjá mér í millitíðinni. Þetta eru íslensk tröll sem bera íslenskan fána, þetta eru hinar sönnu íslensku rætur," segir Friðrik Ómar léttur í lundu spurður út í gripinn. „Hann á sér allavega sex ára sögu því hann fór fyrst út með Jóhönnu Guðrúnu árið 2009 og hann hefur því líklega farið víðar heldur en flestir aðrir lukkugripir. Hann á eftir að veita Maríu lukku, það er alveg pottþétt," bætir Friðrik Ómar við og hlær.



- ga

### Borko kennir börnum á ipad

Tónlistarmaðurinn **Björn Kristjánsson**, betur þekktur sem Borko, fer með börn í hljóðsmölunarleiðangra um Laugardalinn og aðstoðar þau við að búa til hljóð- og tónverk úr afrakstrinum. Námskeiðið heitir Snjalltónar og hefur vakið mikla lukku. Björn er jafnframt starfandi tónlistarmaður og hefur spilað með hljómsveitum á borð við FM Belfast, Prins Póló og Skakkamanage, ásamt því að halda úti sólóverkefni sínu, Borko.



- ngy

## Mest lesið VÍSIR

1 Stúdentsefni í MS staðin að svindli: Fá ekki að útskrifast með samnemendum sínum
2 Mannslát í Hafnarfirði: Hin grunaða neitaði sök
3 „Íslendingar eru mjög duglegir að koma sér í vandræði í Ameríku"
4 Bátur strandaði við Hópsnes: Öllum um borð bjargað
5 Segja reglur Þjóðskrár brjóta í bága við trúfrelsi
6 Bændur ósáttir við „Beint frá bónda" í Bónus

Mallorca
er komin í
Heita pottinn
Verð frá 21.900 kr.
aðra leið og taska innifalin
plús FERÐIR
www.plusferdir.is

